

Gerðir aukakirkjuþings 2017

55. kirkjuþing,

haldið í Neskirkju

30. mars 2017

Gerðir kirkjuþings 2017

56. kirkjuþing,

haldið í Vídalínskirkju

11.-15. nóvember 2017

og

10. mars 2018

Efnisyfirlit

1. mál aukakirkjuþings 2017. Starfsreglur um kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa	5
2. mál aukakirkjuþings 2017. Starfsreglur um breytingu á starfsreglum um val og veitingu prestsembætta nr. 144/2016, með síðari breytingum	11
Gerðir kirkjuþings 2017.....	13

1. mál aukakirkjuþings 2017
Flutt af löggjafarnefnd

Starfsreglur um kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa

1. gr.

Kjörgengi.

■ Kjörgengur til embættis biskups Íslands og vígslubiskupa er hver guðfræðikandidat sem full-nægir skilyrðum til þess að gegna prestsembætti í íslensku þjóðkirkjunni.

2. gr.

Kjördeild.

■ Kosið skal í einni kjördeild.

3. gr.

Kosningarréttur við kjör biskups Íslands.

■ A. Kosningarréttur vígðra:

Biskup Íslands og vígslubiskupar eiga kosningarrétt við biskupskjör. Auk þeirra á kosningarrétt hver sá sem vígslu hefur hlotið og er:

- a) þjónandi prestur eða djákni íslensku þjóðkirkjunnar eða hjá íslenskum söfnuði þjóð-kirkjunnar erlendis og er í föstu og launuðu starfi sem slíkur, eða
- b) þjónandi prestur eða djákni sem lýtur tilsjón biskups Íslands og er í föstu og launuðu starfi á vegum stofnunar og/eða félagasamtaka hér á landi.

Prestur eða djákni í tímabundnu leyfi, allt að tveimur árum, nýtur kosningarréttar.

Prestur sem settur er til þjónustu tímabundið nýtur ekki kosningarréttar nema í þeim tilfellum þar sem ekki er skipaður prestur fyrir.

Prestur, sem sinnir aukþjónustu, nýtur ekki kosningarréttar fyrir það embætti sem hann sinnir aukþjónustu í.

Djákni skal vera ráðinn til a.m.k. eins árs eða ótímabundið til að njóta kosningarréttar.

Prestur eða djákni sem látið hefur af þjónustu nýtur ekki kosningarréttar.

Kosningarrétt eiga vígðir kennarar í föstu starfi við guðfræði- og trúarbragðafræðideild Háskóla Íslands og vígðir starfsmenn á biskupsstofu sem eru í föstu starfi.

□ B. Kosningarréttur leikmanna:

- a) kjörmenn prestakalla, sbr. 7. gr. starfsreglna um val og veitingu prestsembætta nr. 144/2016, með síðari breytingum,
- b) þeir leikmenn sem sæti eiga í kirkjuráði og á kirkjuþingi.

4. gr.

Kosningarréttur við kjör vígslubiskupa.

■ Kosningarrétt við vígslubiskupskjör eiga þeir sömu og réttinn eiga skv. 3. gr. og tilheyra prófastsdæmi sem er í því umdæmi vígslubiskups sem kosið er í.

- Þjónandi prestur eða djákni hjá íslenskum söfnuði þjóðkirkjunnar erlendis, sbr. a) lið 1. mgr. 3. gr., nýtur kosningarréttar í umdæmi vígslubiskups í Skálholti.
- Þjónandi prestur eða djákni, sbr. b) lið 1. mgr. 3. gr., nýtur kosningarréttar í því umdæmi vígslu-biskups sem viðkomandi starfar.
- Kosningarrétt eiga kirkjuþingsmenn, kirkjuráðsmenn, vígðir kennarar í föstu starfi við guðfræði- og trúarbragðafræðideild Háskóla Íslands og vígðir starfsmenn á biskupsstofu sem eru í föstu starfi.

5. gr.

Viðmið kosningarréttar.

- Skilyrði kosningarréttar skv. 3. og 4. gr. skulu uppfyllt þremur vikum áður en tilnefning hefst og skal kjósandi vera skráður í þjóðkirkjuna þann dag.

6. gr.

Kjörstjórn.

- Kjörstjórn við kirkjuþingskjör, sbr. starfsreglur um kjör til kirkjuþings, er jafnframt kjörstjórn við kjör samkvæmt starfsreglum þessum.

7. gr.

Ákvörðun um hvenær kosning fer fram.

- Kjörstjórn ákveður hvenær kjörgögn skulu send þeim sem kosningarbærir eru við kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa. Með útsendingu kjörgagna hefst kosning skv. 14. gr. Jafnframt ákveður kjörstjórn hvenær kosningu lýkur, sbr. 14. gr.
- Ákvarðanir kjörstjórnar skv. 1. mgr. eru háðar samþykki kirkjuráðs.

8. gr.

Kjörskrá.

- Kjörskrá skal vera rafræn og annast kjörstjórn gerð hennar á grundvelli gagna frá biskupsstofu og Þjóðskrá Íslands og vinnsluheimilda þaðan ef við á.
- Á kjörskrá skal taka þá sem uppfylla skilyrði 3. eða 4. gr. eftir því sem við á, sbr. 5. gr., og þar skulu koma fram upplýsingar um nafn kjósanda, lögheimili hans og kennitölu. Kjörskrá skal hafa verið gerð tveimur vikum áður en tilnefning, skv. 3. mgr. 10. gr. hefst.
- Þegar kjörskrá er tilbúin skal kjörstjórn auglýsa það á vefsíðu þjóðkirkjunnar og í prentuðum dagblöðum. Í auglýsingunni skal taka fram að þeir sem vilja koma að athugasemdum við kjörskrá skuli senda þær kjörstjórn.
- Þegar kjörskrá hefur verið gerð getur viðkomandi kannað á þar til gerðu vefsetri hvort nafn hans er á kjörskrá. Við aðgang að vefsetrinu er notuð almenn innskráningarpjónusta sem kjörstjórn ákveður, s.s. rafræn skilríki eða Íslykill Þjóðskrár Íslands.

9. gr.

Leiðréttingar á kjörskrá.

- Athugasemdir vegna kjörskrár skulu berast kjörstjórn eigi síðar en fimm sólarhringum

áður en tilnefning hefst, sbr. 3. mgr. 10. gr. Kjörstjórn skal þegar taka til meðferðar athugasemdir sem henni berast vegna kjörskrár og gera viðeigandi leiðréttingar á henni. Kjörstjórn skal í síðasta lagi gera leiðréttingar á kjörskrá tveimur sólarhringum áður en tilnefning hefst. Ef kjörstjórn verður þess áskynja að villa hafi átt sér stað við kjörskrárgerðina skal hún leiðrétt. Óheimilt er að breyta kjörskrá ef skilyrði 5. gr. hafa ekki verið uppfyllt fyrir þann tíma sem þar greinir.

Berist kjörstjórn athugasemd þess efnis að nafn skuli tekið af eða sett á kjörskrá skal það þegar, sannanlega, tilkynnt hlutaðeigandi nema athugasemdin stafi frá honum sjálfum. Skal hlutaðeigandi veittur frestur, eftir því sem tími og atvik leyfa, til að koma að athugasemdum. Kjörstjórn skal þegar í stað tilkynna hlutaðeigandi um niðurstöðu málsins með sannanlegum hætti.

Kjörstjórn skal fram að þeim degi er tilnefning hefst leiðrétt kjörskrá ef henni berst vitneskja um andlát manns sem er á skránni.

Ákvörðun kjörstjórnar um leiðréttingu á kjörskrá má skjóta til yfirkjörstjórnar þjóðkirkjunnar. Skal niðurstaða yfirkjörstjórnar liggja fyrir ekki síðar en einum sólarhring áður en tilnefning hefst.

10. gr.

Tilnefning til biskups Íslands og vígslubiskups.

■ Hver vígður maður sem kosningarréttar nýtur skv. 3. gr. hefur rétt á að tilnefna allt að þrjá einstaklinga sem uppfylla skilyrði 1. gr. til kjörs biskups Íslands.

Hver vígður maður sem kosningarréttar nýtur skv. 4. gr. hefur rétt á að tilnefna allt að þrjá einstaklinga sem uppfylla skilyrði 1. gr. til kjörs vígslubiskups.

Tilnefning skv. 1. og 2. mgr. skal hefjast a.m.k. fimm vikum áður en kjör til biskups Íslands eða vígslubiskups hefst.

11. gr.

Framkvæmd og fyrirkomulag tilnefninga.

■ Tilnefningin skal vera rafræn og standa í fimm sólarhringa samfellt. Skal henni lokið a.m.k. fjórum vikum áður en kosning biskups Íslands eða vígslubiskups hefst.

Kjörstjórn sér um undirbúning og ákveður nánari framkvæmd tilnefningarinnar, en biskupsstofa skal sjá til þess að aðgangur sé tryggur að öruggu kosningakerfi til að nota við tilnefninguna. Tryggt skal að kerfi það sem notað er sé þannig úr garði gert að ekki sé hægt að breyta tilnefningu án þess að það sé greinanlegt. Óheimilt er að kanna hvern viðkomandi tilnefndi í kerfinu.

Við tilnefninguna skal viðkomandi nota almenna innskráningarþjónustu sem kjörstjórn ákveður, s.s. rafræn skilríki eða Íslykil Þjóðskrár Íslands og skal hann auðkenna sig á fullnægjandi hátt áður en hann getur nýtt rétt sinn til að tilnefna.

Kjörstjórn auglýsir í prentuðum dagblöðum og á vefsvæði þjóðkirkjunnar hvenær tilnefning hefst og hvenær henni lýkur. Auglýsing skal birt a.m.k. viku áður en tilnefning hefst.

Allar upplýsingar um undirbúning og framkvæmd kosninga skulu vera aðgengilegar á vefsíðu þjóðkirkjunnar, á biskupsstofu og hjá próföstum.

12. gr.

Afkóðun og talning tilnefninga.

- Kjörstjórn skal innan sólarhrings frá því að tilnefningu var lokið, taka saman og telja tilnefningarnar. Áður en talning hefst skal afkóða tilnefningarnar. Formaður kjörstjórnar skal varðveita lykil sem notaður er við afkóðunina.
- Eftir afkóðun skulu tilnefningarnar taldar og niðurstöður teknar saman í afkóðunar- og talningarhluta kerfisins.

13. gr.

Niðurstaða tilnefninga.

- Þeir þrír einstaklingar sem flestar tilnefningar fá, að teknu tilliti til 3. mgr., eru í kjöri til biskups Íslands eða vígslubiskups. Ef tveir eða fleiri fá sama fjölda tilnefninga skulu þeir báðir eða allir vera í kjöri. Séu tilnefndir færri einstaklingar en þrír eru þeir allir í kjöri að teknu tilliti til 3. mgr.
- Kjörstjórn skal strax og niðurstaða úr tilnefningunni er ljós, kanna hvort þeir sem verða í kjöri, skv. 1. mgr., sbr. 3. mgr., uppfylli skilyrði 1. gr. Telji kjörstjórn að svo sé ekki skal hlutaðeigandi þegar í stað gert viðvart og honum veittur frestur, eftir því sem tími og atvik leyfa, til að koma að athugasemdum. Kjörstjórn skal innan sólarhrings frá því að athugasemdir berast taka afstöðu og til-kynna hlutaðeigandi um þá niðurstöðu.
- Vilji viðkomandi ekki una niðurstöðu skv. 2. mgr., getur hann skotið henni til yfirkjörstjórnar þjóðkirkjunnar, innan sólarhrings frá því að honum var sannanlega tilkynnt um niðurstöðuna. Skal niðurstaða yfirkjörstjórnar liggja fyrir ekki síðar en tveimur sólarhringum síðar.
- Kjörstjórn skal svo fljótt sem verða má tilkynna þeim einstaklingum sem flestar tilnefningar fá, sbr. 1. mgr., um niðurstöðuna og leita eftir afstöðu þeirra til tilnefningarinnar. Ef einhver þeirra gefur ekki kost á sér skal sá sem næstur honum er að tilnefningu taka sæti hans.
- Á vefsíðu þjóðkirkjunnar skal svo fljótt sem verða má, eftir að niðurstaða tilnefninga er ljós, tilkynna um þá sem verða í kjöri auk þeirra tveggja sem næstir komu að tilnefningu.

14. gr.

Framkvæmd kosninga.

- Kosning skal vera skrifleg.
- Kosning skal fara fram þó að einn sé í kjöri.
- Kjörstjórn sendir þeim er kosningarrétt eiga nauðsynleg kjörgögn:
 - a. kjörseðil með nöfnum þeirra sem eru í kjöri,
 - b. kjörseðilsumslag,
 - c. fylgibréf fyrir yfirlýsingu kjósanda um að hann hafi kosið,
 - d. sendiumslag með utanáskrift kjörstjórnar,
 - e. leiðbeiningar um það hvernig kosning fari fram.
- Kjörstjórn ákveður útlit og gerð kjörseðils.
- Kjósandi merkir á kjörseðil við nafn þess sem hann vill greiða atkvæði. Kjörseðil skal

ekki undirrita eða auðkenna á neinn hátt. Kjósandi lætur kjörseðilinn í kjörseðilsumslagið, lokar því, fyllir út fylgibréfið og undirritar. Lætur svo kjörseðilsumslagið og fylgibréfið í sendiumslagið og afhendir það á biskupsstofu gegn móttökukvittun eða leggur það í póst. Að jafnaði skal miða við að atkvæða-greiðslu sé lokið innan tveggja vikna frá útsendingu kjörgagna.

Við framkvæmd og fyrirkomulag kosninga skal eftir því sem við á hafa hliðsjón af lögum um kosningar til Alþingis.

15. gr.

Niðurstöður kosninga.

■ Kjörstjórn skal telja atkvæði þegar fjórir virkir dagar eru liðnir frá þeim skilafresti á pósthús sem hún hefur sett. Kjörstjórn metur gildi atkvæða.

Kjörstjórn skal gefa þeim sem eru í kjöri kost á að hafa umboðsmenn sína viðstadda talninguna.

Sá er réttkjörinn biskup Íslands eða vígslubiskup sem fær meiri hluta greiddra atkvæða. Ef enginn frambjóðandi fær meiri hluta greiddra atkvæða skal kosið á nýjan leik milli þeirra tveggja sem flest atkvæði fengu. Ef fleiri en tveir fá jafnmörg atkvæði skal hlutkesti ráða um hverja tvo skuli kosið. Sá er réttkjörinn biskup Íslands eða vígslubiskup sem fær meiri hluta greiddra atkvæða. Verði atkvæði jöfn skal hlutkesti ráða.

16. gr.

Kærur til yfirkjörstjórnar.

■ Yfirkjörstjórn þjóðkirkjunnar, sbr. starfsreglur um kjör til kirkjuþings, fer með endanlegt úrskurðarvald í ágreiningsmálum vegna kosninga samkvæmt starfsreglum þessum. Kosningu geta þeir kært sem eiga kosningarrétt.

Kærur vegna kosninga skulu hafa borist kjörstjórn eigi síðar en þremur dögum eftir að atkvæði hafa verið talin. Beri síðasta dag kærufrests upp á frídag skal næsti virki dagur teljast síðasti dagur kærufrests.

Kærur skulu hafa borist kjörstjórn með sannanlegum hætti fyrir kl. 16.00 á síðasta degi kærufrests eða hafa verið pósthimplaðar í síðasta lagi þann dag. Leggur hún þær fyrir yfirkjörstjórn þjóðkirkjunnar til úrskurðar ásamt athugasemdum sínum. Yfirkjörstjórn þjóðkirkjunnar skal skera úr þeim málum sem fyrir hana eru lögð eins fljótt og auðið er og ekki síðar en sjö virkum dögum eftir að mál berst.

Niðurstöður yfirkjörstjórnar skulu vera í úrskurðarformi og dregnar saman í úrskurðarorð.

17. gr.

Tilkynning til ráðherra.

■ Þegar endanleg niðurstaða kosningar liggur fyrir tilkynnir kjörstjórn ráðherra kirkjumála úrslit kosningarinnar.

18. gr.

Gildistaka.

■ Starfsreglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfs-hætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma falla brott starfsreglur um kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa nr. 1108/2011, með síðari breytingum.

2. mál aukakirkjubings 2017
Flutt af biskupi Íslands

Starfsreglur
um breytingu á starfsreglum um val og veitingu
prestsembætta nr. 144/2016, með síðari breytingum

1. gr.

15. tl. 1. mgr. 3. gr. starfsreglnanna falli brott. 16. tl. 1. mgr. 3. gr. verði 15. tl. og 17. tl. verði 16. tl.

2. gr.

7. gr. starfsreglnanna orðist svo:

Kjörnefnd prestakalls.

■ Kjörnefnd prestakalls er kosin á aðalsafnaðarfundum eða safnaðarfundum til fjögurra ára í senn. Umboð allra kjörnefnda fellur niður á aðalsafnaðarfundum sókna árið 2019, en eigi síðar en 1. júní það ár.

□ Nefndin er skipuð 11 fulltrúum að lágmarki og jafn mörgum til vara. Ef fjöldi sóknarbarna í prestakalli 16 ára og eldri, miðað við 1. desember næstliðinn er meiri en tvö þúsund skal bæta við tveimur fulltrúum í kjörnefndina og tveimur varamönnum þeirra fyrir hvert byrjað þúsund umfram tvö þúsund. Ef fleiri en ein sókn er í prestakalli skal tryggt að hver sókn eigi að lágmarki einn fulltrúa. Að öðru leyti skal ákvarða fjölda fulltrúa hvers sóknar í kjörnefnd, aðalmanna og varamanna í hlutfalli við fjölda sóknarbarna í prestakallinu, 16 ára og eldri miðað við 1. desember næstliðinn. Varamenn hvers sóknar skulu þó aldrei vera fleiri en ellefu.

□ Forfallist kjörnefndarmaður skal varafulltrúi sömu sóknar taka sæti hans í kjörnefndinni. Varafulltrúar sóknar, ef fleiri en einn eru, taka sæti samkvæmt þeirri röð sem þeir voru kosnir.

□ Hver kjörnefndarmaður fer með eitt atkvæði.

□ Biskupsstofa veitir upplýsingar um fjölda kjörmanna hvers sóknar í kjörnefnd prestakalls.

□ Prófastur er formaður kjörnefndar, stýrir störfum hennar, fundum og er í fyrirsvari fyrir nefndina. Prófastur hefur ekki atkvæðisrétt í kjörnefnd nema kjörnefnd starfi á grundvelli 9. mgr. ákvæðis þessa.

□ Allir fundir kjörnefndar skulu bókaðir og staðfestir af fundarmönnum. Þá skal kjörnefnd gæta þess að varðveita gögn er varða starfsemi hennar. Um vörslu þessara gagna skal fara í samræmi við gildandi lög hverju sinni. Kjörnefnd velur ritara.

□ Sé presti ætlað að þjóna í fleiri en einu prestakalli skulu kjörnefndir í þeim prestaköllum sameinaðar í eina kjörnefnd. Prófastur er formaður hinnar sameinuðu kjörnefndar og gilda um störf hennar sömu reglur og um kjörnefndir prestakalla eins og við getur átt. Umboð sameinuðu kjörnefndarinnar fellur niður þegar nefndin hefur lokið störfum.

□ Sé presti ætlað að þjóna prestakalli að hluta og embætti héraðsprests að hluta, skal

kjörnefnd prestakalls og héraðsnefnd sameinaðar í eina kjörnefnd undir formennsku prófasts. Umboð sameinaðrar kjörnefndar fellur niður þegar nefndin hefur lokið störfum.

- Um hæfi kjörnefndarmanna fer eftir ákvæðum II. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Í stað þeirra sem segja sig frá kjöri eða sem kjörnefndin úrskurðar vanhæfa, skal skipa varamenn viðkomandi kjörnefndar. Sé prófastur vanhæfur skipar biskup varamann hans.
- Prófastar fylgja því eftir að kjörnefndir séu kosnar samkvæmt reglum þessum og að ávallt sé til staðar sá fjöldi aðalmanna og varamanna sem áskilið er.

3. gr.

Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:

Sóknir sem ekki hafa kosið fulltrúa og varamenn þeirra í kjörnefnd við gildistöku starfsreglna þessara skulu kjósa þá á safnaðarfundum sóknar á árinu 2017. Skal sú kosning að jafnaði hafa farið fram 1. júní 2017. Breytist fjöldi varamanna í kjörnefndum sem þegar hafa verið kosnar við gildistöku starfsreglna þessara skal einnig kjósa varamenn í þeim tilvikum svo tilskilinn fjöldi samkvæmt starfsreglum þessum sé til staðar. Umboð allra kjörnefnda fellur niður á aðalsafnaðarfundum sókna árið 2019, en eigi síðar en 1. júní það ár. Skulu kjörnefndir kosnar að nýju á aðalsafnaðarfundum eða safnaðarfundum sókna árið 2019 til fjögurra ára.

Við kosningar samkvæmt ákvæði þessu skal miða við fjölda kosningarbærra sóknarbarna í prestaköllum þann 1. desember 2015.

4. gr.

■ Starfsreglur þessar sem settar eru skv. heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

Gerðir kirkjuþings 2017

56. kirkjuþing,

haldið í Vídalínskirkju

11.-15. nóvember 2017

og

10. mars 2018

Efnisyfirlit

Setningarræða forseta kirkjuþings, Magnúsar E. Kristjánssonar.....	17
Ávarp dómsmálaráðherra, Sigríðar Á. Andersen.....	21
Ávarp biskups Íslands, Agnesar M. Sigurðardóttur	24
Kosningar í upphafi kirkjuþings 2017	27
1. mál. Skýrsla kirkjuráðs	29
2. mál. Skýrsla um fjármál þjóðkirkjunnar	44
3. mál. Þingsályktun um kaup og sölu fasteigna	50
4. mál. Tillaga til þingsályktunar um frumvarp til þjóðkirkjulaga	51
5. mál. Tillaga að starfsrgl. um br. á starfsrgl. um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007, með síðari breytingum.....	58
6. mál. Starfsrgl. um kirkjutónlist á vegum þjóðkirkjunnar	59
7. mál. Þingsályktun um hlutdeild unga fólksins í kirkjustarfi og stjórn	62
8. mál. Þingsályktun um jöfn hlutföll kynja í stjórnnum, nefndum og ráðum innan þjóðkirkjunnar.....	63
9. mál. Þingsályktun um stuðning íslensku þjóðkirkjunnar við ályktun tólfta þings Lúterska heimssambandsins um að ákvæði um jafnrétti kynjanna verði tekið upp í stofnskrá sambandsins	64
10. mál. Þingsályktun um ráðningu jafnréttisfulltrúa þjóðkirkjunnar	65
11. mál. Þingsályktun um Víkurgarð í Reykjavík.....	66
12. mál. Starfsrgl. um br. á starfsrgl. um kirkjuráð nr. 817/2000 með síðari breytingum....	67
13. mál. Tillaga til þingsályktunar um skipun nefndar til að kanna hvort breyta skuli heiti og hlutverki kjörbréfanefndar kirkjuþings	68
14. mál. Starfsrgl. um breytingu á starfsreglum um val og veitingu prestsembættu nr. 144/2016, með síðari breytingum	69
15. mál. Tillaga til þingsályktunar um frumvarp til laga um úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar	71
16. mál. Þingsályktun um umhverfisstefnu þjóðkirkjunnar	78
17. mál. Skýrslur nefnda	80
18. mál. Þingsályktun um að auka tengsl þjóðkirkjunnar við samtök evangelískra kirkna í Evrópu GEKE/CPCE	81
19. mál. Starfsrgl. um kjör til kirkjuþings.....	88
20. mál. Þingsályktun um að fulltrúi kirkjuþings unga fólksins hafi styrkari stöðu á kirkjuþingi.....	89
21. mál. Starfsrgl. um br. á starfsrgl. um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007 með síðari breytingum	90
22. mál. Þingsályktun um kaup og sölu fasteigna	91
Kjör í nefndir.....	92

Setningarræða forseta kirkjuþings, Magnúsar E. Kristjánssonar

Kirkjuþing 2017 er sett. 56. kirkjuþing íslensku þjóðkirkjunnar.

Verið öll hjartanlega velkominn kirkjuþingsfulltrúar, starfsfólk og gestir. Já og verið velkomin í Garðabæ, hingað í Vídalínskirkju þar sem kirkjuþingið er nú haldið í fyrsta sinn. Vonandi mun ykkur öllum líða vel hér og aðbúnaður reynast viðunandi.

Það er ánægjuefni að fá að bjóða sérstaklega velkomna hingað í dag dómsmálaráðherra, frú Sigríði Andersen. Þá vil ég bjóða velkomin bæjarstjóra Garðabæjar hr. Gunnar Einarsson.

Á þriðjudaginn voru 467 ár frá því Jón Arason var hálshöggvinn, í gær voru 534 ár frá fæðingu Lúters, og í dag eru 99 ár frá lokum fyrir heimstýrjaldarinnar. Já tíminn líður og þetta minnir okkur á hvað sumir atburðir og sumt fólk hefur mikil áhrif á líf okkar löngu eftir þeirra tíma. Nú erum við saman komin á fjórða og jafnframt síðasta kirkjuþingi þessa kjörtímabils. Þau þrjú ár sem eru liðin frá upphafi þessa kjörtímabils er stuttur tími en þau hafa liðið ótrúlega hratt. Það er ágætt að staldra við og fara yfir það í huganum hvort okkur hafi miðað eitthvað á þessum þremur árum sem við höfum setið saman á kirkjuþingi.

Var það aftur á bak, ellegar nokkuð á leið? Við þessu er ekki einhlítt svar og sjálfsagt eru skoðanir skiptar um það eins og annað. Við erum nefnilega ekki alltaf sammála, höfum mismunandi skoðanir og stundum ólíka hagsmuni að verja. Það væri líka furðulegt ef við í þjóðkirkjunni, um 70% íslensku þjóðarinnar, værum sammála um alla hluti. Eðlilega eru skoðanir mismunandi.

Í lýðræðislegum samfélögum, samtökum og félögum ýmiskonar hefur fólk einmitt komið á samkomum s.s. Alþingi, kirkjuþingi, safnaðarfundum og aðalfundum, til þess að ræða, takast á um, greiða atkvæði, já komast að niðurstöðu í málum svo sátt geti orðið um ákvarðanir. Þetta fyrirkomulag er ekki fullkomið, getur aldrei orðið það fyrst og fremst því við erum ekki fullkomin. Þetta er bara minnst vonda aðferðin sem við þekkjum til að taka ákvarðanir fyrir fólk í skipulagsheildum þar sem þarf að ríkja sátt, ef ekki um niðurstöðuna þá að minnsta kosti um aðferðina sem notuð var til að ná niðurstöðu.

En þá má velta því fyrir sér hvernig vinnubrögð á slíkum samkomum hafa þróast og hvort við hér á kirkjuþingi þurfum að bæta okkar.

Á starf á þingum að vera keppnisgrein? Er markmiðið að vinna hina? Eða á markmiðið að vera að ná sátt sem flestra, og viðmiðið, að niðurstaðan sé sem hagstæðust fyrir sem stærstan hluta þeirra sem ákvörðun snertir. Við mótun kirkjuþingsins var Alþingi fyrirmyndin. Þingsköp og siðir voru mótuð eftir þeim hefðum sem fólk þekkti þaðan. Það má velta því fyrir sér hvort betra hefði verið að horfa til fleiri fyrirmynda því það er áleitin spurning hvort sá siður að vinna hina, eins og þekkest úr stjórnámálum sé sá siður sem samkomu sem kennir sig við kristni hentar best. Meirihluti og minnihluti. Nú ráðum við ekki þið.

Á sá ræðumaður mest hól skilið sem ekki aðeins færir góð rök fyrir máli sínu heldu nær einnig að niðurlægja þá sem eru honum ósammála? Er sú eða sá sigurvegarinn?

Eiga fundarsköpin að mótast af því að hver og einn geti, megi og eigi að koma í ræðustól, jafnvel þó það sé ekki til annars en að endurtaka það sem aðrir hafa sagt. Er það

besta nýtingin á dýrmætum tíma samkomunnar? Væri betra ef í stað þess að kynna næsta ræðumann sem ætlaði að taka undir með þeim síðasta spyrði fundarstjóri; eru hér önnur sjónarmið? Aðalatriðið hlýtur að vera að fundarmenn heyri öll sjónarmið í málum og geti svo tekið ákvörðun hvernig þeir greiða atkvæði. Tilgangurinn með svona samkomum er jú fyrst og fremst að taka ákvarðanir.

En þeir sem fylgjast með umfjöllun fjölmiðla af vettvangi stjórn mála sjá annað fyrirkomulag. Minnihluti og meirihluti takast á og keppnin snýst oft um að gera sem minnst úr þeim sem hafa aðrar skoðanir en þau sem hafa orðið.

Við á kirkjuþingi höfum eins og fólk í stjórn málum ólíkar skoðanir. Dr. Sigurjón Árni Eyjólfsson sagði á s.l. leikmannastefnu að það væri skrytinn kirkja sem ekki væri rifist í. Ég ætla hvorki að taka undir þá skoðun né andmæla henni en velta því upp að það skipti máli hvernig er rifist. Á þeim árum sem ég hef setið á kirkjuþingi hef ég ekki hitt einn einasta kirkjuþingsmann sem ekki hefur einlægán áhuga á hagsmunum þjóðkirkjunnar. Það er mín skoðun að það sé hollt að hlusta á sjónarmið fólks sem hefur slíkan áhuga, jafnvel þó maður sé þeim ekki sammála.

Í okkar samfélagi er ekki mjög algengt að hlusta á ólík sjónarmið og það jafnvel talið vera skortur á stefnufestu að breyta um skoðun ef rök í umræðu benda á nýjar leiðir.

Hinn mikli meistari Sufista Ibn Arabi sagði að hvert og eitt okkar væru holdgerving einhverra eiginleika eða kjarna Guðs. Eða eins og ég skil hann, einhvers hinna leyndu nafna Guðs. Ef það er rétt, er þá ekki skynsamlegt að hlusta eftir því hvað hver birtingarmynd Guðs hefur að segja?

Það er hættulegt að efast aldrei um eigin sannfæringu. Maðurinn hefur framið sín verstu verk í fullkominni sannfæringu, og stundum þau allra skelfilegustu ef hann hefur trúað því að hann væri að framkvæma vilja Guðs.

Mannskepnan er flókin vera og margvísleg. Í hverju okkar býr eitthvað fallett og gott en eins eitthvað lakara. Við komum stundum sjálfum okkur á óvart sem þá þýðir að við þekkjum okkur sjálf ekki fullkomlega. Það hefur okkur lengi verið ljóst enda þekkjum við leiðbeininguna frá forngrikkjum, þekktu sjálfan þig. Það má halda því fram að við þekkjum annað fólk jafnvel minna en okkur sjálf. Enda er það nokkuð vandamt að þekkja fólk, þessar margbrotnu verur, sem hver og ein er einhverskonar birtingarmynd Guðs. Sköpuð í Guðsmynd en hvert og eitt ekki nema brot af hans mynd..

Nú á tímum kommentakerfa og samfélagsmiðla er áberandi hvað margir eru fljótir að dæma annað fólk bæði einstaklinga, hópa og jafnvel heilu samfélögin. Já dæma aðra of oft hart jafnvel þó að þekking þeirra á þeim sem þau dæma sé ekki meiri en hægt væri að handskrifa á eldspítustokk.

Þessi háttur að afgreiða fólk út af borðinu, hlusta ekki á önnur sjónarmið og alls ekki á skoðanir og hugmyndir þeirra sem á einhvern hátt eru okkur ekki að skapi er vondur siður og hættulegur. Fólk hlustar einkum á þá sem eru sammála þeim. Facebook vinir fólks eru gjarnan líklegir til að hafa svipaðar skoðanir. Eftir kosningarnar í síðasta mánuði bað þjóðþekktur karlmaður alla sem höfðu kosið tiltekinn flokk um að slíta samskiptum við sig hið snarasta. Hann vildi ekkert heyra af eða vita um slíka vitleysinga.

Við sjáum að ef einhverjum verður á, þá er sú eða sá hálfpartinn gerður útlægur. Fólk

og fyrirtæki slíta samskiptum við hinn seka eða oft meintan seka og á viðkomandi er ekki hlustað meira. Hún eða hann er bara vond manneskja og það borgar sig ekki að hlusta á eða eiga samskipti við þá persónu meir. Þetta gengur jafnvel svo langt að það verður samkeppni um að úthrópa einstakling, finna honum allt til foráttu, koma honum burt. Stundum heggur einnig sá sem hlífa skyldi. Er þetta í lagi. Er þetta kristinn siður? Er 8. kafli Jóhannesarguðsspjalls gleymdur?

Í ár minnumst við þess að 500 ár eru síðan Lúter negldi tesurnar 95 á kirkjudyrnar í Wittenberg. Þetta var upphaf siðbótarinnar. Það er óumdeilt að hugmyndir Lúters hafa haft mikil áhrif. Ekki aðeins á kirkju og kristni heldur á vestræn samfélög. Það er líklegt að við séum sammála um að Lúter hafi verið mikilsverð persóna. En það er ekki allt geðslegt sem eftir Lúter er haft.

Hefði heimurinn orðið betri ef fólk hefði slökkt á Lúter í framhaldi af því sem hann sagði um Gyðinga? Brennt öll hans skrif, hætt að lesa hann og já hent honum út af Facebook?

Nú á tímum virðist lítið þurfa til að “slökkva á fólki”. Ásakanir um eitthvað misjafnt eða aðeins rangar skoðanir virðast jafnvel nægja til að einstaklingur sé afgreiddur, dæmdur úr leik á vettvangi samfélagsmiðla, í kommentakerfum og svo í fjölmiðlum sem flytja fréttir af því sem sagt var á Facebook. Væri hlustað á Lúter ef hann væri uppi á okkar tímum, eða hefði verið slökkt á honum og hann úthrópaður gyðingahatari?

Það er gott að hafa háleit markmið um siðferði og vandaða framkomu. Það er ekki gagnrýnt hér. En sjálfsagt er að minna á að sá mælikvarði sem við notum til að dæma aðra er sá mælikvarði sem við ættum að nota til að vega og meta eigin frammistöðu. Ef við viljum að okkur sé sýnt umburðarlyndi þá skulum við byrja á því að sýna öðrum umburðarlyndi.

Okkur skortir öll dýrð Guðs en öll erum við vitnisburður um einhvern örlítinn hluta af dýrð hans. Sköpuð í hans mynd þó aðeins sé það lítill hluti hans myndar. Það að vanvirða annað fólk og koma illa fram við það þýðir að við vanvirðum þá birtingamynd Guðs sem það fólk er.

Kjarni flestra helstu trúarbragða mannkyns er samúð, samlíðan. Þau trúarbrögð kenna flest Gullnu regluna. Og auðvitað er það kjarni kristninnar að koma fram við aðra eins og við viljum að aðrir komi fram við okkur. Gullna reglan er án efa besta mót efni við þeirri tilhneigingu að afgreiða fólk með niðurlægjandi hætti. Hún er hornsteinn góðra samskipta, lykill að farsælu samstarfi. Gullna reglan er í raun það hornmát sem við ættum að nota í öllum okkar gjörðum.

Karen Armstrong er rithöfundur sem þið sjálfsagt þekkið flest. Hún hefur skrifað á þriðja tug bóka um trú og trúarbrögð og haldið fyrirlestra um allan heim. Karen Armstrong hefur hlotnast margvíslegur heiður fyrir skrif sín sem eru mikils metin, ekki aðeins af kristnu fólki heldur einnig gyðingum og múslimum. Fjöldi virðulegra stofnana hafa veitt henni viðurkenningu s.s. heiðursdoktorsnafnbót

Karen Armstrong hafði forgöngu um áhugavert verkefni sem er nefnt Charter for Compassion. Tilgangurinn er að fá fólk til að sýna samúð og umgangast alla samkvæmt gullnu reglunni. Það hafa margir tekið undir með henni og gengið til liðs við verkefnið. Í dag eru starfandi hópar í 50 löndum sem sinna þessu verkefni. Í þessum hópum er fjöldi

fólks sem er af ólíkum menningarsvæðum og af mismunandi trúarbrögðum. Það sem sameinar áhuga þeirra á málefnum er sú skoðun að þetta sé besta leiðin til að gera heiminn betri. Að hvetja fólk til að temja sér samúð og umburðarlyndi sé einföld en áhrifarík leið til að breyta heiminum.

Væri þetta ekki ágæt hugmynd inn í íslenskt samfélag? Hvort sem við myndum vilja tengjast þessu tiltekna verkefni eða ekki þá finnst mér hugmyndin spennandi og af þessu fólki má læra. Getur verið að búið sé að draga svo mikið úr kennslu í kristinfræði og áhugi á trúarbrögðum það mikið á undanhaldi að fólk muni ekki sérstaklega eftir gullnu reglunni? Sumir segja að ein elsta ritaða heimildin um gullnu regluna sé að finna í skrifum Konfúsíusar fimm öldum fyrir Krist. Aðrir vísa til heimilda um að reglan hafi verið þekkt hjá forn Egyptum. Við vitum að Gyðingar þekktu gullnu regluna og við lærðum sennilega flest um hana í kristinfræðitímum og í sunnudagaskóla í barnæsku. M.ö.o. gullna reglan hefur verið þekkt mjög lengi, hjá mörgum þjóðum. En eitt er að þekkja og vita, annað er að gera. Trúarbrögð, þar með talin okkar, eru meira og meira að verða hugmyndafræðilegt samtal frekar en skuldbinding um tiltekna breytni. Gott að kunna betra að gera.

Ég held að flest okkar séum þeirrar skoðunar að við höfum gott af því að vera minnt á þá góðu leiðsögn sem við fáum í messu, þegar við lesum biblíuna, eða eigum samfélag við gott fólk. Væri okkur ekki öllum holt að vera oftast minnt á gullnu regluna og það að samúð og umburðarlyndi eru lykill að góðu samfélagi, hornsteinn góðra samskipta. Það þarf æfingu og ástundun til að temja sér nýja siði eða bæta breytni sína.

Getum við bætt örlítið íslenskt samfélag með því að fara í átak um að minna fólk á að, Allt sem þér viljið að aðrir menn geri yður, það skuluð þér og þeim gera. Væri það verðugt verkefni fyrir hina íslensku þjóðkirkju að hafa forgöngu um? Fá fleiri til að vera með. Leggja upp í leiðangur til að tryggja að fólk þekki regluna, væri minnt á hana reglulega og fengi tækifæri til að vera liðsmenn í slíkri vegferð. Væri áhugavert að innleiða "Charter for compassion" á Íslandi! Einhverskonar samkomulag um samúð og umburðarlyndi. Hafa þetta einfalt og setja hugmyndina fram af auðmýkt.

Það eru 18 mál á dagskrá þessa kirkjuþings. Sum þeirra jafnvel gamlir kunningjar. Fjórða mál kirkjuþings er tillaga að frumvarpi um ný þjóðkirkjulög. Það hefur t.d. verið á dagskrá kirkjuþings frá því áður en mörg okkar vorum fyrst kosin á kirkjuþing.

Að lokum vil ég þakka öllu því frábæra fólki sem hefur undirbúið þetta þing. Sérstaklega starfsfólki biskupsstofu og kirkjuráðs, starfsfólki garðasóknar og svo auðvitað öllum kirkjuþingsfulltrúum sem hafa komið að undirbúningnum.

Ég vona að við eigum gott og uppbyggilegt samtal á þessu þingi. Komumst að niðurstöðu sem er góð sátt um, kirkju og kristni til heilla.

Takk fyrir.

Ávarp dómsmálaráðherra, Sigríðar Á. Andersen

Það er mér sönn ánægja að fá tækifæri til þess að taka þátt í Kirkjuþingi í ár með því að ávarpa þingið við setningu þess. Þegar mér barst ósk um þátttöku mína hér leit ekki endilega út fyrir að ég myndi eiga þess kost að koma hingað í krafti þess embættis sem ég hef gegnt frá því í upphafi árs. Ástæðuna þekkið þið. Það er svo sannarlega ekki innhaldslaus frasi að „vika sé langur tími í pólitík“. Það eru orðið dagarnir sem geta skipt sköpum. Í tilfelli sumra stjórnámálanna jafnvel næturnar. Við stjórnámálamenn höfum boðskap guðspjallamannsins Matteusar í hávegum og látum hverjum degi nægja sína þjáningu.

Gallinn við þessa annars ágætu núvitund er að áætlanir til langs tíma eða fyrirheit geta fuðrað upp á augabragði. Það er ekki til velfarnaðar fallið í jafnvel einfaldasta fyrirtækjarestri. Í efnahagslífi þjóðar er það alveg afleitt. Öll erum við sífellt að taka ákvarðanir í leik og starfi, ákvarðanir sem taka mið af ákvörðunum annarra, af löggjöf, af samkomulagi sem við höfum gert við aðra o.s.frv. Í þessu sambandi verða menn að geta séð lengra fram í tímann en eina viku og menn verða að geta treyst því að ákvarðanir sem hafa verið teknar af þar til bærum aðilum standi, að lögum sé framfylgt og að samningar haldi. Íslenska þjóðkirkjan er hér ekki undanskilin. Hún eins og aðrar stofnanir sem þjóna þorra þjóðarinnar verður að geta séð lengra fram í tímann en sem nemur hinni pólitísku viku.

Þegar ég tók við embætti dómsmálaráðherra og þar með málefnum kirkjunnar fékk ég í fangið það verkefni greiða úr áralöngum ágreiningi ríkis og kirkju um fjárveitingar ríkisins. Sem þingmaður í efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis kannaðist ég vissulega við afstöðu kirkjunnar til lögbundinna sóknargjalda sem ekki hafa hækkað undanfarin ár. Kirkjujarðasamkomulagið og málavexti í tengslum við vanefndir ríkisins á því þekkti ég bara af afspurn. Það kom mér á óvart hversu víðtækt samkomulagið er og að mínu mati óþarflega flókið. Mér varð það hins vegar strax ljóst að ágreiningur ríkis og kirkju þyrfti að jafna hið fyrsta. Ég ætla í stuttu máli að gera grein fyrir þessum ágreiningi eins og hann blasir við mér.

Samningaviðræður um fjárframlög til þjóðkirkjunnar.

Kirkjujarðasamkomulagið frá 1997 og viðbótarsamningur frá 1998 marka skyldu ríkisins til að greiða til þjóðkirkjunnar fjárhæð sem samsvarar árslaunum ákveðins starfsmannahóps þjóðkirkjunnar. Samningarnir eru undirritaðir af fjármálaráðherra og dómsmálaráðherra og hefur skyldan til að efna þá auk þess verið lögfest með lögum nr. 78/1997. Í kirkjujarðasamkomulaginu er auk þess mælt fyrir um skyldu ríkisins til að greiða til Kristnisjóðs. Þau árlegu samningsbundnu framlög sem hér um ræðir eru samtals að fjárhæð um 2.400 milljónir Fram til ársins 2010 efndi ríkið þetta samkomulag að fullu en frá því ári hafa framlög ríkisins verið skorin niður með því að setja árlega bráðarbirgðarákvæði við áðurnefnd lög. Þessi skerðing var í upphafi í góðu samkomulagi við þjóðkirkjuna sem þannig tók þátt í þeim fjárhagslegu ráðstöfunum gripið var til í kjölfar efnahagslegra þrenginga árið 2008. Í kjölfar þeirra var ekki bara framlagið samkvæmt kirkjujarðasamningnum skert heldur voru sóknargjöld einnig skert, með

bráðabirgðaákvæðum við fjárlög hverju sinni. Þessar skerðingar hafa haldið áfram fram á þennan dag.

Hvorki í fjármálaáætlun fyrir árin 2018-2022 né fjárlögum þessa árs (eða 2018) er gert ráð fyrir þessum framlögum að fullu. Í tilviki kirkjujarðasamkomulagsins vantar um 550 milljónir króna til að ná fullum efndum og hvað sóknargjöldin varðar vantar ríflega 900 milljónir til að veða upp á móti skerðingum sem hafa átt sér stað frá 2008. Frá árinu 2015 hafa hins vegar verið samþykkt framlög í fjárukalögum til að efna kirkjujarðasamkomulagið að fullu, bæði árið 2015 og 2016. Með því hefur ríkið í reynd viðurkennt efndaskyldu sína, og hefur enda aldrei haldið öðru fram. Í tillögum dómsmálaráðuneytisins vegna fjárukalaga 2017 er svo gert ráð fyrir að enn einu sinni verði samþykkt framlag í fjárukalögum til að unnt sé að efna samninginn að fullu. Ég bendi hins vegar á það sem öllum má vera ljóst að ekkert liggur fyrir um vilja þess Alþingis sem nú er nýkosið til að samþykkja þessa tillögu.

Framlög ríkisins til kirkjunnar samkvæmt fjárlögum ársins 2017 eru ríflega 5 milljarðar króna, en næmu um 6,7 milljörðum ef öll lög- og samningsbundin framlög væru greidd út, án nokkurra skerðinga. Það er rétt að taka það skýrt fram að það sættu auðvitað fjölmörg önnur málefnasvið miklum niðurskurði í kjölfar efnahagslæggðarinnar og mörg dæmi eru um málaflokka sem enn njóta lægri framlaga úr ríkissjóði en á árunum þar á undan.

Í fimm ára fjármálaáætlun ríkisins er ekki gert ráð fyrir öðru en að framlög til kirkjunnar verði nálægt því 5 milljarða marki sem fjárlög 2017 miðuðu við. Eins og endurtekin afgreiðsla Alþingis á fjárukalögum sýnir, virðist þó flestum ljóst að sú fjárhæð er ekki fyllilega raunhæf.

Skipaðir hafa verið starfshópar til að fara yfir fjárhagsmálefni kirkjunnar og einstaka þætti þeirra. Ráðuneytisstjórnar dómsmálaráðuneytis, fjármálaráðuneytis og forsætisráðuneytið hafa haft umboð, skv. samþykkt ríkisstjórnar frá 20. ágúst 2015 til að ganga til viðræðna við þjóðkirkjuna um framkvæmd og efndir kirkjujarðasamkomulagsins og önnur fjárhagsleg samskipti ríkis og kirkju. Þær viðræður hafa skilað drögum að einfölduðu samkomulagi, þar sem miðað væri við fastar fjárhæðir og að þjóðkirkjan hefði sem ríkast sjálfðæmi um hvernig hún ráðstafar þessum framlögum. Hins vegar hafa ráðuneytisstjórnarnir ekki haft neitt umboð til að semja um neinar aðrar fjárhæðir en eru í fjármálaáætlun. Málið hefur því í raun og veru verið í pattstöðu.

Eftir að mynduð var sú ríkisstjórn sem ég tók sæti í og dómsmálaráðuneytið sett á stofn á nýjan leik síðastliðið vor, hefur verið unnið að því að móta nýtt samningsumboð fyrir þennan ráðuneytisstjórahóp. Að minni ósk voru málefni þjóðkirkjunnar tekin fyrir í ráðherranefnd um ríkisfjármál í sumarbyrjun. Ég var orðin vongóð um að nauðsynleg pólitísk samstaða gæti náðst um ásættanlegan samningsgrundvöll þegar ákveðið var að slíta ríkisstjórnarsamstarfinu nú á haustmánuðum.

Það verður að ráðast á næstu vikum hvort ný ríkisstjórn ber gæfu til að móta samningsgrundvöll fyrir fjárhagsleg samskipti ríkis og kirkju til næstu ára. Afstaða mín til þessa er skýr. Bæði ríki og kirkja þurfa á því að halda að fjármálaáætlun til fimm ára og fjárlög hvers árs endurspegli raunveruleg útgjöld ríkisins vegna kirkjunnar. Ég mun leggja áherslu á að kirkjujarðasamkomulagið verði einfaldað með nýjum viðbótarsamningi og fjárhæð sóknargjalda fest til lengri tíma.

Góðir þingfulltrúar.

Ég sé að á dagskrá þessa kirkjuþings verða þessi fjárhagsmálefni til umræðu en einnig mörg önnur, flest mun áhugaverðari reyndar og í það minnsta meira upplífandi. Fyrir ykkur liggur að fjalla um til dæmis fyrirkomulag við prestskosningar, hlut kynjanna innan kirkjunnar og frumvarp til nýrrar löggjafar um þjóðkirkjunnar. Ég óska ykkur velfarnaðar í störfum á þessu kirkjuþingi. Biskupi og prestum öllum vil ég þakka ánægjuleg samskipti það sem af er mínum ferli í embætti dómsmálaráðherra. Kirkjunni óska ég allra heilla.

Ávarp biskups Íslands, Agnesar M. Sigurðardóttur

Dómsmálaráðherra Sigríður Á. Andersen, forseti kirkjuþings, kirkjuþingsfulltrúar, vígslu-biskupar, tónlistarfolk, góðir gestir.

Saga hvers manns er hluti af ákveðnu samhengi og þannig er því einnig varið með sögu kirkjunnar hér í heimi. Það sem var hefur áhrif á það sem er sem svo aftur hefur áhrif á það sem verður.

Á þessu mikla afmælisári siðbótarinnar höfum við rækilega verið minnt á það hvernig lífsreynsla og lífssýn drengsins sem fæddist í Eisleben fyrir réttum 534 árum hafði áhrif á kirkju okkar og menningu. Í gær var afmælisdagurinn hans og í dag er skírnarafmælisdagurinn hans.

Skírnum hefur fækkað hér á landi undanfarin ár og sú er einnig raunin í nágrennalöndum okkar. Ég fagna áfangaskýrslu starfshóps um skírnina sem hér er lögð fram og upplýsi hér með að það verður eitt af fyrstu verkefnum nýs verkefnisstjóra á fræðsluviði biskupsstofu að vinna í þessum málaflökki. Hugmyndir mínar um þá vinnu rýma algjörlega við það sem fram kemur í áfangaskýrslu hópsins.

Það er gott og reyndar nauðsynlegt í kirkju okkar þar sem fleiri en ein stofnun eða embætti eru í forsvari fyrir hana að gengið sé í takt en ekki út og suður. Öll viljum við ná árangri við boðun okkar góða erindis enda erum við viss um að það bætir mannlífið og samfélagið allt. Ég kalla eftir samtali og samstarfi til að eyða þeirri tortryggni sem ég hef orðið vör við á vettvangi kirkjunnar og heiti því að leggja mig fram um að sú vegferð verði til góðs fyrir kirkjuna og þau öll sem henni þjóna og nýta þjónustu hennar.

Það er mikið talað um lýðræði í kirkju okkar. Lýðræði byggist á því að kallað er eftir þátttöku hins almenna þjóðkirkjumanns. Ýmsar leiðir hafa verið farnar í því til að tryggja lýðræðið svo sem fjölgun þeirra er mega kjósa biskupa og til kirkjuþings. Nú er fulltrúa-lýðræði í kirkjunni en ég vil til dæmis sjá það að til kirkjuþings geti allir þjóðkirkjuþegnar kosið og kosning verði á sama tíma og kjör til sveitarstjórna. Þá mætti jafnvel stilla fram listum þar sem málefni eru í fyrirrúmi en ekki einstaklingar. Ég tel slíkt fyrirkomulag tilraunarinnar virði. Fyrirmyndir þessa höfum við frá öðrum löndum, t.d. Noregi.

Það hefur verið ánægjulegt að sjá þann mikla auð sem býr í kirkjuþólki, sögu og menningu okkar á þessu mikla afmælisári siðbótarinnar. Listgreinar, útgáfa, fræðsluþættir, prestastefna, leikmannastefna og fleira mætti telja. Ég vil þakka afmælisnefndinni sem skipuð var fyrir tæpum 5 árum sem og öðrum sem hafa lagt hönd á plóg og bið þess að árangur megi skila sér til eflingar guðs kristni í landinu.

Það segir eitthvað um mun á stjórnskipulagi okkar þjóðkirkju og þeirri dönsku að þjóðþingið, ríkisstjórnin og drottningin minntust siðbótarinnar með hátíðardagskrá í Kristjánsborg og hátíðartónleikum í beinni útsendingu í sjónvarpi á siðbótardaginn. Biskupum var boðið til þeirrar hátíðar. Kaupmannahafnarbiskup messaði einnig í dómkirkjunni þennan dag og það var ánægjulegt að sjá fulla kirkju á þriðjudegi kl. 16 við þá athöfn. Þrátt fyrir allt tal um fækkun félaga í dönsku þjóðkirkjunni tóku margir þátt á þessum óvenjulega messutíma.

Auk minningar siðbótarinnar stendur upp úr öllu því mikla og góða starfi þjóðkirkjunnar

og þjónustu hennar um landið allt, ráðstefna Alkirkjuráðsins um réttlátan frið við jörðina sem fram fór í samvinnu við Þjóðkirkjuna, í síðasta mánuði. Þetta var í fyrsta skipti sem slík umhverfisráðstefna er haldin hér á landi. Fulltrúar þeirrar ráðstefnu tóku einnig þátt í ráðstefnu hringborðs norðurslóða, Artic Circle þar sem aðalræðumaðurinn var hans heilagleiki Bartholomew leiðtogi grísk orþódoxu kirkjunnar, annarrar stærstu kirkjudeildar heims á eftir rómversk kapólsku kirkjunni.

Eins og kunnugt er er Alkirkjuráðið, *World Council of Churches*, sem stofnað var árið 1948, samtök margra kristinna kirkjudeilda og var íslenska þjóðkirkjan einn af stofnaðilunum. Margir lögðu hönd á plóg við undirbúning ráðstefnunnar og framkvæmd hennar, bæði hérlendis og erlendis og þakka ég þeim öllum fyrir framlag þeirra og góða samvinnu.

Þjóðkirkjan beinir sjónum sínum að umhverfismálum og er tímaskeiðið frá 1. sept. til 4. okt. helgað sköpunarverkinu, nú í ár í fyrsta sinn. Kristnar kirkjur víða um heim gera slíkt hið sama og lyfta upp þessu nauðsynjamáli til áframhaldandi lífs á jörðinni og nefna fyrrnefnt tímaskeið *Season of Creation*. Markmiðið er að umhverfisstarfið tvinnist inn í daglega starfsemi. Í bréfi sem ég sendi út til safnaðanna í landinu hvatti ég til athafna í hverjum söfnuði og tel æskilegt að söfnuðir kirkjunnar sækist eftir vottun Umhverfisstofnunar á starfsemi sinni. Jafnframt sagði ég: „Gríska orðið kairós, sem er þekkt úr biblíulegu samhengi, hefur verið notað í samtímanum um farsælan viðsnúning í hugsunarhætti og veigamikil framfaraskref. Ég tel að stund sannleikans sé runnin upp í umhverfismálum. Heimsbyggðin skynjar nú sem aldrei fyrr nauðsyn þess að hlúa að jörðinni og sérstaklega því að snúa við og draga úr ofhlýnun jarðarinnar. Næstu 5-10 ár munu skipta sköpum um það hvort mannkyn nái markmiðum Parísarsamkomulagsins, svo að hlýnunin fari ekki yfir 2°C. Gerist það ekki, verða afleiðingarnar skelfilegar fyrir mannkyn og lífríkið allt. Nú þurfa orð að verða að verkum og þar getur kirkjan skipt sköpum.“

Unga fólkið er með puttann á púlsinum og minnir okkur kirkjunnar fólk á umhverfismálin í einu þingmáli sínu í vor þegar þau samþykktu tillögu um að bætt verði við umhverfisstefnu þjóðkirkjunnar að „einnnota plastmálum verði útrýmt úr safnaðarstarfi kirkjunnar fyrir árið 2019.“ Kirkjuþing unga fólksins hvatti einnig „umhverfisnefnd Biskupsstofu að brýna fyrir söfnuðum kirkjunnar að hætta notkun einnota plastmála þegar í stað og hvetja söfnuði einnig að draga úr notkun annarra einnota umbúða með það að markmiði að útrýma notkun einnota plastmála úr safnaðarstarfi kirkjunnar fyrir árið 2020.“

Á ráðstefnunni um réttlátan frið við jörðina var samþykkt ályktun sem allir viðstaddir þátttakendur skrifuðu undir í Þingvallakirkju. Þar segir m.a.: „Við hvetjum kirkjur til að notast við þeirra eigið tungutak, hið ósvikna biblíumál, og hefðir til að efla vitund, hvetja til aðgerða og búa að sjálfbærni í kirkju og samfélagi. Við hvetjum til þess að kirkjur beiti sér með virkum hætti í að boða eflingu og skipulagningu sjálfbærri breytni á öllum stigum, allt frá hinu staðbundna samhengi safnaðarins og allt að landsvísu. Og við fögnum því þegar kirkjur og kirkjulegar stofnanir ákveða að beina fjármunum sínum frá iðnaði sem er umhverfislega ósjálfbær.“

Kirkjurnar þjóna sem fulltrúar fyrir gríðarlegan fjölda fólks og samfélaga. Í því ljósi búum við yfir miklum möguleikum í krafti tengslanets okkar á milli sem og sambanda við félag okkar sem tilheyra öðrum trúarbrögðum. Við ættum að beita öllum tiltækum

leiðum, samskiptamætti okkar þar með töldum, bæði heima fyrir og á alþjóðavettvangi, til að virkja þessa möguleika.“ Lokaorð yfirlýsingarinnar hljóða þannig: „Ráðstefnan aðhyllist þá hinu sömu sýn á að manneskjan blómgist og dafni sem lýst er í Opinberunarbók Jóhannesar (22.2): „Beggja vegna móðunnar var lífsins tré sem ber tólf sinnum ávöxt. Í hverjum mánuði ber það ávöxt sinn. Blöð trésins eru til lækningar þjóðunum. Látt oss endurnýja og helga tengsl okkar við náttúruna til líknar þjóðunum og heiminum.“

Kirkjur heimsins hafa það hlutverk að koma fagnaðarerindi Jesú Krists áfram til samferðafólks og tryggja að það berist áfram til næstu kynslóða. Í viðtali við Ólaf Ragnar Grímsson fyrrverandi forseta Íslands ræðir hann um alþjóðleg samskipti og reynslu hans af þeim. Hann segir að þar sé fyrst og fremst spurt hvort viðkomandi hafi eitthvað fram að færa sem skiptir aðra máli? Hefurðu einhverja reynslu eða þekkingu sem aðrir geta nýtt? Á 20. öldinni má segja að efnahagslegur styrkur, hernaðarstyrkur og stærð hafi skipt máli. En á 21. öldinni skiptir fyrst og fremst máli í hverju þú ert góður. Hvaða þekkingu og reynslu hefur þú yfir að ráða sem getur reynst öðrum vel? Sérstaklega í veröld þar sem upplýsingakerfi heimsins hefur breyst með þeim hætti að þú getur lært af hverjum sem er í veröldinni, hvar sem þú ert í veröldinni.“

Kirkjur heimsins hafa margt fram að færa í umhverfismálum og öðrum málum er einstaklingar og þjóðfélög heimsins glíma við. Eitt af því sem nútímenn kallar eftir er rödd kirkjunnar í siðferðismálum. Hvað er siðferðilega rétt og hvað er réttlætunlegt. Í mínum huga er munur á þessum hugtökum siðferðilega rétt og réttlætunlegt. Alþekkt er í hraða nútímans að við lesum fyrirsagnir og það sem er dregið út úr texta til að við tökum betur eftir því. Það er líka þekkt að fyrirsagnir eru ekki alltaf hárréttar miðað við innihaldið. Það kann að vera réttlætunlegt að skauta fram hjá því sem er siðferðilega rétt ef það er í þágu almennings. Ef það bætir líf einstaklinga og betrubætir samfélög. Daglega tekst homo sapiens á við siðferðilegar spurningar. En hvort hann eða hún deilir því með öðrum, vekur athygli á því sem hugurinn geymir í þeim efnum eða heldur því fyrir sjálfan sig, sjálfa sig er matsatriði hverju sinni. Þá getur hugtakið réttlætunlegt skipt máli þegar sú ákvörðun er tekin. Það er ekki sjálfgefið að einkamál fólks séu á borð borin þó persónulegum málum sé hægt að deila með öðrum. Nú um stundir er mikið tekist á um það hvort einkamál eigi að vera á borð borin fyrir fjöldann og þá í þeim tilgangi að bæta það sem fyrir er. Það kann að vera réttlætunlegt að aðrir upplýsi um einkamál annarra þó það sé ekki siðferðilega rétt. Á þessu er munur.

Orð Páls heitins Skúlasonar fyrrverandi rektors H.Í. eru mér til umhugsunar þessa dagana er hann sagði við útskrift háskólanema vorið 2004: „Hvernig yrði mannlífinu háttað, ef við hættum að leita þekkingar og skilnings og skeyttum ekki lengur um rétt og rangt í samskiptum okkar? Ég er hræddur um að það yrði á skammri stundu óbærilegt. Mannleg skynsemi yrði úr sögunni, því skynsemin er einmitt fólgin í viðleitni til að sjá hvað er satt og gera það sem er rétt. Og ef við hættum því, munu samskipti okkar einkennast af ofbeldi sem eyðileggur lífsskilyrði okkar og lífsmöguleika. Þess vegna hljótum við sífellt að reyna að hugsa og breyta af skynsemi þótt ekki takist það alltaf sem skyldi.“

Ég þakka gestgjöfum okkar hér í Vídalínskirkju fyrir afnotin af kirkju og safnaðarheimili, þeim sem undirbúið hafa þingið og þeim sem hér hafa flutt okkur boðskap í tali og tónum. Góður Guði blessi okkur og leiði í þjónustunni í kirkju hans.

Kosningar í upphafi kirkjuþings 2017

Kosning þingforseta

Magnús E. Kristjánsson

Kosning 1. varaforseta

Egill H. Gíslason

Kosning 2. varaforseta

Drífa Hjartardóttir

Kosning fastra þingnefnda Kirkjuþings

Löggjafarnefnd

Geir Waage

Hreiðar Örn Zoëga Stefánsson

Jónína Bjartmarz

Axel Árnason Njarðvík

Skúli Sigurður Ólafsson

Stefán Magnússon

Steindór R. Haraldsson

Þorgrímur Danielsson

Ægir Örn Sveinsson

Fjárhagsnefnd

Birgir Rafn Styrmisson

Drífa Hjartardóttir

Egill H. Gíslason

Einar Karl Haraldsson

Gísli Gunnarsson

Gísli Jónasson

Hreinn Hákonarson

Ólafur Björgvin Valgeirsson

Svana Helen Björnsdóttir

Allsherjarnefnd

Elínborg Gísladóttir

Guðbjörg Arnardóttir

Guðlaugur Óskarsson

Guðrún Karls Helgudóttir

Halla Halldórsdóttir

Marinó Bjarnason

Ragnheiður Ásta Magnúsdóttir

Sjöfn Jóhannesdóttir

Þórunn Júlíusdóttir

Vigfús Bjarni Albertsson

Kosning formanna fastra þingnefnda

Löggjafarnefnd

Steindór R. Haraldsson

Fjárhagsnefnd

Gísli Jónasson

Allsherjarnefnd

Ragnheiður Ásta Magnúsdóttir

Kosning varaformanna fastra þingnefnda

Löggjafarnefnd

Jónína Bjartmarz

Fjárhagsnefnd

Birgir Rafn Styrmisson

Allsherjarnefnd

Vigfús Bjarni Albertsson

Kosning kjörbréfanefndar

Gísli Jónasson

Steindór Haraldsson, formaður

Halla Halldórsdóttir

Drífa Hjartardóttir

Sjöfn Jóhannesdóttir

Þingskrifarar

Birgir Rafn Styrmisson

Halla Halldórsdóttir

1. mál kirkjuþings 2017
Flutt af kirkjuráði

Skýrsla kirkjuráðs

Inngangur

Biskup Íslands, Agnes M. Sigurðardóttir, er forseti kirkjuráðs lögum samkvæmt. Auk biskups sitja í ráðinu fjórir fulltrúar kjörnir af kirkjuþingi til fjögurra ára, tveir leikmenn og tveir prestvígðir menn. Hinir kjörnu kirkjuráðsmenn og varamenn þeirra sitja allir á kirkjuþingi en kirkjuráð var kosið á kirkjuþingi 2014 til fjögurra ára. Þeir eru sr. Elínborg Gísladóttir, sóknarprestur í Grindavíkur-prestakalli, Kjalarnesprófastsdæmi, sr. Gísli Gunnarsson, sóknarprestur í Glaumbæjarprestakalli, Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi, Stefán Magnússon, bóndi og Svana Helen Björnsdóttir, rafmagnsverkfræðingur og framkvæmdastjóri. Varamenn í kirkjuráði eru Drífa Hjartardóttir bóndi, Einar Karl Haraldsson framkvæmdastjóri, sr. Geir Waage sóknarprestur og sr. Gísli Jónasson prófastur og sóknarprestur.

Starfsemi kirkjuráðs

Almennt

Um störf kirkjuráðs fer eftir lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 svo og starfsreglum um kirkjuráð nr. 817/2000. Þar er kveðið á um verkefni kirkjuráðs sem fer með framkvæmd þeirra sameiginlegu verkefna þjóðkirkjunnar sem lög og stjórnvaldsreglur ætla því og erinda sem vísað er til þess, m.a. af hálfu kirkjuþings, prestastefnu, samtaka leikmanna, ráðherra og Alþingis. Kirkjuráð undirbýr kirkjuþing í samráði við forseta þingsins og forsætisnefnd. Þá undirbýr ráðið þingmál sín og veitir kirkjuþingsfulltrúum sem þess óska aðstoð við framsetningu þingmála. Kirkjuráð annast almennt framkvæmd ákvarðana þingsins ef annað er ekki ákveðið af kirkjuþingi. Kirkjuráð hefur yfirumsjón með fjármálum og fasteignamálum þjóðkirkjunnar og fer með stjórn Jöfnunarsjóðs sókna, kirkjumálasjóðs og Kristnisjóðs. Ráðið úthlutar úr sjóðunum á grundvelli umsókna og fjárhagsáætlana. Í fjármálaumsýslunni felst m.a. að gera fjárhagsáætlanir og fjárlagatillögur og árita ársreikninga þeirra sjóða sem ráðið stýrir og leggur fram á kirkjuþingi.

Kirkjuráðsfundir

Kirkjuráð heldur fund að jafnaði einu sinni í mánuði á biskupsstofu og á þessu starfsári (kirkjuþingsárinu) hélt ráðið ellefu reglulega fundi auk fjögurra aukafunda. Forseti kirkjuþings situr fundi kirkjuráðs þegar málefni kirkjuþings eru til umfjöllunar. Víglubiskupar sitja fundi ráðsins þegar málefni biskupsstólanna eru til umfjöllunar.

Starfshópar kirkjuráðs

Starfshópar kirkjuráðs eru lagahópur, fjármalahópur og kirkjustarfs- / fasteignahópur. Þeir eiga sér samsvörun í föstum þingnefndum kirkjuþings og eru skipaðir formanni

viðkomandi þingnefndar, fulltrúa úr kirkjuráði og fulltrúa biskups Íslands. Fyrst taldi hópurinn hefur ekki starfað en löggjafarnefnd kirkjuþings hefur starfað nær óslitið milli þinga í umboði þess.

Starfsfólk kirkjuráðs

Framkvæmdastjóri kirkjuráðs er Oddur Einarsson. Annað starfsfólk kirkjuráðs eru Guðrún Finnbjarnardóttir fulltrúi, ritari kirkjuráðs, Arnór Skúlason arkitekt, verkefnisstjóri á fasteignasviði og Skúli Guðmundsson hdl., lögfræðingur Kirkjumálasjóðs og sérfræðingur kirkjuþings við undirbúning kirkjuþingsmála og úrvinnslu samþykktar þingsins.

Verkefni kirkjuráðs á starfsárinu

Reglulegt kirkjuþing, 54. kirkjuþing 2016, var haldið í Grensáskirkju og hófst hinn 5. nóvember 2016. Hinn 9. nóvember var því frestað og framhaldið 25. febrúar 2017. Alls voru 25 mál á dagskrá þingsins og 17 þeirra voru afgreidd frá því en afgreiðslu átta mála var vísað til framhaldsfundar og þá lagt var fram með afbrigðum eitt mál til viðbótar. Kirkjuráð lagði fram tvö mál, biskup Íslands flutti sex mál, forsætisnefnd eitt mál, löggjafarnefnd fjögur mál og kirkjuþing unga fólksins eitt mál. Þingmannamál voru sjö. Alls var 21 mál afgreitt á þinginu, tvö mál voru sameinuð, þrjú mál voru dregin til baka og eitt reyndist gallað og var ekki afgreitt frá kirkjuþingi 2016.

Aukakirkjuþing 2017

Á (2)62. fundi kirkjuráðs hinn 14. mars 2017 var upplýst að á afgreiðslu 15. máls kirkjuþings 2016 sem varðaði tillögu að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa nr. 1108/2011 hefðu verið ágallar sem væru þess eðlis að starfsreglurnar væri ekki unnt að birta nema kirkjuþing kæmi saman til að afgreiða þær að nýju. Fundurinn ályktaði að framhald málsins væri í höndum forseta kirkjuþings og forsætisnefndar þingsins. Niðurstaða þessara aðila var sú að kalla saman aukakirkjuþing hinn 30. mars 2017 og taka þar starfsreglurnar til afgreiðslu. Að því loknu voru hinar nýju starfsreglur birtar í stjórnartíðindum.

Gerðir kirkjuþings eru gefnar út og þeim dreift til þingfulltrúa, presta, formanna sóknarnefnda o. fl. Þar eru breytingar á starfsreglum, nýjar starfsreglur, ályktanir og samþykktir kirkjuþings. Kirkjuráð hefur unnið að framkvæmd og kynningu þeirra mála sem kirkjuþing fól ráðinu að sinna. Jafnframt hafa samþykktar starfsreglur verið birtar í Stjórnartíðindum.

Skal nú gerð grein fyrir störfum kirkjuráðs við framkvæmd samþykktar kirkjuþings.

Ályktanir og samþykktir 54. kirkjuþings 2016 og viðbrögð kirkjuráðs við þeim

Mál 54. kirkjuþings sem vísað var til kirkjuráðs eða kirkjuráð ákvað að taka á dagskrá sína voru tekin fyrir á (2)57. fundi kirkjuráðs hinn 29. nóvember og þar afgreidd með eftirgreindum hætti:

1. *1. mál, skýrsla kirkjuráðs.*
Kirkjuþing 2016 ályktar mikilvægi þess að bæta skuli stöðu kynningar- og upplýsingamála þjóðkirkjunnar og áréttar ályktun Kirkjuþings 2015 sama efnis. Kirkjuráð tók undir ályktun kirkjuþings og upplýst var að unnið væri að því að bæta stöðuna að þessu leyti.
2. *7. mál, tillaga til þingsályktunar um sóknasamband.*
Kirkjuþing ályktar að hafinn verði undirbúningur að stofnun sambands sókna og vísar málinu til kirkjuráðs.
3. *8. mál, þingsályktun um átak til aukins samstarfs sókna.*
Kirkjuþing 2016 beinir því til biskups Íslands, biskupafundar og kirkjuráðs að á næstu árum verði unnið að sérstöku átaki til að hvetja sóknir þjóðkirkjunnar til að huga að auknu samstarfi og jafnvel sameiningum þar sem það þykir henta og þá jafnt í þéttbýli sem dreifbýli. Jafnframt er því beint til kirkjuráðs að Jöfnunarsjóður sókna styðji þetta átak með því að úthluta styrkjum til þeirra sókna sem vilja sameinast skv. sérstökum reglum sem settar yrðu þar um.
7. og 8. mál voru rædd saman. Samþykkt var að skipaður yrði þriggja manna starfshópur til að vinna málinu framgang og málið tekið á dagskrá desemberfundar kirkjuráðs. Sjá einnig umfjöllun um 265. og 271. fund kirkjuráðs í kaflanum: Verkefni kirkjuráðs á sviði fjármála.
4. *12. og 13. mál, starfsreglur um kirkjuráð.*
Breyttar starfsreglur taka gildi hinn 1. janúar 2017. Samþykkt var að Kirkjuráð feli framkvæmdastjóra að hefja þegar í stað undirbúning að innleiðingu breyttra starfsreglna með hönnun breyttra verklagsreglna á skrifstofu ráðsins til að tryggja hnökralausa framkvæmd þeirra frá fyrsta degi. Jafnframt verði honum falið að annast um að hinar breyttu starfsreglur verði birtar í Stjórnartíðindum.
5. *16. mál, þingsályktun um ráðningu starfsmanns kirkjuþings.*
Kirkjuþing samþykkti að forsætisnefnd þingsins fái heimild til að ráða löglærðan starfsmann kirkjuþings í hlutastarf í tvö ár frá og með næstu áramótum. Starfsmaðurinn verði óháður öðrum kirkjulegum stofnunum í störfum sínum. Samþykkt var að kirkjuráð feli framkvæmdastjóra að hefja þegar í stað undirbúning að ráðningunni í samráði við forseta kirkjuþings.
6. *17. mál, þingsályktun um skírnarfræðslu.*
Samþykkt var að Kirkjuráð feli framkvæmdastjóra að taka skipan nefndarinnar á dagskrá næsta fundar í fjárhagsáætlun Kirkjumálasjóðs fyrir næsta ár. Sjá einnig umfjöllun um 271. fund kirkjuráðs í kaflanum: Önnur mál sem kirkjuráð fjallaði um á kirkjuþingsárinu og rétt þykir að gera kirkjuþingi grein fyrir.
7. *18. mál, þingsályktun um líknarsjóði sókna.*
Samþykkt var að Kirkjuráð feli framkvæmdastjóra að vinna að framgangi málsins í samræmi við ályktun kirkjuþings.
8. *19. mál, þingsályktun um útgáfu sálmabókar þjóðkirkjunnar árið 2017.*
Samþykkt var að Kirkjuráð feli framkvæmdastjóra að taka málið á dagskrá næsta fundar í fjárhagsáætlun Kirkjumálasjóðs fyrir næsta ár.

9. *22. mál, breyting á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007.*
Samþykkt var að Kirkjuráð feli framkvæmdastjóra að annast um að hinar breyttu starfsreglur verði auglýstar í Stjórnartíðindum og kynntar öllum hlutaðeigandi aðilum.
10. *23. mál, þingsályktun um skýrslu um stefnumótun þjóðkirkjunnar.*
Ályktun kirkjuþings kvað á um að kirkjuráð hafi málið til ákvörðunar um það hvort sviðsmyndir verði nýttar við vinnu við stefnumótun þjóðkirkjunnar.
Samþykkt var að kirkjuráð kalli til sín sérfræðinga á sviði sviðsmyndagerða og kynni sér þá hugmyndafræði sem liggur þar að baki til að undirbyggja ákvörðun ráðsins um hvort farin verður þessi leið í stefnumótun þjóðkirkjunnar. Sjá einnig umfjöllun um 270. fund kirkjuráðs í kaflanum: Önnur mál sem kirkjuráð fjallaði um á kirkjuþingsárinu og rétt þykir að gera kirkjuþingi grein fyrir.
11. *Tímasetning framhaldsþings.*
Fram kom tillaga um að framhaldsþing verði haldið laugardaginn 25. febrúar 2017. Tillagan var samþykkt.
12. *Nefnd um kirkjuþingskosningar.*
Lögð var fram kostnaðaráætlun vegna starfs nefndarinnar. Samkvæmt áætluninni er gert ráð fyrir að kostnaður við starfið verði kr. 300.000.
Kirkjuráð ályktar að vísa málinu til næsta fundar og gerðar fjárhagsáætlunar næsta árs.
13. *Kynning á frumvarpi til nýrra þjóðkirkjulaga.*
Lögð var fram kostnaðaráætlun vegna kynningarinnar. Samkvæmt áætluninni er gert ráð fyrir að kostnaður við starfið verði allt að kr. 3.800.000. Kirkjuráð ályktar að vísa málinu til næsta fundar og gerðar fjárhagsáætlunar næsta árs.

Kirkjuþing unga fólksins 2016

Kirkjuþing unga fólksins kemur saman árlega. Hlutverk þess er að ræða stöðu og hlutverk ungs fólks í þjóðkirkjunni og í samfélagi kirkna um heim allan. Þar eiga sæti fulltrúar prófastsdæma Þjóðkirkjunnar og fulltrúar frá KFUM og KFUK. Fulltrúarnir skulu vera á aldrinum 14 til 30 ára og skráðir í þjóðkirkjuna. Kirkjuþing unga fólksins er vettvangur ungs fólks til að hafa áhrif á starfsemi kirkjunnar.

Kirkjuþing unga fólksins var haldið á Biskupsstofuhinn 20. maí 2017. Kirkjuþingsfulltrúar voru 15 frá fimm prófastsdæmum, ásamt fulltrúa frá KFUM/K. Hafdís Ósk Baldursdóttir frá Kjalarnesprófastsdæmi var kjörin forseti þingsins og hún var jafnframt kjörin áheyrnarfulltrúi á kirkjuþing hið almenna.

Fimm mál voru á dagskrá og voru lögð fram til kynningar. Málin fjölluðu um Farskóla leiðtogaefna; samræmt námskeið fyrir starfsfólk í æskulýðsstarfi; umhverfisstefnu þjóðkirkjunnar; sterkari stöðu unga fólksins á kirkjuþingi og skipan starfshóps til endurskoðunar skipulags æskulýðsmála.

Ályktanir kirkjuþings unga fólksins 2016

Farskóli leiðtogaefna – fjölþjóðlegt verkefni?

Fyrsta mál fjallaði um breytingu á farskóla leiðtogaefna og möguleika á því að gera hann að fjölþjóðlegu verkefni. Áréttað var að Farskólinn er verkefni sem kirkjan getur verið stolt af. Kirkjuþing ályktaði um hugmyndir að stækka verkefnið og gera það að evrópsku verkefni. Lagt var til að skipa nefnd út frá stjórn prófastdæmanna til að skoða verkefnið og skal hún skila tillögu að framkvæmd sem hægt væri að taka fyrir á næsta þingi.

Samræmt námskeið fyrir starfsfólk í æskulýðsstarfi Kirkjunnar

Kirkjuþing unga fólksins ályktaði að fært yrði í starfsreglur kirkjunnar að allt starfsfólk skuli sitja samræmt námskeið um starfshætti æskulýðsleiðtoga og siðareglur kirkjunnar. Fræðsluvið skuli annast námsskrá og í samvinnu við fræðslufulltrúa skipuleggja reglubundið námskeiðshald. Fulltrúar biskups og prófaste skulu fylgja eftir að fræðsluskyldu og að námskeiðsetu sé sinnt. Einnig var lagt til að grunnnámskeið fyrir leiðtoga í barna og unglingastarfi kirkjunnar yrði breytt í eins konar skóla þar sem sama námsefni væri fyrir öll prófastsdæmin, hægt væri að fá námið viðurkennt af menntamálaráðuneytinu og meta til eininga á framhaldsskólastigi. Markmið námsins yrði að auka þekkingu á siðareglum og starfsreglum kirkjunnar og félags- og sálfræði þekkingu innan æskulýðsstarfa. Skólinn yrði fyrir eldri leiðtoga sem hafa t.d. lokið Farskóla leiðtogaefna.

Viðbót við umhverfisstefnu Þjóðkirkjunnar – útrýming einnota plastmálum í safnaðarstarfi fyrir 2020

Kirkjuþing unga fólksins ályktaði að bætt yrði við umhverfisstefnu þjóðkirkjunnar að einnota plastmálum verði útrýmt úr safnaðastarfi kirkjunnar fyrir 2020. Þingið hvatti umhverfisnefnd Biskupsstofu að brýna fyrir söfnuðum kirkjunnar að hætta notkun einnota plastmála þegar í stað og draga einnig úr notkun annarra einnota umbúða. Sameinuðu þjóðirnar hafa sett í gang alheimsherferð gegn plastmengun heimshafanna. Eitt af markmiðum herferðarinnar er að binda enda á notkun einnota plastumbúða fyrir 2022. Landvernd heldur utan um herferðina hér á landi. Þjóðkirkjan skal standa í stafni þeirrar hugarfarsbreytingar sem þarf vegna notkun plasts og áhrif þess á umhverfið. Kirkjuþing unga fólksins lætur sig umhverfið varða og þess má geta að þingið í ár var pappírslaut annað árið í röð og hafa umhverfismál legið fyrir þinginu á hverju ári.

Starfshópur til endurskoðunar skipulags æskulýðsmála Þjóðkirkjunnar

Biskup Íslands lagði fram mál á kirkjuþingi unga fólksins um skipan starfshóps á vegum biskups Íslands er endurskoði skipulag æskulýðsmála þjóðkirkjunnar. Starfshópurinn verður skipaður einum fulltrúa sem biskup tilnefnir, einum fulltrúa tilnefndum af kirkjuþingi unga fólksins og einum fulltrúa tilnefndum af ÆSKP. Nefnd þessi er svar við óskum kirkjuþings unga fólksins 2016 um meiri athygli og eftirfylgni með æskulýðsmálum. Kirkjuþing unga fólksins 2017 studdi skipan starfshópsins. Hafdís Ósk Baldursdóttir var kjörin til setu í hópnum fyrir hönd KUF.

Sterkari staða á Kirkjuþingi

Góð reynsla er komin á starf kirkjuþings unga fólksins en það kom saman í áttunda skiptið í ár. Kirkjuþing unga fólksins ályktaði að fulltrúi KUF á kirkjuþingi hafi atkvæðisrétt í stað þess að vera áheyrnafulltrúi. Forsetar KUF hafa hingað til haft málfrelsi og tekið virkan þátt í störfum kirkjuþings. Þingið taldi eðlilegt að gefa þeim frekari tækifæri á að hafa mótandi áhrif á störf þingsins og niðurstöður með því að þeir öðlist atkvæðisrétt á þinginu.

Kirkjuráð sendi kirkjuþingi unga fólksins þakkir fyrir ábendingar og góðar tillögur. Lýkur hér umfjöllun um kirkjuþing unga fólksins og ályktanir þess.

Verkefni kirkjuráðs

Fyrsti fundur kirkjuráðs eftir 54. kirkjuþing var 257. fundur og var haldinn hinn 29. nóvember á síðasta ári. Alls urðu fundir kirkjuráðs 15 á kirkjuþingsárinu eins og áður hefur komið fram og var síðasti fundur fyrir núverandi kirkjuþing sá (2)71. í röðinni. Í skýrslu þessari verður vísað til fundanna um gjörðir kirkjuráðs í númeraröð og til hægðarauka verður einungis vísað til þess tugar sem þeir tilheyra. Þannig verður 257. fundur nefndur 57. fundur, 258. fundur verður nefndur 58. fundur o.s.frv. Einungis verður fjallað um mál sem tekin voru á dagskrá og hlutu þar afgreiðslu af hálfu ráðsins eða skuldbindandi ákvörðun var tekin um.

Verkefni kirkjuráðs á fasteignasviði

Verkefni fasteignasviðsins voru til umfjöllunar á þrettán fundum kirkjuráðs á starfsárinu.

Á (2)57. fundi var lögð fram stefnumörkun vígslubiskups og stjórnar vegna vinnu við deiliskipulag fyrir Skálholtsstað og Skálholtsjörðina. Kirkjuráð ályktaði að gerð verði áætlun í tengslum við uppbyggingu Skálholtsstaðar sem ferðamannastaðar þar sem fram kæmu markmið um fjölda ferðamanna, þær tekjur sem hafa mætti af slíkri starfsemi og þær endurbætur sem gera þarf til að þeim markmiðum yrði náð. Kirkjuráð samþykkti að deiliskipulagsvinnu verði fram haldið. Kirkjuráð samþykkti jafnframt að unnar verði tillögur að breyttri nýtingu á húsakosti staðarins skv. tillögum þar um. Hallveigartröð 4, Reykholti, forkaupsréttur Kirkjumálasjóðs. Eignin er í sölumæðferð en Kirkjumálasjóður á forkaupsrétt á henni skv. lóðaleigusamningi. Samþykkt var að fallið verði frá forkaupsréttinum.

Á (2)58. fundi var samþykkt að veita eiganda Löngumýrarskóla í Skagafirði leyfi til að reisa sólskála við húsið.

Á (2)59. fundi var lögð fram uppsögn ábúðar á jörð Kirkjumálasjóðs að Hraungerði í Flóahreppi. Kirkjuráð fól framkvæmdastjóra og fasteignasviði ásamt kirkjustarfhópi að kanna möguleika á nýtingu jarðarinnar. Þá var samþykkt að fasteignin Laugavegur 31 yrði sett á söluskrá.

Á (2)61. fundi var ákveðið að hafna öllum tilboðum sem bárust í fasteign Kirkjumálasjóðs að Laugavegi 31.

Á (2)62. fundi samþykkti kirkjuráð leyfi til handa Orkustofnunar vegna nýtingar jarðhita og til handa RARIK vegna lagningar jarðstrengja á landi Reykhólts í Borgarfirði.

Á (2)64. fundi samþykkti kirkjuráð erindi Stefáns og Jóns Tr. Guðmundssona þar sem óskað var eftir að fá að taka jörðina Hraungerði á leigu til eins árs gegn leigugjaldi sem nemi 3% af fasteignamati jarðarinnar fyrir yfirstandandi ár. Kirkjuráð fól jafnframt fasteignasviði að undirbúa sölu jarðarinnar.

Á (2)65. fundi var samþykktur samningur við Ölkeldubændur um leigu á tünnum prestssetursjarðarinnar að Staðastað. Þá samþykkti kirkjuráð að gera samstarfssamning við HS Orku um endurheimt votlendis á allt að 10 ha. landssvæði vegna fyrirhugaðrar Brúarvirkjunar. Fram kom að verkefnið væri án kostnaðar fyrir Kirkjumálasjóð. Kirkjuráð samþykkti jafnframt samstarf við Auðlind, náttúrusjóð um sambærilegt verkefni.

Á (2)66. fundi samþykkti kirkjuráð erindi varðandi skráningu landeignarinnar Þorgilsreitur í fasteignaskrá en hún er hluti Hofis í Vopnafirði og er eigninni afsalað sem lóðar undir safnaðarstofu.

Á (2)67. fundi var ákveðið að veiðihlunnindi sem fylgja Hofi í Vopnafirði verði undanskilin í auglýsingu um sóknarprestsembætti Hofsprestakalls. Kirkjuráð samþykkti tillöguna en ályktaði að sú ákvörðun verði endurskoðuð þegar starfshópur kirkjuráðs sem kirkjuþing 2015 ályktaði að skipaður yrði til að skoða slík mál í tengslum við stefnumörkun Þjóðkirkjunnar um eignir og eignastýringu skilar niðurstöðu sinni.

Á (2)68. fundi voru til umfjöllunar Reykhólar, málefni prestbústaðar, leigusamningur um húsnæði. Lögð fram skýrsla verkfræðistofunnar Verkís með viðhalds- og kostnaðarmati prestbústaðarins að Reykhólum. Þá var lagður fram leigusamningur við Brynju, hússjóð Öryrkjabandalags Íslands um 52,7 m² íbúð við Barmahlíð í Reykhólahreppi. Leigusamningurinn er til ársloka 2017 með heimild til framlengingar. Íbúðin verður nýtt sem aðstaða fyrir sóknarprestinn á Reykhólum þar til ákvörðun hefur verið tekin um framtíðarfyrirkomulag prestþjónustu í prestakallinu. Kirkjuráð ályktar að leggja til við komandi kirkjuþing að prestbústaðurinn verði settur á söluskrá og húsið selt í núverandi ástandi.

Á (2)69. fundi var tekið fyrir málið Kálfafellsstaður, ósk um liðveislu í dómsmáli. Lagt var fram erindi lögmannsstofunnar Lögmennt Höfðabakka með ósk um leiðveislu í dómsmáli. Einnig lögð fram stefna til réttargæslu í máli Héraðsdóms Austurlands nr. E- 36/2007, eigendur Borgarhafnar gegn eigendum Kálfafellsstaðar og gagnsök. Kirkjuráð ályktaði að fela fasteignasviði að bregðast við stefnunni með viðeigandi hætti. Þá samþykkti kirkjuráð að óska eftir nýju verðmati á jörðinni Hraungerði í Flóahreppi vegna uppsagnar ábúðar.

Á (2)70. fundi var tekið fyrir málið Fellsmúli, beiðni um leyfi fyrir lagningu hitaveitulagnar. Lagt var fram erindi Rangárbús ehf. vegna lagningar hitaveitulagnar frá fiskeldisstöð Matorku í landi Fellsmúla. Kirkjuráð samþykkti erindið. Þá var tekið fyrir málið Reykholt, endurnýjun á samningi um skógrækt. Lagt var fram erindi sóknarprestisins í Reykholti varðandi endurnýjun samnings við Skógræktarfélag Borgarfjarðar um skógrækt í Reykholti. Kirkjuráð samþykkti erindið.

Verkefni kirkjuráðs á sviði fjármála

Verkefni kirkjuráðs á sviði fjármála voru til umfjöllunar á alls ellefu fundum á starfsárinu. Á (2)58. fundi voru lagðar fram fjárhagsáætlanir biskupsstofu og sjóða og stofnana kirkjunnar. Kirkjuráð samþykkti þær með fyrirvara um framlög á fjárlögum. Áætlanirnar voru birtar sem fylgiskjöl með fundargerð fundarins.

Á (2)59. fundi var tekin fyrir fundargerð fjármalahóps kirkjuráðs frá 12.01.2017. Tekinn var fyrir 3. liður dagskrár fundarins, styrkbeiðni frá Hinu íslenska biblíufélagi. Fjármalahópur kirkjuráðs lagði til við kirkjuráð að Hinu íslenska biblíufélagi yrði veittur styrkur að fjárhæð 1,5 m.kr. til að styðja við rekstur félagsins. Styrknum fylgdu einlægar óskir um að félaginu megi takast að hámarka árangur sinn af hinu mikilvæga starfi félagsins. Styrknum fylgdu jafnframt óskir um að félagið leggi allan kraft sinn í að ná til þeirra sem erfa munu land, með því að huga að skipulagi sínu og starfsaðferðum í því skyni að virkja þá krafta atvinnulífsins sem eru hliðhollir og vinveittir kirkjunni og þeim kjarna hennar sem biblían geymir og geta hugsað sér að koma til liðs við félagið. Styrkveitingin var samþykkt með þessari ályktun. Tekinn var fyrir 4. liður, framlög til Hólastaðar. Framlag til Guðbrandsstofnunar að fjárhæð 1,5 millj. kr. virtist hafa fallið niður í fjárhagsáætlun Kristnisjóðs fyrir árið 2017. Samþykkt var að leiðrétta úthlutunina og veita 1,5 m.kr. framlag til Guðbrandsstofnunar. Tekinn var fyrir 5. liður, fjármalahópur vakti athygli á að niðurfelling á eftirstöðvum skuldar Skálholts við Kirkjumálasjóð sem samþykkt var árið 2014 að fjárhæð um 8,7 millj. kr. hafi fallið niður í fjárhagsáætlun Kirkjumálasjóðs fyrir árið 2017. Samþykkt var að bæta framlaginu inn í áætlun sjóðsins. Tekinn var fyrir 7. liður, framlag til skírnarfræðslunefndar. Kirkjuráð samþykkti framlag að fjárhæð 200.000 kr. Fundargerð fjármalahóps þannig samþykkt. Þá voru teknar fyrir fjárhagsáætlanir biskupsstofu, stofnana og sjóða 2017, endurskoðun í ljósi afgreiðslu fjárlaga 2017 og fjárukalaga II 2016. Lagt var fram yfirlit sem sýndi uppgjör gagnvart fjárheimildum, bráðabirgðastaða 2016, áhrif á áætlanir 2017. Kirkjuráð ályktaði að ekki væri ástæða til að endurskoða fjárhagsáætlanir þær sem samþykktar voru á desemberfundi í ljósi stöðunnar en vísaði til tillögu fjármalahóps um aukaúthlutun úr Jöfnunarsjóði sókna.

Á (2)62. fundi var tekin fyrir fundargerð fjármalahóps 10.03.2017. Fyrir var tekið 1. mál, endurgreiðsla á framlagi Jöfnunarsjóðs til biskupsstofu. Kirkjuráð ályktaði endurgreiðslan eigi sér stað enda standi allar forsendur til þess með því að ríkissjóður hefur endurgreitt biskupsstofu það framlag sem var forsenda framlags Jöfnunarsjóðs sókna til biskupsstofu.

Á (2)63. fundi var tekin fyrir málshöfðun Halldórs Gunnarssonar og Stórólshvolssóknar á hendur biskupi Íslands og áfrýjunarnefndar þjóðkirkjunnar til ógildingar á úrskurði áfrýjunarnefndarinnar í máli sóknarinnar vegna úthlutunar styrkja úr Jöfnunarsjóði sókna. Kirkjuráð samþykkti að fela Gesti Jónssyni hrl. að annast málsvörnina.

Á (2)64. fundi var lögð fram kostnaðaráætlun vegna gerðar starfsreglna. Gert er ráð fyrir að kostnaðurinn muni nema 1,5 m.kr. Kirkjuráð samþykkti áætlunina og ályktaði að gætt yrði ýtrasta aðhalds og fastráðið starfslíð kirkjuráðs nýtt svo sem kostur er til að halda niðri kostnaði. Þá var tekin fyrir breyting á fjárhagsáætlun Kirkjumálasjóðs vegna aukakirkjuþings, verkefna löggjafarnefndar og vígslubiskupskosningar. Lagt var fram yfirlit

um kostnað vegna verkefna sem ekki var gert ráð fyrir á fjárhagsáætlun Kirkjumálasjóðs en fallið hafa til eða munu falla til vegna ákvarðana sem teknar hafa verið. Kirkjuráð ályktar að gert verði ráð fyrir 14 m.kr. hækkun útgjalda Kirkjumálasjóðs vegna þessa auk kostnaðar vegna gerðar starfsreglna við endurskoðun fjárhagsáætlunar sjóðsins.

Á (2)65. fundi var tekin fyrir fundargerð fjármálahóps frá 8. maí 2017. Tekið var fyrir 3. mál, kirkjuráð ákvað að veita 2,5 m.kr. styrk vegna reksturs og sumarbúðastarfs á vegum Kirkjumiðstöðvar Austurlands og vísar málinu til endurskoðunar rekstraráætlunar Kirkjumálasjóðs. Tekið var fyrir 5. mál. Kirkjuráð bendir á að sóknir hafa verið sameinaðar og reynsla af því hefur verið mjög góð. Kirkjuráð samþykkir eftirfarandi tillögu fjármálahóps: Kirkjuþing 2016 hvatti til þess að gert yrði átak sem miðaði að því að hvetja sóknir til samstarfs og sameiningar. Kirkjuráð telur að með tilliti til stöðu Jöfnunarsjóðs sé tímabært að beita Jöfnunarsjóði í þessu skyni ef þörf krefur. Hlutverk Jöfnunarsjóðs er með þeim hætti að stuðningur við sameiningar rúmast innan þess, enda er sjóðnum meðal annars ætlað að leitast við að jafna aðstöðu og styrkja sóknir þar sem sóknargjöld nægja ekki fyrir nauðsynlegum útgjöldum. Kirkjuráð vekur athygli forráðamanna sókna þjóðkirkjunnar á eftirfarandi: Sóknir sem hyggja á sameiningu geta óskað eftir stuðningi Jöfnunarsjóðs með það að markmiði að jafna aðstöðu sóknanna til sameiningar. Úthlutun til sameiningar sé rökstudd og afgreidd til eins árs í senn eins og reglur sjóðsins standa til, að því gefnu að ákvörðun sókna hafi verið tekin með réttum hætti. Jafnframt er Jöfnunarsjóði heimilt samkvæmt reglugerð um sjóðinn að veita vilyrði um áframhaldandi stuðning til allt að fjögurra ára. Fundargerðin samþykkt með þessari ályktun.

Á (2)66. fundi var tekin fyrir fjármálaáætlun ríkisins 2018-2022, afgreiðsla Alþingis og næstu skref. Lagður var fram útdráttur úr nefndaráliti meirihluta fjárlaganefndar Alþingis þar sem fram kemur að nefndin leggur áherslu á að samningar náist um fjárhagsleg samskipti ríkis og kirkju fyrir gerð fjárlaga fyrir árið 2018. Kirkjuráð ályktaði að taka undir þessa ályktun Alþingis og lýsir yfir vilja sínum til að leggja samninganefnd kirkjunnar sem kjörin var af kirkjuþingi allt það lið sem það hefur yfir að ráða til að þetta megi takast.

Á (2)67. fundi var tekið fyrir málefni Ástjarnarkirkju, erindi varðandi lúkningu á fjármögnun byggingarframkvæmda við safnaðarheimili. Erindið var áður á dagskrá kirkjuráðs á (2)66. fundi. Það var endurflutt þar eð taka þurfti ákvörðun um lokagreiðslu á styrk til sóknarinnar vegna byggingar safnaðarheimilis sem jafnframt verður nýtt til allra kirkjulegra athafna í sókninni. Fram var lagt erindi sóknarnefndarinnar dags. 22. maí 2017. Jafnframt var lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra dags. 14. júlí þar sem fram kom að þann dag var lokaúttekt framkvæmdarinnar þar sem mannvirkið var afhent sóknarnefndinni fullbúið af hendi verktakans. Fram kom að framkvæmdastjóri kirkjuráðs og verkefnisstjóri fasteignasviðs hefðu verið viðstaddir úttektina. Ekkert hafi þar komið fram sem gaf til kynna að verkkaupi hefði athugasemdir við að taka við mannvirkinu sem fullbúnu. Kirkjuráð samþykkti að lokagreiðsla styrks Jöfnunarsjóðs sókna til sóknarinnar vegna framkvæmdarinnar, 30 m.kr. yrði innt af hendi.

Á (2)68. fundi var tekin fyrir áætlun um kostnað við nýjan vef kirkjunnar, stofnkostnaðar-áætlun og ritstjórnarstefna. Málið hafði áður verið til umfjöllunar á (2)66. fundi þar sem

kirkjuráð hafði lýst yfir stuðningi við verkefnið og óskað eftir nákvæmari kostnaðaráætlun. Áætlunin gerir ráð fyrir að heildarrekstrarkostnaður verði um 1,9 m.kr. á mánuði.

Á (2)69. fundi var lagt fram yfirlit um rekstur samstæðu kirkjunnar fyrir fyrri árshluta 2017. Það samanstóð af samstæðuyfirliti og rekstraryfirliti fyrir biskupsstofu, sjóði og stofnanir þjóðkirkjunnar, þ.e. kirkjumálasjóð, Kristnisjóð, Jöfnunarsjóð sókna, Skálholtsstað, Strandarkirkju og Tónskóla þjóðkirkjunnar. Samkvæmt yfirlitinu var 45,4 m.kr. afgangur af fjárheimildum eftir fyrri árshluta ársins 2017. Kirkjuráð fól framkvæmdastjóra og fjármálahópi kirkjuráðs að yfirfara yfirlitið og gera tillögu að breytingum á einstökum liðum fjárhagsáætlana þar sem ákvarðanir ráðsins eða breyttar forsendur kalla á breytingar. Tillagan verði lögð fyrir næsta fund kirkjuráðs til afgreiðslu. Þá var lögð fram umsókn um styrk úr Kristnisjóði vegna ráðstefnu áhugahóps um guðfræðiráðstefnur. Umsóknin hafði komið fram innan tilskilins frests en hafði ekki hlotið efnislega meðferð vegna misvísandi upplýsinga. Kirkjuráð samþykkti að veita til verkefnisins 400 þúsund krónum gegn því að nemendur í starfsþjálfun djákna- og guðfræðinema ásamt hópi starfsfólks biskupsstofu fengju aðgang að ráðstefnunni. Fjárhagsáætlun Kristnisjóðs verði breytt til samræmis við samþykktina. Þá var tekinn fyrir samningur um útgáfustyrk vegna ritsins Kirkjur Íslands og samþykkt að flytja til þessa árs ónýtta fjárheimild frá fyrra ári vegna samningsins að fjárhæð 1,5 m.kr.

Á (2)70. fundi voru kynntar tillögur fjármálahóps kirkjuráðs um úthlutun styrkja úr Jöfnunarsjóði sókna, kirkjumálasjóði og Kristnisjóði 2018. Farið var yfir tillögurnar og kirkjuráð ályktaði að vísa þeim til annarrar umræðu í fjármálahópi og næsta fundar kirkjuráðs.

Á (2)71. fundi var til umfjöllunar fjárhagsáætlun biskupsstofu. Þá var jafnframt til umfjöllunar fundargerð fjármálahóps kirkjuráðs ásamt tillögum um fjárhagsáætlanir Jöfnunarsjóðs sókna, kirkjumálasjóðs, Kristnisjóðs og Tónskóla þjóðkirkjunnar 2018. Málefni Jöfnunarsjóðs höfðu verið til umfjöllunar á (2)60., (2)62. og (2)65. fundi þar sem rætt hafði verið um hugmyndir fjármálahópsins um sameiningardeild Jöfnunarsjóðs en fjármálahópurinn tók í raun að sér verkefni starfshóps þess sem kirkjuþing hafði ályktað að stofnaður yrði til að ræða aðkomu Jöfnunarsjóðs sókna að sameiningum. Á (2)65. fundi kirkjuráðs var síðan samþykkt ályktun sú sem fjármálahópurinn hafði gert tillögu um.

Önnur verkefni en þau er varða fjármál og fasteignir

Málefni Skálholts

Málefni Skálholts voru til umfjöllunar með einum eða öðrum hætti á tíu fundum kirkjuráðs á kirkjuþingsárinu.

Á (2)57. fundi fól kirkjuráð forseta sínum að undirbúa ákvörðun ráðsins um kjördag í vígslubiskupskosningum og leggja fyrir næsta fund.

Á (2)58. fundi var því frestað og á (2)59. fundi kom fram að í ljósi komandi framhaldskirkjuþings 25. febrúar hefði starfsreglur um biskupskjör á dagskrá sinni væri rétt að bíða ákvörðunar kirkjuþings áður en kjördagur væri ákveðinn.

Á (2)60. fundi var bókasafn Skálholtsstaðar til umfjöllunar og jafnframt hugmyndir um kaup á utanaðkomandi sérfræðiráðgjöf vegna uppbyggingar í Skálholti.

Á (2)61. fundi var síðan ákveðið að kjör til vígslubiskups Skálholtsumdæmis hæfist hinn 15. ágúst 2017.

Á (2)64. fundi var tekið fyrir erindi kjörstjórnar Þjóðkirkjunnar þar sem lagt var til að rafræn tilnefning til vígslubiskups í Skálholti standi yfir dagana 23. til 28. ágúst nk. og kjörgögn verði send út, þ.e. að póstkosningin hefjist þann 28. september nk. Kirkjuráð samþykkti erindið.

Á (2)66. fundi voru lögð fram drög að samstarfssamningi við ráðgjafarfyrtækið ALTA. Kirkjuráð samþykkti að vísa málinu til stjórnar Skálholts og vígslubiskups og taka það fyrir að nýju eftir umfjöllun þeirra.

Á (2)68. fundi var lögð fram tillaga að deiliskipulagi fyrir Skálholt, sveitarfélaginu Bláskógabyggð, greinargerð, skilmálar og umhverfisskýrsla, unnið af arkitektastofunni Landslag ehf. landslagsarkitektum.

Á (2)69. fundi var tekið fyrir verkefni Verndarsjóðs Skálholtsdómkirkju, gluggaverkefni. Á fundinum samþykkti kirkjuráð að verkefnið verði hafið með því að láta taka niður fimm glugga í kirkjunni og flytja þá á verkstæði Stefan Oidtmanns í Þýskalandi til viðgerðar enda lá fyrir að verndarsjóðurinn hefur safnað framlögum sem nægja fyrir kostnaði við viðgerðina. Þá var á fundinum kynnt tillaga að deiliskipulagi fyrir Skálholt.

Á (2)70. fundi var staða Skálholtsbúsins til umræðu og þar var jafnframt kynnt afstaða stjórnar Skálholts til fyrirhugaðrar biblíusýningar í Þorláksbúð í Skálholti. Kirkjuráð ályktaði að vandséð væri að umbúnaður Þorláksbúðar væri slíkur að óhætt væri að að sýningin færi þar fram. Kirkjuráð væri hins vegar tilbúið til að beita sér fyrir því að sýningunni yrði fundinn staður í byggingum Skálholts.

Önnur mál sem kirkjuráð fjallaði um á kirkjuþingsárinu og rétt þykir að gera kirkjuþingi grein fyrir

Á (2)57. fundi samþykkti kirkjuráð svohljóðandi ályktun: Kirkjuráð vísar til skýrslu innanríkisráðherra frá maí 2014 um fjárhagsleg málefni Þjóðkirkjunnar og safnaða hennar sbr. einnig minnisblað sem innanríkisráðherra lagði fram á fundi ríkisstjórnar hinn 5. september sama ár. Kirkjuráð leggur til að ákvæði gildandi laga nr. 91/1987 um sóknargjöld o.fl. komi að fullu til framkvæmda á ný frá og með næsta ári. Á sama fundi fjallaði kirkjuráð um tvo úrskurði úrskurðarnefndar Þjóðkirkjunnar og eitt erindi frá Úrskurðarnefnd um upplýsingamál.

Á (2)64. fundi fjallaði kirkjuráð um ársreikninga Jöfnunarsjóðs sókna og Kristnisjóðs. Jöfnunarsjóður skilaði 83,3 m.kr. tekjuafgangi á árinu. Eignir hans í árslok námu 344,8 m.kr. og eigið fé var 330,6 m.kr. Kristnisjóður skilaði 102,6 m.kr. tekjuafgangi á árinu. Eignir hans í árslok voru 108,4 m.kr. og eigið fé var 102,7 m.kr. Ársreikningarnir voru samþykktir og áritaðir. Þá voru á fundinum lögð fram drög að umhverfisstefnu Þjóðkirkjunnar og áætlun um umhverfismat í söfnuðum. Gert var ráð fyrir að stefnan

verði lögð fyrir kirkjuþing 2017 til staðfestingar. Jafnframt var lögð fram tillaga um skipun umhverfisnefndar þjóðkirkjunnar og tillaga að tilnefningu nefndarmanna. Næst var lögð fram tillaga framkvæmdastjóra að breytingum á úthlutunarreglum í reglugerð um Jöfnunarsjóð sókna. Kirkjuráð ályktaði að fela framkvæmdastjóra að fara fram á að breytingin verði gerð og samhliða fari fram heildarendurskoðun á reglugerðinni vegna nauðsynlegra breytinga sem gera þarf á henni.

Á (2)66. fundi var fjallað um skerðingu sóknargjalda og lögð fram tafla sem sýnir að skerðing sóknargjalda frá og með árinu 2009 er orðin samtals 5,7 milljarðar króna. Taflan er fylgiskjal með skýrslu þessari. Fram kom að upplýsingarnar hafi verið sundurliðaðar á sóknir landsins og sendar formönnum sóknarnefnda.

Á (2)68. fundi var lagt fram bréf forseta kirkjuþings þar sem hann boðar til kirkjuþings 2017 laugardaginn 11. nóvember n.k.

Á (2)69. fundi var lagt fram bréf biskups Íslands þar sem fundur í samstarfsnefnd Alþingis og þjóðkirkjunnar var boðaður hinn 27. september 2017 kl. 12:00. Ekki varð af fundinum vegna þingrofs.

Á (2)70. fundi voru lögð fram drög að starfsreglum um kirkjutónlist ásamt greinargerð kirkjutónlistarráðs. Kirkjuráð ályktaði að vísa reglunum til kirkjuþings 2017. Þá var lagt fram erindi sóknarnefnda Breiðholtssóknar og Fella- og Hólasóknar varðandi sameiningu sóknanna. Jafnframt var á fundinum aftur á dagskrá umhverfisstefna þjóðkirkjunnar en drög að nýrri umhverfisstefnu höfðu verið lögð fyrir (2)64. fund kirkjuráðs. Umhverfisnefnd hafði endurskoðað þau drög. Kirkjuráð samþykkti að fela kirkjustarfshópi að yfirfara hin endurskoðuðu drög.

Á (2)71. fundi var kynntur afrakstur vinnu kirkjustarfshópsins í formi nýrrar tillögu til kirkjuþings að umhverfisstefnu þjóðkirkjunnar. Fundurinn samþykkti að leggja hana fyrir kirkjuþing en hin endurskoðuðu drög umhverfisnefndar yrðu fylgiskjal með tillögunni, og höfð til hliðsjónar. Þá þykir rétt að greina frá því að á þeim fundi fór jafnframt fram kynning afhálfru ráðgjafarfyrirtækisins KPMG á gerð sviðsmynda við stefnumótunarvinnu. Að lokum er vakin athygli kirkjuþings á áfangaskýrslu skírnarfræðslunefndar sem hún skilaði kirkjuráði með bréfi hinn 13. október s.l. og er fylgiskjal með þessari skýrslu kirkjuráðs til kirkjuþings en kirkjuráð leggur það í hendur þingsins að ákveða framhald starfs nefndarinnar.

Í skýrslu þessari hefur verið leitast við að greina frá öllum þeim málum sem tekin voru á dagskrá kirkjuráðs á kirkjuþingsárinu og afgreidd voru með ákvörðun eða skuldbindandi samþykkt. Um heimild er vitnað til fundargerða kirkjuráðs eins og þær eru birtar á vefsíðu kirkjuráðs.

Reykjavík í nóvember 2016

Kirkjuráð

Agnes M. Sigurðardóttir, forseti kirkjuráðs

Elínborg Gísladóttir

Gísli Gunnarsson

Stefán Magnússon

Svana Helen Björnsdóttir

Fylgiskjal: Tafla um skerðingu sóknargjalda.

Tekjur af sóknargjaldi þjóð- kirkjufólks árin 2008-2017	Reiknaðar skv. lögum	Ákvarðaðar af ríkisstjórn	Skerðing
Reykjavíkurborg	4.739.913.804	3.616.697.466	-1.123.216.338
Reykjavíkurborg eystri	6.420.522.455	4.875.018.148	-1.545.504.308
Kjalarnesprófastsdæmi	5.117.587.383	3.863.582.299	-1.254.005.083
Vesturlandsprófastsdæmi	1.203.793.683	919.505.742	-284.287.941
Vestfirðisprófastsdæmi	569.584.367	433.397.795	-136.186.572
Húnavatns- og Skagafj. prfd.	656.515.757	499.322.009	-157.193.748
Eyjafj. og Þingeyjarprófastsd.	2.532.611.481	1.923.354.115	-609.257.366
Austurlandsprófastsdæmi	873.279.123	664.143.388	-209.135.736
Suðurlandsprófastsdæmi	1.665.458.260	1.223.059.826	-442.398.433
Samtals	23.779.266.313	18.018.080.788	-5.761.185.526

Nefndarálit allsherjarnefndar um skýrslu kirkjuráðs.

Allsherjarnefnd hefur fjallað um skýrslu kirkjuráðs og fylgigögn með henni ásamt ávörpum og ræðum við upphaf kirkjuþings.

Nefndin þakkar ávarp Magnúsar E. Kristjánssonar, forseta kirkjuþings. Hann fjallaði í ávarpi sínu um mikilvægi Gullnu reglunnar. Hann hvatti til þess að fólk temdi sér í samskiptum, að “allt sem þér viljið að aðrir menn gjöri yður það skuluð þér og þeim gjöra”. Kirkjan ætti að sýna frumkvæði og hafa Gullnu regluna að leiðarljósi í störfum sínum og samskiptum öllum. Hann hvatti til samfélagsverkefna sem hefðu það að markmiði að auka samhygð. Hann varpaði fram þeirri spurningu hvort kirkjuþingi hefði miðað áfram í störfum sínum. Hann benti á að kirkjuþing þyrfti stöðugt að hyggja að starfsháttum sínum.

Dómsmálaráðherra Sigríður Á. Andersen flutti ávarp og fjallaði um samninga ríkis og kirkju og lýsti þeirri skoðun sinni að ríkisvaldið viðurkenndi skerðinguna sem kirkjan hefur orðið fyrir undanfarin ár og vilja sinn til að leitast við að efna samninginn að fullu.

Biskup Íslands frú Agnes M. Sigurðardóttir fjallaði um siðbótarafmælið og hvernig kirkjan hefur minnst þess. Hún nefndi auðinn í kirkjunni sem kemur svo vel fram á siðbótarafmæli í menningu og listum.

Skírnum á Íslandi eins og í nágrannalöndum hefur fækkað. Biskup lagði áherslu á að efla og fræða um mikilvægi skírnarinnar.

Biskup vill efla lýðræði í kirkjunni og nefndi að í Noregi er kosið til kirkjuþings samhliða sveitarstjórnarkosningum. Kirkjan vill ná árangri í því að bæta samfélagið með því að eyða tortryggni og hét hún því að leggja sitt að mörkum. Lýðræði byggist á því að kalla á þátttöku almennings.

Biskup fjallaði um umhverfismálin og mikilvægi þess að kirkjan beitti sér á því sviði og vitnaði til samþykktar kirkjuþings unga fólksins í því sambandi. Haldin var ráðstefna á vegum Alkirkjuráðsins um umhverfismál hér á landi nýverið sem tókst vel. Biskup telur mikilvægt fyrir kirkjuna að taka þátt í alþjóðasamstarfi kirkna.

Við setningu kirkjuþings önnuðust þau Davíð Sigurðsson, Ingvar Alfreðsson og Jóhanna Guðrún Jónsdóttir tónlistarflutning. Þau koma öll að tónlistarstarfi kirkjunnar. Jóhanna Guðrún ávarpaði kirkjuþingsfulltrúa og gesti og fór afar fögrum orðum um upplifun sína af því að koma til starfa í kirkjunni og hvað þjónusta kirkjunnar væri mikilvæg.

Allsherjarnefnd þakkar greinargóða skýrslu kirkjuráðs og mikilvæg störf þess á liðnu ári. Í skýrslunni eru tíundaðar niðurstöður helstu mála ráðsins og er það vel. Nefndin leggur til að málið verði samþykkt með ályktun á þskj. 43.

Kirkjuþing afgreiddi skýrslu kirkjuráðs með eftirfarandi

Þingsályktun:

Kirkjuþing 2017 ályktar um mikilvægi þess að bæta stöðu kynningar- og upplýsingamála þjóðkirkjunnar.

Kirkjuþing ályktar að tímabært sé að auka samstarf og sameiningu sókna, jafnt í þéttbýli sem dreifbýli og tekur undir það að jöfnunarsjóður sókna veiti sóknum sem sameinast fjárstyrki vegna þess.

Kirkjuþing ályktar að starfshópur um skírnarfræðslu, sbr. áfangaskýrslu á fylgiskjali með skýrslu kirkjuráðs, sem lögð hefur verið fram á kirkjuþingi til kynningar, haldi áfram störfum og leggi fyrir næsta kirkjuþing tillögur sínar í samræmi við framangreinda áfangaskýrslu.

Lagt til að veitt verði í verkefnið ein milljón króna.

Kirkjuþing fagnar framkomnum hugmyndum á kirkjuþingi unga fólksins um vilja þess til aukinnar þátttöku í almennu kirkjustarfi og stjórnun, jafnframt áhuga og framlag að láta til sín taka á sviði umhverfismála.

Kirkjuþing ályktar að fundin verði lausn á fjármálum Skálholtsstaðar vegna brýnna viðhaldsverkefna og uppbyggingar staðarins.

Kirkjuþing ályktar um starf fastanefnda að á milli þeirra ríki jafnara álag og ábyrgð þannig að ein nefndanna þurfi ekki að vinna óslitið milli þinga. Á meðan eru aðrar nefndir aldrei kallaðar saman til skoðunar eða undirbúnings mála fyrir kirkjuþing, sbr. mál nr. 4 „Tillaga til þingsályktunar um frumvarp til þjóðkirkjulaga“.

Skýrsla um fjármál þjóðkirkjunnar

Fjárlög næsta árs og samanburður

Í skýrslu þessari er hefðbundið að fjalla fyrst um tekjur þjóðkirkjunnar í frumvarpi til komandi fjárlaga og bera saman við gildandi fjárlög. Nú er hins vegar svo sem kunnugt er uppi sú óvenjulega staða að frumvarp til fjárlaga næsta árs var lagt fram af ríkisstjórn sem síðan féll og situr nú sem starfsstjórn. Þetta veldur auðvitað ákveðinni óvissu en eftir sem áður er ljóst hverjar grunnforsendur þær eru sem gengið var út frá varðandi framreikning á gildandi fjárlagaramma. Þar er miðað við þjóðhagsspá Hagstofu Íslands. Hún gerir ráð fyrir að vísitala neysluverðs muni hækka milli árána 2017 og 2018 um 2%. Það er því sú grunnfrenda sem miðað er við varðandi verðlagsbreytingar fjárlaganna milli ára á öllum rekstrartölum nema launum. Launavísitalan mælir þær breytingar en nú háttar svo til að úrskurðir Kjararáðs eru að baki með umtalsverðum launabreytingum. Kjarasamningar bhm félaga eru hins vegar lausir með viðeigandi óvissu um breytingar launakostnaðar þeirra félaga. Hugsanlegri hækkun á honum skal hins vegar mætt með launabótum í fjárheimildum þannig að hún á ekki að hafa áhrif á fjárhagslega stöðu kirkjunnar.

Taflan á næstu bls. sýnir fjárlagafrumvarp 2018 í samanburði við gildandi fjárlagaramma og fjárvöntun til að kirkjujarðasamkomulagið sé uppfyllt og fylgt ákvæðum laga um sóknargjöld o.fl. Gerð hefur verið krafa um að framlög komi á fjárukalögum ársins vegna þessa svo sem verið hefur síðustu tvö ár hvað varðar kirkjujarðasamkomulagið. Samtals vantar 1.748,2 m.kr. til að staðið sé við gerða samninga af hálfu ríkisins og farið eftir lögum um sóknargjöld o.fl. sem sundurliðast þannig: Til að kirkjujarðasamkomulagið sé virt vantar 497,5 m.kr. á fjárlagaliðinn Biskup Íslands og höfuðkirkjur og 58,1 m.kr. á fjárlagaliðinn Kristnisjóður. Til að fara eftir lögum um sóknargjöld o.fl. vantar 932,8 m.kr. á fjárlagaliðinn Sóknargjöld, 113,3 m.kr. á fjárlagaliðinn Kirkjumálasjóður og 146,5 m.kr. á fjárlagaliðinn Jöfnunarsjóður sókna. Í fjárlagafrumvarpi til næsta árs vantar 1.667,6 m.kr. í sama skyni og sú tala er á verðlagi gildandi fjárlaga og á þannig að hækka um 2% með verðlagsbótum og verða 1.701 m.kr.

Sum of Fjárveiting		Column Labels		2017		2017 Total	2018		2018 Total
Row Labels		Fjárlög	Fjár vöntun		Fjár frumvarp		Fjár vöntun		
06 - 701 - Þjóðkirkjan									
701 - 101 - Biskup Íslands og höfuðkirkjur		1.774,0	497,5	2.271,5	1.811,1	460,4	2.271,5		
06 - 701 - Þjóðkirkjan Total		1.774,0	497,5	2.271,5	1.811,1	460,4	2.271,5		
06 - 707 - Kristnisjóður									
707 - 110 - Kristnisjóður		73,3	58,1	131,4	75,0	56,4	131,4		
06 - 707 - Kristnisjóður Total		73,3	58,1	131,4	75,0	56,4	131,4		
06 - 735 - Sóknargjöld									
735 - 110 - Sóknargjöld		2.514,0	932,8	3.446,8	2.544,7	902,1	3.446,8		
06 - 735 - Sóknargjöld Total		2.514,0	932,8	3.446,8	2.544,7	902,1	3.446,8		
06 - 736 - Jöfnunarsjóður sókna									
736 - 110 - Jöfnunarsjóður sókna		395,0	146,5	541,5	399,8	141,7	541,5		
06 - 736 - Jöfnunarsjóður sókna Total		395,0	146,5	541,5	399,8	141,7	541,5		
06 - 705 - Kirkjumálasjóður									
705 - 110 - Kirkjumálasjóður		305,3	113,3	418,6	311,6	107,0	418,6		
06 - 705 - Kirkjumálasjóður Total		305,3	113,3	418,6	311,6	107,0	418,6		
Grand Total		5.061,6	1.748,2	6.809,8	5.142,2	1.667,6	6.809,8		

Afkoma síðasta árs

06-701 Þjóðkirkjan

Afkoma fjárlagaliðar 06-701 Þjóðkirkjan var jákvæð um 122,7 m.kr. Sértekjur voru 78 m.kr. framlag, eða endurgjald, ríkissjóðs var 2.136,6 m.kr. og gjöld voru 2.091,9 m.kr. Eignir voru 353,1 m.kr., skuldir 11,7 m.kr. og eigið fé því 341,4 m.kr.

06-705 Kirkjumálasjóður

Ársreikningur Kirkjumálasjóðs hefur ekki verið endurskoðaður, en afstemmingar hafa reynst tafsamar vegna mikilla breytinga sem gerðar voru á rekstri hans á árinu 2015 og færðar til baka í fyrra. Þeirri vinnu er þó að ljúka og þá verður reikningurinn sendur Ríkisendurskoðun. Rekstrarreikningurinn er þó tilbúinn og ljóst að reksturinn var þungur á árinu 2016. Tekjuhalli var 115,6 m.kr. Tekjur voru 362,9 m.kr. og þar af tekjur reiknaðar af sóknargjöldum 288,8 m.kr. en aðrar tekjur 74,2 m.kr. Gjöld voru 462 m.kr. Þau skiptast þannig: Stjórn og starfsskipan 228,2 m.kr., fræðslu- og þjónustumálefni 36,1 m.kr. og rekstur og viðhald fasteigna 197,7 m.kr. Vegna tekjuhallans lækkar því eigið fé sjóðsins sem honum nemur en staða hans er mjög sterk og í upphafi árs 2016 var eigið fé sjóðsins 3,2 milljarðar króna.

Kristnisjóður og Jöfnunarsjóður sókna

Endurskoðaðir ársreikningar Kristnisjóðs og Jöfnunarsjóðs sókna voru lagðir fyrir 264. fund kirkjuráðs og þar samþykktir og áritaðir því til staðfestingar.

Afkoma Kristnisjóðs var jákvæð og tekjuafgangur ársins 102,6 m.kr. Tekjur voru ríkisframlag samkvæmt fjárlögum og samkvæmt fjáráukalögum, samtals 166,6 m.kr. Aðrar tekjur voru 2,3 m.kr. Gjöld voru 66,5 m.kr., þar af styrkir og tilfærslur 45,4 m.kr. og önnur gjöld 21,2 m.kr. Fjármagnstekjur að frádregnum vaxtagjöldum og fjármagnstekjuskatti voru 216 þúsund krónur. Eignir voru 108,4 m.kr. skuldir 5,7 m.kr. og eigið fé 102,7 m.kr.

Afkoma Jöfnunarsjóðs var jákvæð og tekjuafgangur ársins 83,3 m.kr. Tekjur voru hlutdeild í sóknargjöldum, samtals 373,6 m.kr. Gjöld voru 298,6 m.kr., þar af styrkir 281,4 sem skiptust þannig að styrkir til höfuðkirkna voru 47,5 m.kr. styrkir til annarra sókna 218,5 m.kr., til annarrar kirkjulegrar starfsemi 15,3 m.kr. Þá var skrifstofu- og stjórnunarkostnaður 17 m.kr. og annar kostnaður 272 þúsund krónur. Hreinar fjármunatekjur voru 8,3 m.kr. Eignir voru 344,8 m.kr., skuldir voru 14,2 m.kr. og eigið fé 330,6 m.kr.

Rekstraráætlanir ársins 2018

Biskupsstofa

Gert er ráð fyrir að ríkissjóður standi að fullu við kirkjujarðasamkomulagið enda um samningsbundið framlag að ræða. Framlag, eða endurgjald, ríkissjóðs verður þá skv. reiknilíkani því sem notað er til að reikna það út 2.231,9 m.kr. Það skiptist þannig að til greiðslu launakostnaðar eru 1.967,9 m.kr. og til greiðslu annars rekstrarkostnaðar eru 264 m.kr. Áætlunin gerir ráð fyrir að tekjur verði samtals 2.335,3 m.kr., rekstrargjöld verði 2.251 m.kr. og tekjur umfram gjöld verði því 84,3 m.kr. Nú er í fyrsta sinn gerð sérstök fjárfestingaáætlun samkvæmt hinum nýju lögum um opinber fjármál og nemur hún 11,8 m.kr. Tekjur umfram gjöld verða þannig 72,5 m.kr. samkvæmt áætluninni eða 3,1% af veltu.

Kirkjumálasjóður

Í drögum að áætlun Kirkjumálasjóðs er gert ráð fyrir að framlag ríkissjóðs verði 311,6 m.kr. en það er samkvæmt frumvarpi til fjárlaga ársins 2018. Aðrar tekjur Kirkjumálasjóðs eru áætlaðar 77,2 m.kr. Gjöld eru áætluð 386,6 m.kr. Rekstrinum er skipt í almenna starfsemi sjóðsins og starfsemi fasteignasviðs. Rekstrargjöld vegna almennrar starfsemi sjóðsins eru áætluð 260 m.kr. og eru þau alfarið fjármögnuð af framlagi ríkissjóðs. Rekstrargjöld fasteignasviðsins eru áætluð 126,6 m.kr. Af framlagi ríkissjóðs renna því 54 m.kr. til fasteignasviðsins en 72,6 m.kr. eru fjármagnaðar af sértekjum, þ.e. leigutekjum. Samkvæmt þessu er því gert ráð fyrir jöfnuði í rekstri sjóðsins en sá jöfnuður fæst með því að rekstrarkostnaður fasteigna sjóðsins er framreiknaður með áætlun Hagstofunnar um 2% verðlagsbreytingar milli ára og mismunurinn er færður á viðhalds- og stofnkostnaðarliðinn.

Kristnisjóður

Í drögum að rekstraráætlun Kristnisjóðs er gert ráð fyrir að framlag ríkissjóðs verði 131,2 m.kr. sem skiptist þannig að framlag fjárlaga verði 75 m.kr. en það er samkvæmt frumvarpi til fjárlaga ársins 2018. Því til viðbótar komi framlag að fjárhæð 56,2 m.kr. sem gerð hefur verið tillaga um í drögum að frumvarpi til fjáráskjalaga yfirstandandi árs en sú fjárheimild verður færð til næsta árs. Þá er gerð tillaga um ráðstöfun á 117,9 m.kr. af fjárheimildum sjóðsins til reksturs og styrkja. Því er gert ráð fyrir að óráðstafað af tekjum sjóðsins verði 13,3 m.kr.

Jöfnunarsjóður sókna

Í drögum að rekstraráætlun Jöfnunarsjóðs er gert ráð fyrir að framlag ríkissjóðs verði 399,8 m.kr. en það er samkvæmt frumvarpi til fjárlaga ársins 2018. Gerð er tillaga um ráðstöfun á 288,2 m.kr. af fjárheimildum sjóðsins sem skiptist þannig: Styrkveitingar til höfuðkirkna 50,5 m.kr. Styrkir til annarra sókna prófastsdæmanna 204,6 m.kr. og styrkir til annarrar kirkjulegrar starfsemi 14 m.kr. Þar er um að ræða styrki til kirkjumiðstöðva, 7,5 m.kr., til safnaða erlendis 5 m.kr. til kirkna í mannlausum sóknum 1 m.kr. og til Minningarkapellu Jóns Steingrímssonar 0,5 m.kr. Því er gert ráð fyrir að óráðstafað af tekjum sjóðsins verði 111,6 m.kr.

Nefndarálit fjárhagsnefndar

14. nóvember 2017

Fjárhagsnefnd kirkjubings hefur farið yfir ársreikning Þjóðkirkjunnar 06-701 fyrir árið 2016 frá Fjárslu ríkisins eins og hann er birtur í ríkisreikningi og leggur til að hann verði samþykktur. Fjárhagsnefnd hefur einnig farið yfir endurskoðaða ársreikninga Jöfnunarsjóðs sókna og Kristnisjóðs fyrir árið 2016 og leggur til að þeir verði samþykktir. Fjárhagsnefnd er kunnugt um að endurskoðun ársreiknings Kirkjumálasjóðs er ekki lokið og því er ekki unnt að taka afstöðu til hans. Nefndin mun taka hann fyrir þegar hann er tilbúinn.

Fulltrúi Ríkisendurskoðunar var boðaður á fund nefndarinnar en gat ekki séð sér fært að verða við því boði. Því var haldinn símafundur með honum og þar kom fram að endurskoðunarskýrslur væru ekki tilbúnar. Fundur með honum verður haldinn að því loknu, eða við fyrsta tækifæri.

Fjárhagsnefndin hefur kynnt sér fjárhagsáætlanir Biskupsstofu, Kirkjumálasjóðs, Jöfnunarsjóðs sókna og Kristnisjóðs fyrir árið 2018.

Nefndarálit fjárhagsnefndar

9. mars 2018

Fjárhagsnefnd kirkjubings hefur farið yfir ársreikning Kirkjumálasjóðs fyrir árið 2016 og leggur til að hann verði samþykktur með ályktun á þskj. 66

Nefndin hefur kynnt sér endurskoðunarskýrslur Ríkisendurskoðunar og gengið úr skugga um að vinna við að bæta úr þeim atriðum sem Ríkisendurskoðun gerir athugasemdir við er í eðlilegum farvegi.

Kirkjuþing afgreiddi fjármál þjóðkirkjunnar með eftirfarandi

Þingsályktun 14. nóvember 2017:

Lagt er til að kirkjuþing 2017 samþykki endurskoðaða ársreikninga þjóðkirkjunnar, Jöfnunarsjóðs sókna og Kristnisjóðs fyrir árið 2016.

Ennfremur afgreiddi kirkjuþing fjármál þjóðkirkjunnar með eftirfarandi

Þingsályktun 9. mars 2018:

Kirkjuþing 2017 samþykkir endurskoðan ársreikning Kirkjumálasjóðs fyrir árið 2016.

3. mál kirkjuþings 2017
Flutt af kirkjuráði

Þingsályktun um kaup og sölu fasteigna

Kirkjuþing 2017 heimilar sölu eftirtalinna fasteigna í eigu kirkjumálasjóðs:

Suðurprófastsdæmi

Jörðin Hraungerði og Voli, Flóahreppi
Kirkjubæjarklaustur, lóðir og land prestssetursins.

Kjalarnesprófastsdæmi

Skagabraut 30, sveitarfélaginu Garði

Vesturlandsprófastsdæmi

Laugarbraut 3, Akraneskaupstað

Vestfjarðaprófastsdæmi

Hellisbraut 4, Reykhólum, Króksfjarðarnesi
Miðtún 12, Ísafirði, Ísafjarðarbæ

Austurlandsprófastsdæmi

Hamrahlíð 12, Vopnafirði
Hraungarður 8, Eiðum.
Valþjófsstaður, heimild til sölu á spildu úr jörðinni

Reykjavíkurprófastsdæmi vestra

Kirkjuhúsið, Laugavegi 31, Reykjavík

Heimildarákvæði um sölu fasteigna gilda fram að kirkjuþingi 2019.

4. mál kirkjuþings 2017
Flutt af löggjafarnefnd

Tillaga til þingsályktunar um frumvarp til þjóðkirkjulaga

Kirkjuþing 2017 beinir þeim tilmælum til dómsmálaráðherra að flutt verði eftirfarandi frumvarp til þjóðkirkjulaga, sbr. 3. mgr. 23. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997.

Frumvarp til þjóðkirkjulaga.

I. kafli.

Skilgreining og aðild.

1. gr.

■ Þjóðkirkjan á Íslandi er evangelískt lúterskt trúfélag og ber réttindi og skyldur að lögum.

2. gr.

■ Skilyrði aðildar að þjóðkirkjunni er skírn í nafni heilagrar þrenningar.

II. kafli.

Réttarstaða þjóðkirkjunnar.

3. gr.

■ Þjóðkirkjan ræður skipulagi sínu, stofnunum, embættum og valdmörkum þeirra á milli innan lögmæltra marka.

□ Þjóðkirkjunni ber að halda úti kirkjulegri þjónustu á landinu öllu og tryggja að allir landsmenn geti átt kost á henni.

□ Um stöðu þjóðkirkjunnar sem trúfélags fer samkvæmt ákvæðum stjórnarskrárinnar.

□ Um inngöngu í og úrsögn úr þjóðkirkjunni fer skv. 8. og 9. gr. laga um skráð trúfélög og lífsskoðunarfélög, nr. 108/1999, eftir því sem við getur átt.

4. gr.

■ Um tengsl þjóðkirkjunnar og ríkisins fer samkvæmt lögum og þeim samningum sem eru í gildi hverju sinni milli þjóðkirkjunnar og ríkisins, sbr. og 3. mgr. 3. gr.

□ Samskipti þjóðkirkjunnar og ríkisstjórnar um málefni kirkjunnar skulu vera við þann ráðherra sem fer hverju sinni með málaflokk er varðar trúmál.

5. gr.

■ Stjórnsýslulög, nr. 37/1993, og almennar óskráðar reglur stjórnsýsluréttar gilda þegar kirkjuleg stjórnvöld taka ákvarðanir um rétt eða skyldu manna samkvæmt lögum þessum. Upplýsingalög, nr. 140/2012, taka til starfsemi kirkjulegra stjórnvalda samkvæmt lögum þessum.

6. gr.

- Prestum, djáknum og öðrum starfsmönnum þjóðkirkjunnar er skylt að gæta trúnaðar og þagmælsku um atriði sem þeir fá vitneskju um í störfum sínum og leynt skulu fara.
- Trúnaðar- og þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

III. kafli.

Sóknir og prestaköll.

7. gr.

- Sókn er félagsleg og fjárhagsleg grunneining þjóðkirkjunnar.
- Söfnuður á tilteknu landsvæði myndar sókn sem er starfssvæði safnaðar á hverjum stað. Ein eða fleiri sóknir mynda prestaköll.
- Hlutverk safnaða er einkum að standa fyrir helgihaldi, trúfræðslu og kærleiksþjónustu. Allir safnaðarmenn eiga rétt á kirkjulegri þjónustu í sókninni.
- Safnaðarmenn í sókn eru þeir sem eiga lögheimili þar, hafa hlotið skírni, sbr. 2. gr., og eru skráðir í þjóðkirkjuna í þjóðskrá.
- Um sóknargjöld fer samkvæmt gildandi lögum hverju sinni.

8. gr.

- Í hverri sókn þjóðkirkjunnar starfar sóknarnefnd sem kjörin er af aðalsafnaðarfundi. Aðalsafnaðarfund sókna skal halda árlega.
- Sóknarnefnd annast rekstur og framkvæmdir á vegum safnaðarins. Sóknarnefnd er ásamt sóknarpresti í fyrirsvari fyrir söfnuðinn, hefur umsjón með kirkjum safnaðarins og safnaðarheimilum.
- Kirkjuþing setur nánari ákvæði í starfsreglur um safnaðarfundi, val, stöðu, störf og skyldur sóknarnefnda og starfsmanna sókna.

IV. kafli.

Kirkjuþing.

9. gr.

- Kirkjuþing hefur, nema lög kveði á um annað, yfirstjórn í sameiginlegum málefnum þjóðkirkjunnar og markar henni stefnu í öðrum málum en þeim sem lúta að kenningu þjóðkirkjunnar.
- Kirkjuþing, sbr. 1. mgr., fer með yfirstjórn fjármála þjóðkirkjunnar nema lög kveði á um annað.
- Kirkjuþing setur starfsreglur um ábyrgð og valdmörk innan yfirstjórnar þjóðkirkjunnar, um stjórnarsýslu hennar og starfsemi og um tilhögun yfirstjórnar kirkjuþings á fjármálum.

10. gr.

- Kosið skal til kirkjuþings til fjögurra ára í senn. Kirkjuþing ákveður skipan kjördæma þingsins. Jafnframt ákveður kirkjuþing fjölda þingmanna. Leikmenn skulu vera fleiri en vígðir.
- Kirkjuþing kýs þingforseta úr röðum leikmanna þingsins og tvo varaforseta úr röðum þingfulltrúa. Saman mynda þeir forsætisnefnd kirkjuþings.
- Kirkjuþing setur starfsreglur um skipan kjördæma þingsins, kjör þess og störf, seturétt annarra en kjörinna fulltrúa á þinginu og þingsköp.

11. gr.

■ Forseti kirkjuþings kallar þingið saman, stýrir því og ber ábyrgð á starfsemi þess. Hann undirbýr þinghaldið í samráði við kirkjuráð. Með sama hætti fylgir hann eftir samþykktum kirkjuþings.

□ Forseti kirkjuþings skal birta starfsreglur frá kirkjuþingi innan fjögurra vikna frá samþykkt þeirra í B-deild Stjórnartíðinda. Hafi ekki verið á annan veg mælt í starfsreglunum öðlast þær gildi við birtingu.

12. gr.

■ Kirkjuþing hefur að jafnaði frumkvæði að frumvörpum til laga um málefni þjóðkirkjunnar og beinir tilmælum til ráðherra um að þau verði flutt á Alþingi.

□ Ráðherra leitar umsagnar og tillagna kirkjuþings um lagafrumvörp um kirkjuleg málefni er hann hyggst flytja á Alþingi.

V. kafli.

Kirkjuráð.

13. gr.

■ Kirkjuráð fer með framkvæmdarvald í þeim málefnum þjóðkirkjunnar sem ekki heyra undir önnur stjórnvöld kirkjunnar. Kirkjuráð starfar í umboði kirkjuþings og ber ábyrgð gagnvart því.

□ Kirkjuþing setur starfsreglur um skipan kirkjuráðs, kosningu til þess, stöðu og starfshætti ráðsins.

VI. kafli.

Prestar, prófastar, djáknar, prestastefna o.fl.

14. gr.

■ Þjónandi prestur þjóðkirkjunnar er hver sá sem gegnir prestsþjónustu í kirkjunni á grundvelli köllunar og vígslu og eftir því sem lög og starfsreglur segja til um. Þjónandi prestar og djáknar lúta tilsjón biskups Íslands. Jafnframt lúta þeir ákvörðunum kirkjulegra stjórnvalda í kirkjulegum efnum eftir því sem við getur átt.

□ Biskup Íslands skipar sóknarpresta og aðra presta til fimm ára í senn, sbr. 23. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996. Í hverju prestakalli skal vera einn sóknarprestur. Nú er prestssetur í prestakalli og er þá sóknarpresti skylt að hafa þar lögheimili. Sérþjónustuprestar skulu kallaðir til starfa þar sem almennri prestsþjónustu verður ekki komið við.

□ Þegar prestakall eða prestsembætti losnar eða nýtt prestakall er stofnað auglýsir biskup Íslands embættið með fjögurra vikna umsóknarfresti hið skemmsta.

□ Kirkjuþing setur nánari ákvæði í starfsreglur um störf og starfsskyldur sóknarpresta, annarra presta í söfnuði og héraðspresta. Sama gildir um sérþjónustupresta skv. 2. mgr.

□ Prestar í föstu prestsembætti í þjóðkirkjunni fá greiddan skilgreindan rekstrarkostnað embætta sinna mánaðarlega í samræmi við starfsreglur kirkjuþings þar um.

□ Reglur um kjör á sóknarprestum og prestum innan safnaða skal setja í starfsreglur kirkjuþings þar sem m.a. koma fram hver skilyrði skuli vera ef söfnuður ákveður að fram fari almennar kosningar um embættið.

□Þjónandi prestar þjóðkirkjunnar geta einnig starfað á vegum stofnana eða félagsamtaka með samþykki biskups Íslands. Kirkjuþing setur starfsreglur um presta samkvæmt þessari málsgrein eftir því sem við á.

15. gr.

■Almenn skilyrði til skipunar eða setningar í prestsembætti eru þessi:

1. Meistara- eða kandidatekspróf í guðfræði frá Háskóla Íslands eða háskólapróf í guðfræði sem metið verður því jafngilt.
2. Áður en kandidateks hlýtur vígslu skal hann hafa hlotið starfsþjálfun og annan undirbúning samkvæmt nánari ákvæðum í starfsreglum.
3. Kandidateks sé við upphaf starfa síns sóknarmaður í þjóðkirkjunni nema samkirkjulegar samþykktir heimili annað.
4. Kandidateks hafi ekki gerst sekur um athæfi sem ætla má að rýri álit hans og sé ósamboðið manni í prestsstarfi.

□Að öðru leyti verður kandidateks að fullnægja almennum skilyrðum 6. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996.

16. gr.

■Biskup Íslands útnefnir prófesta úr hópi þjónandi presta.

□Kirkjuþing setur starfsreglur um val á próföstum og störf þeirra svo og um héraðsnefndir og héraðsfundi. Þó skulu prófastar vera formenn héraðsnefnda.

17. gr.

■Þjónandi djákni þjóðkirkjunnar er hver sá sem gegnir djáknaþjónustu í kirkjunni á grundvelli köllunar og vígslu og lokið hefur viðeigandi prófi frá Háskóla Íslands eða prófi sem metið verður því jafngilt.

□Kirkjuþing setur starfsreglur um þjónandi djákna þjóðkirkjunnar.

18. gr.

■Biskup Íslands boðar til almennrar prestastefnu og er forseti hennar.

□Prestastefna er vettvangur biskups Íslands til samráðs um kirkjuleg málefni.

□Samþykktir um helgisiði og kenningarleg málefni sæta umfjöllun og afgreiðslu á prestastefnu. Kirkjuþing staðfestir samþykktir prestastefnu.

□Kirkjuþing setur starfsreglur um prestastefnu að fenginni tillögu biskups Íslands og prestastefnu.

VII. kafli.

Biskupsdæmið.

19. gr.

■Ísland er eitt biskupsdæmi.

20. gr.

- Biskup Íslands fer með yfirstjórn þjóðkirkjunnar ásamt öðrum kirkjulegum stjórnvöldum eftir því sem nánar er mælt fyrir um í lögum þessum og starfsreglum frá kirkjuþingi.
- Biskup Íslands hefur aðsetur í Reykjavík.
- Biskup Íslands gætir einingar kirkjunnar og hefur tilsjón með kristnihaldi, kenningu kirkjunnar og starfi hennar.
- Biskup Íslands vígir presta og djákna og setur þeim vígslubríf.
- Biskup Íslands vígir kirkjur og vísiterar söfnuði.
- Biskup Íslands skipar ráðgjafarnefnd um kenningarleg málefni kirkjunnar. Kirkjuþing setur reglur um störf nefndarinnar.
- Biskup Íslands beitir sér fyrir lausn ágreiningsefna sem rísa kunna á kirkjulegum vettvangi og getur gripið til þeirra úrræða sem lög og starfsreglur kirkjunnar leyfa.
- Biskup hefur ákvörðunarvald um einstök mál sem ekki heyra undir önnur stjórnvöld þjóðkirkjunnar samkvæmt lögum þessum og starfsreglum.
- Sé biskup í vafa um hvort mál, skv. 7. og 8. mgr., heyri undir embætti hans skal hann kalla eftir áliti úrskurðarnefndar þjóðkirkjunnar, sbr. 23. gr. Telji nefndin að málið heyri ekki undir biskup lýkur afskiptum hans af því og tilkynnir hann hlutaðeiganda niðurstöðuna.
- Biskup Íslands skal kalla vígslubiskupa til fundar svo oft sem þurfa þykir og nánar skal kveðið á um í starfsreglum kirkjuþings. Biskupafundur skal m.a. búa þau mál er varða kenninguna, helgisíði og helgihald í hendur prestastefnu og vinna allar tillögur að breyttri skipan prestakalla, prófastsdæma og þjónustu sérþjónustupresta og leggja fyrir kirkjuþing. Biskupafundur skal halda gerðabók um störf sín.

21. gr.

- Biskup Íslands og vígslubiskupar eru kjörnir samkvæmt starfsreglum sem kirkjuþing setur.
- Vígslubiskupar eru tveir með aðsetur á hinum fornu biskupsstólum, í Skálholti í Biskupstungum og á Hólum í Hjaltadal.
- Kjörgengur til biskups- og vígslubiskupsembætta er hver sá guðfræðikandídat sem fullnægir skilyrðum til þess að gegna prestsembætti í þjóðkirkjunni.
- Biskup Íslands og vígslubiskupar eru skipaðir til fimm ára í senn, sbr. 23. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996. Biskupi Íslands og vígslubiskupum er heimilt að sitja tvö kjörtímabil.
- Forseti Íslands skipar biskup Íslands og vígslubiskupa.
- Kirkjuþing setur starfsreglur um kjör biskups Íslands og vígslubiskupa, embætti þeirra, störf, svo og umdæmi vígslubiskupa.

22. gr.

- Forfallist biskups Íslands skal að jafnaði sá vígslubiskup sem eldri er að biskupsvígslu gegna embætti hans um stundarsakir.
- Nú fellur biskup Íslands frá eða lætur af embætti og skal þá sá vígslubiskup sem eldri er að biskupsvígslu gegna embætti hans þar til biskupskjör hefur farið fram og nýr biskup Íslands hefur fengið skipun í embætti sitt.

□ Verði biskup Íslands vanhæfur til meðferðar einstaks máls sem undir hann ber að lögum skal sá vígslubiskup sem eldri er að biskupsvígslu fara með málið.

□ Eigi biskup Íslands sjálfur sérstakra og verulegra hagsmuna að gæta og báðir vígslubiskupar því vanhæfir til að leysa úr máli skal forseti kirkjuþings, að höfðu samráði við varaforseta þingsins, kveðja einhvern kjörgengan til biskupsembættis til að sinna því.

VIII. kafli.

Úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar.

23. gr.

■ Rísi ágreiningur á kirkjulegum vettvangi sem heyrir ekki undir biskup Íslands, sbr. 8. mgr. 20. gr., skal leyst úr þeim ágreiningi fyrir úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar sem starfar samkvæmt sérstökum lögum.

IX. kafli.

Eignarréttur þjóðkirkjunnar og ríkisins.

Fjármál þjóðkirkjunnar, launagreiðslur og réttarstaða starfsmanna.

24. gr.

■ Kirkjujarðir og aðrar kirkjueignir sem þeim fylgja, að frátöldum prestssetrum og því sem þeim fylgir, eru eign íslenska ríkisins samkvæmt samningum um kirkjueignir milli íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar. Andvirði seldra jarða rennur í ríkissjóð.

□ Prestssetur, þ.e. prestssetursjarðir og prestsbústaðir sem prestssetrasjóður tók við yfirstjórn á frá ráðuneytinu 1. janúar 1994 með síðari skjalfestum afhendingum frá ráðuneytinu, svo og prestsbústaðir, hús og aðrar eignir sem prestssetrasjóður hefur keypt, eru eign þjóðkirkjunnar með öllum réttindum, skyldum og kvöðum samkvæmt samningi um prestssetur milli íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar.

□ Kirkjuþing setur nánari ákvæði um prestssetur og aðrar eignir í starfsreglur.

25. gr.

■ Íslenska ríkið greiðir þjóðkirkjunni árlegt endurgjald á grundvelli samninga um kirkjueignir og prestssetur milli íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar til viðbótar öðrum tekjustofnum hennar, lögbundnum sem ólögbundnum.

26. gr.

■ Á grundvelli samkomulags milli íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar 10. janúar 1997 um kirkjujarðir og launagreiðslur presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar og samnings sömu aðila 4. september 1998 um rekstrarkostnað vegna prestsembætta og prófasta, rekstrarkostnað biskupsstofu, framlag til Kristnisjóðs og sérframlög til þjóðkirkjunnar, skal íslenska ríkið standa skil á launum biskups Íslands, vígslubiskupa, 138 starfandi presta og prófasta þjóðkirkjunnar og 18 starfsmanna biskupsstofu.

□ Fjölgi þeim sem skráðir eru í þjóðkirkjuna um 5.000 miðað við þjóðskrá í árslok 1996 skal ríkið greiða laun eins prests til viðbótar því sem greinir í 1. mgr. Sama á við um frekari fjölgun. Fækki þeim sem skráðir eru í þjóðkirkjuna um 5.000 miðað við þjóðskrá í árslok 1996 lækkar tala starfandi presta í 1. mgr. um einn. Sama á við um frekari fækkun.

□Fjölgi prestum um tíu, sbr. það sem greinir í 2. mgr., skal ríkið greiða laun eins starfsmanns á biskupsstofu til viðbótar því sem greinir í 1. mgr. Sama á við um frekari fjölgun. Fækki prestum um tíu, sbr. það sem greinir í 2. mgr., lækkar tala starfsmanna á biskupsstofu um einn. Sama á við um frekari fækkun.

□Um greiðslu launa til framangreindra starfsmanna þjóðkirkjunnar fer eftir lögum um kjararáð, nr. 130/2016 eða lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna, nr. 94/1986, eftir því sem við getur átt.

27. gr.

■Þeir starfsmenn þjóðkirkjunnar sem íslenska ríkinu er skylt að standa skil á launum skv. 27. gr. þessara laga, njóta réttinda og bera skyldur sem opinberir starfsmenn eftir því sem nánar er mælt fyrir um í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, svo og öðrum lögum er kveða á um réttarstöðu opinberra starfsmanna.

28. gr.

■Kirkjuráð fer með málefni Kristnisjóðs samkvæmt lögum um Kristnisjóð o.fl., nr. 35/1970, kirkjumálasjóðs, samkvæmt lögum um kirkjumálasjóð, nr. 138/1993 og Jöfnunarsjóð sókna, skv. II. kafla laga um sóknargjöld o.fl., nr. 91/1987.

□Kirkjuþing setur nánari ákvæði um framkvæmd þessa í starfsreglur.

X. kafli.

Um starfsreglur, gildistöku, brottfall og breytingu laga.

29. gr.

■Kirkjuþingi er heimilt að setja starfsreglur um önnur málefni þjóðkirkjunnar en þau sem sérstaklega eru tilgreind í lögum þessum.

30. gr.

■Lög þessi öðlast gildi ...

□Lög þessi skulu koma til endurskoðunar eigi síðar en fimm árum eftir gildistöku þeirra.

31. gr.

■Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997, með áorðnum breytingum. Enn fremur falla úr gildi 1. og 2. gr. laga um embættiskostnað sóknarpresta og aukaverk þeirra, nr. 36/1931, með áorðnum breytingum: Þá verður eftirfarandi breyting á lögum um kirkjumálasjóð nr. 138/1993, með síðari breytingum: Í stað „11,3%“ í 2. gr. laganna kemur 14,3%.

Málið var sameinað 15. máli.

5. mál kirkjuþings 2017
Flutt af biskupi Íslands

**Tillaga að starfsreglum
um breytingu á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í
héraði nr. 1026/2007, með síðari breytingum**

Málið var dregið til baka.

Starfsreglur um kirkjutónlist á vegum þjóðkirkjunnar

Stefna þjóðkirkjunnar í kirkjutónlistarmálum

1. gr.

- Á vegum þjóðkirkjunnar skal staðið að kirkjutónlistarmálum með hliðsjón af og í samræmi við tónlistarstefnu þjóðkirkjunnar sem kirkjuþing samþykkir.
- Meginviðfangsefni kirkjutónlistarstefnu eru söngur og tónlistarflutningur við helgiathafnir kirkjunnar, almenn fræðsla, menntun og símenntun starfsmanna í kirkjutónlist.

Framkvæmd kirkjutónlistarstefnu og umsjón með kirkjutónlistarmálum

2. gr.

- Biskup Íslands ábyrgist framkvæmd tónlistarstefnu þjóðkirkjunnar í samræmi við starfsreglur þessar. Biskup skipar söngmálastjóra þjóðkirkjunnar til að framfylgja kirkjutónlistarstefnunni og hafa umsjón með framkvæmd hennar. Biskup setur söngmálastjóra þjóðkirkjunnar erindisbréf.

3. gr.

- Söngmálastjóri þjóðkirkjunnar gerir árlega starfs- og rekstraráætlun í samráði við Kirkjutónlistarráð og leggur fyrir kirkjuráð til samþykktar. Hann skilar ársskýrslu og ber ábyrgð á gerð ársreiknings sem lagður er fyrir kirkjuráð.

Menntun

4. gr.

- Framkvæmd og umsjón kirkjutónlistarstefnu skal einkum felast í því að
 - a) veita organistum, prestum, kórstjórum, kirkjukórum, barnakórum og öðrum sem að kirkjulegu tónlistarstarfi koma ráðgjöf, fræðslu, aðstoð og stuðning.
 - b) mennta organista og annað tónlistarfólk til starfa innan kirkjunnar.
 - c) bjóða upp á símenntun í kirkjutónlist, sálmafræði og lítúrgískum fræðum.

5. gr.

- Kirkjan starfrækir Tónskóla þjóðkirkjunnar sem annast um menntun organista og kirkjutónlistarfræðslu þeirra og annars tónlistarfólks innan kirkjunnar, sbr. 4. grein, liði b og c. Tónskólinn heyrir undir kirkjuráð. Skólinn starfar eftir námsskrá sem kirkjuráð samþykkir.

6. gr.

- Kirkjuráð skipar þriggja manna kirkjutónlistarráð sem er stjórn Tónskóla þjóðkirkjunnar og fagráð í kirkjutónlistarmálum. Það starfar í samráði við verkefnisstjóra kirkjutónlistar.

Kirkjutónlistarráð ber ábyrgð á að skólinn sinni skyldum sínum og haldi sig innan fjárheimilda hverju sinni.

Færa skal til bókar meginatriði þess sem fram fer á fundum kirkjutónlistarráðs og ákvarðanir þess. Fundargerðir skulu sendar kirkjuráði.

Kirkjuráð setur kirkjutónlistarráði erindisbréf.

Tilnefningar til setu í kirkjutónlistarráði: Biskup tilnefnir formann ráðsins og einn til vara, stjórn Félags íslenskra organleikara tilnefnir einn fulltrúa og einn til vara og stjórn Prestafélags Íslands einn fulltrúa og einn til vara.

7. gr.

■ Kirkjutónlistarráð, í samráði við Kirkjuráð, ræður skólastjóra og setur honum erindisbréf.

Skólastjóri annast daglega yfirstjórn skólans og ræður annað starfsfólk hans í samráði við stjórn.

8. gr.

■ Skólastjóri Tónskólans gerir árlega starfs- og rekstraráætlun í samráði við kirkjutónlistarráð og leggur fyrir kirkjuráð til samþykktar. Starfs- og rekstrarár skólans er almanaksárið. Skólastjóri skilar ársskýrslu og ber ábyrgð á gerð ársreiknings sem lagður er fyrir kirkjuráð.

9. gr.

■ Tónskólanum er heimilt að afla sértekna.

Organistar

10. gr.

■ Organistum er falin tónlistarstjórn safnaða þjóðkirkjunnar. Skilyrði fyrir ráðningu í starf organista er próf í kirkjutónlist frá Tónskóla þjóðkirkjunnar eða sambærileg próf í kirkjutónlist.

11. gr.

■ Sóknarnefndir auglýsa laus störf organista í samræmi við starfsreglur þessar. Söngmálastjóri þjóðkirkjunnar, skólastjóri Tónskólans og formaður FÍO veita faglega aðstoð við ráðningarferli.

Fáist ekki organisti til starfa með tilskilda kirkjutónlistarmenntun, sbr. 10. grein, er heimilt að ráða tímabundið í starfið til eins árs í senn.

Auglýsa skal laus störf organista með fjögurra vikna umsóknarfresti hið minnsta.

Í auglýsingu skal koma fram ítarleg starfslýsing, ráðningarkjör og umsóknarfrestur.

Í umsókn skal umsækjandi gera grein fyrir menntun og fyrri störfum og skila gögnum þar um eftir því sem við á.

12. gr.

■ Organisti stýrir tónlistarstarfi safnaðar í samráði við presta, sóknarnefnd og annað

starfsfólk s.s. stjórnendur annarra kóra safnaðarins og starfsfólk í barna- og æskulýðsstarfi.

- Organisti gerir árlega starfs- og rekstraráætlun og leggur fyrir sóknarnefnd til samþykktar.
- Organisti ber ábyrgð á hljóðfærum safnaðarins, notkun þeirra og viðhaldi. Sóknarnefnd setur organista erindisbréf.

13. gr.

■ Starfsreglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 57. og 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma falla brott starfsreglur um organista nr. 823/1999, með síðari breytingum og starfsreglur um kirkjutónlist á vegum þjóðkirkjunnar nr. 768/2002, með síðari breytingum.

7. mál kirkjuþings 2017
Flutt af biskupi Íslands

Þingsályktun um hlutdeild unga fólksins í kirkjustarfi og stjórn

Kirkjuþing 2017 ályktar að fylgja skuli eftir, hvað íslensku þjóðkirkjuna varðar, ályktun tólfta þings Lúterska heimssambandsins frá árinu 2017 um þátttöku unga fólksins í stjórn aðildarkirkna sambandsins.

Miða skal við að ungt fólk, þ.e. sem er á aldrinum sextán til þrjátíu ára, sé að jafnaði minnst tuttugu hundraðshlutar þeirra innan hvernar skipulagsheildar þjóðkirkjunnar sem hverju sinni taka bindandi ákvarðanir, semja áætlanir, skipuleggja starfsemi og hafa kosningarétt.

Verði því eigi við komið að tryggja hlutdeild unga fólksins samkvæmt framanskráðu skal veita fulltrúum þess eðlilegan rétt til áheyrnar, málfrelsis og framlagningar tillagna.

Kirkjuþing 2017 beinir því til biskups Íslands, forsætisnefndar kirkjuþings og kirkjuráðs að fara yfir eigið skipulag og starfsemi, svo og þær nefndir og önnur fjölskipuð stjórnvöld, nefndir og ráð sem starfa á þeirra vegum og leggja fram á kirkjuþingi 2018, eftir því sem þurfa þykir, tillögur að nauðsynlegum breytingum á starfsreglum til að ná ofangreindum markmiðum. Ef við á verði verklagsreglum, skráðum jafnt sem óskráðum, eða öðrum sambærilegum heimildum breytt í sama skyni og þær breytingar kynntar kirkjuþingi 2018.

8. mál kirkjuþings 2017
Flutt af biskupi Íslands

**Þingsályktun
um jöfn hlutföll kynja í stjórnnum, nefndum og ráðum innan þjóðkirkjunnar**

Kirkjuþing 2017 ályktar að jöfn hlutföll kynja skuli ávallt vera í öllum stjórnnum, nefndum og ráðum á vegum þjóðkirkjunnar, eins og kveðið er á um í jafnréttisstefnu þjóðkirkjunnar frá 2009, með síðari breytingum. Skulu að jafnaði sitja þar að minnsta kosti 40% konur og að minnsta kosti 40% karlar. Kirkjuráð fylgi því eftir að við þessi viðmið sé staðið eins og kostur er.

9. mál kirkjuþings 2017
Flutt af biskupi Íslands

**Þingsályktun
um stuðning íslensku þjóðkirkjunnar við ályktun tólfta þings
Lúterska heimssambandsins um að ákvæði um jafnrétti kynjanna
verði tekið upp í stofnskrá sambandsins**

Kirkjuþing 2017 lýsir því yfir, að íslenska þjóðkirkjan styður ályktun tólfta þings Lúterska Heimssambandsins frá árinu 2017 um að fela nýkjörnu Ráði sambandsins (Central Committee) að undirbúa fyrir þrettánda heimsþing þess að ákvæði um jafnrétti kynjanna verði tekið upp í stofnskrá heimssambandsins.

10. mál kirkjuþings 2017

Flutt af Guðrúnu Karls Helgudóttur, Drífu Hjartardóttur, Elínborgu Gísladóttur,
Guðbjörgu Arnardóttur, Höllu Halldórsdóttur, Þórunni Júlíusdóttur,
Ragnheiði Ástu Magnúsdóttur og Vigfúsi Bjarna Albertssyni

**Þingsályktun
um ráðningu jafnréttisfulltrúa þjóðkirkjunnar**

Kirkjuþing 2017 samþykkir að fela kirkjuráði að auglýsa stöðu jafnréttisfulltrúa og ráða í hana. Um hálf starf er að ræða og mun jafnréttisfulltrúinn vinna náið með jafnréttisnefnd kirkjunnar að framkvæmdaáætlun jafnréttisstefnu þjóðkirkjunnar auk þess að vinna að jafnréttismálum kirkjunnar almennt. Hér er um tilraunaverkefni til fimm ára að ræða.

11. mál kirkjuþings 2017
Flutt af Hreini Hákonarsyni

**Þingsályktun
um Víkurgarð í Reykjavík**

Kirkjuþing 2017 felur kirkjuráði að koma á framfæri við þar til bær stjórnvöld að lög og reglur um niðurlagða kirkjugarða séu virt hvað varðar Víkurgarð í Reykjavík. Ennfremur vill kirkjuþing benda á að í 33. gr. laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu nr. 36/1993 segir: „Niðurlagðan kirkjugarð má ekki nota til neins þess sem óviðeigandi er að dómi prófasts (prófasta). Ekki má þar jarðrask gera né reisa nein mannvirki.“

12. mál kirkjuþings 2017

Flutt af Gísla Gunnarssyni og Drífu Hjartardóttur

**Starfsreglur
um breytingu á starfsreglum um prestssetur
og aðrar fasteignir þjóðkirkjunnar nr. 950/2009, með síðari breytingum**

1. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 9. gr. starfsreglnanna:

Í stað orðsins „fasteignanefnd“ kemur orðið: kirkjuráð.

2. gr.

5. mgr. 21.gr. starfsreglnanna fellur brott.

3. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru á grundvelli 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 öðlast gildi við birtingu.

13. mál kirkjuþings 2017
Flutt af Steindóri R. Haraldssyni

Tillaga
til þingsályktunar um skipun nefndar til að kanna
hvort breyta skuli heiti og hlutverki kjörbréfanefndar kirkjuþings

Kirkjuþing 2017 samþykkir að skipa þriggja manna nefnd til að kanna og gera tillögur um hvort breyta skuli heiti og hlutverki kjörbréfanefndar, sbr. 1. lið 10. gr. starfsreglna um þingsköp kirkjuþings nr. 949/2009. Tilgangur breytingarinnar er sá að skerpt verði á eftirlitshlutverki kirkjuþings gagnvart stjórnslu og starfsemi stofnana kirkjunnar og öðru er varðar yfirstjórn kirkjunnar.

Nefndin skili kirkjuþingi tillögum sínum fyrir kirkjuþing 2018.

Málinu var vísað til allra nefnda kirkjuþings en fór ekki til annarrar umræðu.

14. mál kirkjuþings 2017
Flutt af löggjafarnefnd

Starfsreglur
um breytingu á starfsreglum um val og veitingu
prestsembættis nr. 144/2016, með síðari breytingum

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verður á 7. gr. starfsreglnanna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Kjörnefnd prestakalls er kosin á aðalsafnaðarfundi eða safnaðarfundi á fjögurra ára fresti. Sóknarnefnd ber að kanna fyrir hvern aðalsafnaðarfund eða safnaðarfund, ef svo ber undir, hvort einhver sóknarmaður í kjörnefnd hafi flutt lögheimili sitt úr sókninni eða misst kjörgengi sitt af öðrum ástæðum. Ef svo er ber að kjósa nýja fulltrúa í kjörnefnd svo sú nefnd verði á öllum tímum skipuð til samræmis við 11. mgr. Sama gildir ef fleiri en ein sókn er í prestakalli. Í kjörnefnd skulu einungis sitja sóknarmenn úr þeirri sókn sem kys kjörnefnd viðkomandi prestakalls. Sama gildir ef fleiri en ein sókn er í prestakalli.

b. lokamálsliður 2. mgr. orðast svo:

Varamenn hvernar kjörnefndar skulu aldrei vera færri en ellefu. Þó er heimilt að kjósa allt að sama fjölda varamanna og fjöldi aðalmanna er í kjörnefnd.

c. 11. mgr. orðast svo:

Sóknarnefndir skulu sjá til þess að fulltrúar í kjörnefndir séu kosnir samkvæmt starfsreglum þessum og að jafnan sé til staðar sá fjöldi aðalmanna og varamanna sem áskilinn er. Sóknarnefndum ber að upplýsa prófesta árlega, sbr. 1. mgr., um stöðu á skipun kjörnefnda svo prófastar geti gengið úr skugga um að kjörfundir megi verða löglegir. Kjör telst ekki gilt nema kjörnefnd sé skipuð að lágmarki tveimur þriðju fulltrúa á fundi þar sem kosið er til prestsembættis.

2. gr.

10. mgr. 8. gr. starfsreglnanna orðast svo:

Sá umsækjandi telst hafa hlotið kosningu í prestsembætti sem hlýtur meirihluta gildra atkvæða, miðað við fullskipaða kjörnefnd, í leynilegri atkvæðagreiðslu á kjörnefndarfundi. Atkvæði skal meta ógilt ef kjörseðill er auður. Ef enginn fær meirihluta gildra atkvæða, skal kosið að nýju um þá tvo sem fengu flest gild atkvæði. Kjósa má milli þeirra tveggja svo oft sem þurfa þykir.

3. gr.

Við 9. gr. starfsreglnanna bætast tvær nýjar málsgreinar:

Hafi enginn umsækjenda hlotið meirihluta gildra atkvæða, miðað við fullskipaða kjörnefnd, er biskupi heimilt að skipa í embættið þann sem hann metur hæfastan, framlengt umsóknarfrest eða ákveðið að auglýsa embættið að nýju.

Hafni meirihluti kjörmannanna umsækjendum með því að skila auðum kjörseðlum er biskupi ekki heimilt að veita embættið. Skal þá embættið auglýst að nýju, sbr. 3. gr.

4. gr.

Við 3. málslið 1. mgr. 13. gr. starfsreglnanna bætast orðin: , sbr. þó 3. mgr. 15. gr.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða við starfsreglurnar:

a. 4. og 5. másl. 1. mgr. falla brott.

b. Ný 3. mgr. orðast svo:

Hafi kjörnefnd prestakalls ekki verið kosin í samræmi við 1. mgr. 7. gr. skal kosið til hennar að nýju eins fljótt og verða má eftir gildistöku starfsreglna þessara.

6. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, öðlast gildi við birtingu.

Tillaga **til þingsályktunar um frumvarp til laga um úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar**

Kirkjuþing 2017 beinir þeim tilmælum til dómsmálaráðherra að flutt verði eftirfarandi frumvarp til laga um úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar, sbr. 3. mgr. 23. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997.

Frumvarp til laga um úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar

I. kafli. Hlutverk, aðild og skipan úrskurðarnefndar

Hlutverk

1. gr.

- Úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar, sbr. 23. gr. þjóðkirkjulaga, skal úrskurða í kærumálum vegna ágreinings á kirkjulegum vettvangi eða þegar embættismaður, starfsmaður eða trúnaðarmaður þjóðkirkjunnar á Íslandi er borinn sökum um siðferðis- eða agabrot eða annað brot í starfi.
- Úrskurðarnefndin fjallar ekki um málefni sem varðar setningu, skipun og lausn frá embætti eða starfslok á grundvelli laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996.
- Úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar er sjálfstæð í störfum sínum.

Aðild

2. gr.

- Hver sá sem hagsmuna á að gæta getur borið mál undir úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar eftir því sem mælt er fyrir um í lögum þessum.

Nefndarskipan

3. gr.

- Ráðherra, sem fer með málefni þjóðkirkjunnar, skipar þrjá menn í úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar til fjögurra ára í senn. Hæstiréttur Íslands tilnefnir tvo nefndarmenn og skulu þeir uppfylla starfsgengisskilyrði héraðsdómara, sbr. 12. gr. laga um dómstóla, nr. 15/1998. Biskup Íslands tilnefnir einn nefndarmann og skal hann hafa þekkingu og reynslu af málefnum þjóðkirkjunnar. Sama gildir um varamenn þeirra. Úrskurðarnefndin velur sér sjálf formann og skal hann vera annar þeirra sem Hæstiréttur tilnefnir. Sama gildir um varaformann. Nefndarmenn skulu ekki vera fastráðnir starfsmenn þjóðkirkjunnar.
- Úrskurðarnefnd er heimilt að fara þess á leit við ráðherra að hann skipi tvo sérfróða menn við meðferð einstakra mála. Skal annar þeirra tilnefndur af Hæstarétti en hinn af biskupi Íslands. Þeir skulu starfa með nefndinni við undirbúning og meðferð máls eftir ákvörðun formanns. Við tilnefningu sérfróðra manna skal þess gætt að sérþekking þeirra nýtist sem best í hlutaðeigandi máli.
- Þóknun nefndarmanna skv. 1. mgr., og eftir atvikum 2. mgr., skal greidd úr kirkjumálasjóði.

II. kafli. Málsmeðferð.

Upphaf máls

4. gr.

■ Kæra til úrskurðarnefndar þjóðkirkjunnar skal vera undirrituð og málsmeðferð fyrir nefndinni að jafnaði skrifleg. Í kæru skal koma fram hver sé kærandi, hvert kæruefnið sé, kröfur kæranda og rök fyrir kæru. Úrskurðarnefndinni er heimilt að ákveða að kæra skuli borin fram á sérstöku eyðublaði á vefsíðu. Formaður, eftir atvikum varaformaður, stýrir störfum nefndarinnar við umfjöllun máls. Um málsmeðferðina gilda stjórnslulög, nr. 37/1993, eftir því sem við á.

□ Nú berst úrskurðarnefndinni kæra og metur nefndin þá annars vegar hvort kæruefnið heyri undir hana, sbr. 1. gr. og hins vegar hvort kærandi teljist eiga hagsmuna að gæta, sbr. 2. gr.

□ Telji nefndin að aðild máls og kæruefnið uppfylli skilyrði laga þessara tekur hún málið til meðferðar og tilkynnir öllum hlutaðeigandi þegar í stað um þá ákvörðun sína.

□ Telji nefndin að aðild máls eða kæruefnið uppfylli ekki skilyrði laga þessara vísar hún málinu frá.

Leyfi frá embætti eða starfi

5. gr.

■ Varði kærumál meint siðferðis- eða agabrot prests, djákna eða annars starfsmanns þjóðkirkjunnar skal úrskurðarnefndin, eftir að tekin hefur verið ákvörðun skv. 3. mgr. 4. gr., meta, hvort rétt sé að nefndin leggi til við hlutaðeigandi stjórnvöld þjóðkirkjunnar að þeim sem kæran beinist gegn verði veitt leyfi frá embætti eða starfi meðan málið er til meðferðar hjá nefndinni.

Sættir

6. gr.

■ Úrskurðarefnd kannar á þessu stigi hvort grundvöllur er til sátta. Telji nefndin sættir koma til greina eða að nauðsynlegt sé að reyna sættir kveður hún málsaðila, saman eða hvorn í sínu lagi, á sinn fund.

Frestir

7. gr.

■ Takist ekki að ná sáttum og úrskurðarnefnd telur gögn þau sem henni bárust með beiðni um úrlausn máls ekki fullnægjandi skal hún gefa kæranda kost á að senda frekari gögn og greinargerð um málið. Kæranda skal veittur frestur til að skila þessum gögnum og greinargerð og skal sá frestur að jafnaði ekki vera lengri en fjórar vikur. Veita má þó lengri frest þegar sérstaklega stendur á. Gefa skal gagnaðila kost á að skila gögnum að liðnum sama fresti.

□ Sinni kærandi ekki tilmælum nefndarinnar skv. 1. mgr. innan tilgreinds frests skulu þau ítrekuð með nýjum fresti sem skal að jafnaði ekki vera lengri en tvær vikur. Ef kærandi sinnir enn ekki tilmælum nefndarinnar er henni heimilt að synja um úrlausn máls. Synjun um úrlausn máls skal vera skrifleg og afrit sent gagnaðila.

8. gr.

■ Að fresti liðnum skv. 7. gr. skal haldinn fundur í nefndinni með kæranda og gagnaðila þar sem kærandi leggur fram gögn og greinargerð sína ef við á og gagnaðili þau gögn sem hann kýs þá að leggja fram.

□ Gagnaðila skal veittur frestur til þess að tjá sig skriflega um gögn þau og greinargerð sem kærandi hefur lagt fram. Frestur gagnaðila skal að jafnaði ekki vera lengri en fjórar vikur, en veita má þó lengri frest þegar sérstaklega stendur á.

□ Sinni gagnaðili ekki tilmælum nefndarinnar skv. 7. gr. innan tilgreinds frests skulu þau ítrekuð með nýjum fresti sem skal að jafnaði ekki vera lengri en tvær vikur. Ef gagnaðili sinnir enn ekki tilmælum nefndarinnar byggir hún úrlausn máls á framlögðum gögnum og öðrum þeim upplýsingum er hún aflar sjálf um málið.

9. gr.

■ Að þeim fresti liðnum, sem gagnaðila hefur verið veittur, skal halda fund í úrskurðarnefndinni með kæranda og gagnaðila þar sem greinargerð gagnaðila og önnur skjöl, sem hann kýs að leggja fram, eru afhent.

□ Þegar öll gögn hafa verið lögð fram getur úrskurðarnefnd að beiðni málsaðila ákveðið að fjalla um mál munnlega. Að jafnaði skal framlagningu gagna lokið á þessu tímamarki.

□ Ef ákveðið verður að fjalla um málið munnlega skal ákveðinn stuttur frestur til þess og að honum liðnum skal kærandi tjá sig fyrst um málið en gagnaðili að því búnu.

□ Nú er ekki ákveðið að aðilar tjái sig munnlega um málið fyrir nefndinni og skal þá kæranda veittur frestur til að tjá sig skriflega um það en að því búnu skal gagnaðila gefinn kostur á að koma að skriflegum athugasemdum sínum. Miðað skal við að frestir, sem veittir eru til þess að málsaðilar megi koma að skriflegum sjónarmiðum sínum samkvæmt þessari málsgrein, verði ekki lengri en tvær vikur samtals.

Gagnaöflun

10. gr.

■ Nefndin skal í upphafi málsmeðferðarinnar og einnig síðar, ef ástæða þykir til, rita stjórnvöldum, einkaaðilum, rannsóknaraðilum eða öðrum bréf og óska eftir því að fá send tilgreind eða ótilgreind gögn sem kunna að vera til upplýsingar um málsatvik. Strax og slík gögn berast nefndinni skulu afrit þeirra afhent málsaðilum. Nefndin getur mælt svo fyrir í bréfi þar sem óskað er afrits gagna samkvæmt þessari málsgrein að gögn, sem henni eru afhent í trúnaði, séu auðkennd sérstaklega.

Opinber rannsókn

11. gr.

■ Hafi aðili neytt réttar síns til þess að óska eftir að fram fari opinber rannsókn af sama tilefni og mál það sem til úrlausnar er, skal úrskurðarnefnd leitast við að fá öll þau gögn, sem aflað hefur verið við þá rannsókn, þ.m.t. skýrslur sem gefnar hafa verið fyrir rannsóknaraðilum.

Skýrslutaka

12. gr.

■ Nefndin getur óskað eftir því að tilteknir menn komi til viðtals við hana til þess að tjá sig um málefni sem tengjast úrlausnarefninu en gefa skal málsaðilum kost á að vera viðstaddir á slíkum fundum.

□ Slíkar skýrslur er heimilt að bóka eða hljóðrita eftir því sem henta þykir og skal gera þeim sem skýrslu gefur grein fyrir því hvernig upplýsingar, sem hann gefur, eru skráðar.

13. gr.

■ Nú neitar maður að koma til viðtals hjá nefndinni eða neitar að afhenda skjal eða láta uppi efni þess og nefndin telur útilokað að útkljá málefni það, sem til meðferðar er, án þess að skýrsla hans eða upplýsingar um efni skjalsins liggi fyrir, er þá nefndinni heimilt, ef hún telur nauðsyn bera til, að afla sönnunargagna eftir því sem heimilt er skv. 2. mgr. 77. gr. laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991.

□ Sé grunur um refsiverða háttsemi getur nefndin hlutast til um að fram fari opinber rannsókn á þeirri háttsemi.

III. kafli. Úrskurður

Gagnaöflun lokið

14. gr.

■ Þegar aðilar hafa skilað þeim greinargerðum og gögnum, sem þeir eiga kost á, og tjáð sig munnlega um málið, hafi það verið ákveðið, tekur úrskurðarnefndin málið til úrskurðar. Nefndin fjallar um málið á fundum eins og þurfa þykir og til að komast að niðurstöðu.

□ Nefndin skal semja skriflegan og rökstuddan úrskurð um úrlausnarefnið.

Úrskurður

15. gr.

■ Úrskurðarnefndin skal kveða upp úrskurð svo fljótt sem kostur er og að jafnaði innan fjögurra vikna frá því að gagnöflun, sbr. 14. gr., er lokið. Dragist málsmeðferð fyrir nefndinni lengur en ákvæði þessi gera ráð fyrir, svo sem vegna þess að mál er til opinberrar rannsóknar, sem nauðsynlegt er að bíða eftir að ljúki, skal sá dráttur skýrður í álitum nefndarinnar. Tilkynna skal málsaðilum um dráttinn.

□ Þegar nefndarmenn eru ekki sammála ræður meiri hluti niðurstöðu máls en sá sem er í minni hluta skilar séráliti um hana. Forfallist aðalmaður, án þess að ráðrúm gefist til að boða varamann í hans stað, er nefndin engu að síður ályktunarhæf þegar meiri hluti nefndarmanna situr fund. Við þær aðstæður ræður atkvæði formanns úrslitum ef atkvæði falla eitt á móti einu.

□ Þegar úrskurðarnefnd hefur lokið samningu úrskurðar síns skal hún senda hann til málsaðila.

□ Úrskurðum úrskurðarnefndar þjóðkirkjunnar verður ekki skotið til annars stjórnvalds.

Úrræði úrskurðarnefndar

16. gr.

- Úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar eru heimil eftirfarandi úrræði gagnvart prestum, djáknum og öðrum starfs- eða trúnaðarmönnum þjóðkirkjunnar:
 - a. mælt fyrir um að veitt verði áminning, eftir atvikum með skilyrðum eða leiðbeiningum eða nánari fyrirmælum um rétta starfshæðun,
 - b. mælt fyrir um flutning í starfi,
 - c. mælt fyrir um að viðkomandi skuli ekki gegna núverandi starfi eða sambærilegu starfi á kirkjulegum vettvangi um ákveðið tímabil eða til frambúðar,
 - d. mælt fyrir um endanlega brottvikningu viðkomandi úr hvaða starfi sem er á kirkjulegum vettvangi sem valdsvið nefndarinnar nær til.

Framfylgd úrskurða

17. gr.

- Kirkjulegir framkvæmdarvaldshafar skulu framfylgja úrskurðum skv. 16. gr., undir yfirumsjón kirkjuráðs, og fylgjast jafnframt með því að farið sé eftir úrskurðum er snerta starfsemi eða framferði embættis-, starfs- eða trúnaðarmanna.

Birting úrskurða og skýrsluskil

18. gr.

- Úrskurði nefndarinnar skal birta á vef þjóðkirkjunnar. Þeir skulu birtir án nafna, kennitalna og annarra persónugreinanlegra auðkenna. Heimilt er að undanskilja úrskurði birtingu ef sérstök vandkvæði eru á að tryggja persónuvernd.
- Nefndin skal árlega skila ráðherra skýrslu um störf sín og helstu niðurstöður og ályktanir sem draga má af úrskurðum nefndarinnar.

IV. kafli. Ýmis ákvæði.

Vernd persónuupplýsinga og þagnarskylda

19. gr.

- Umvinnslunefndarmanna og starfsmanna og ráðgjafanefndarinnar á persónuupplýsingum fer samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Nefndarmenn eru bundnir þagnarskyldu um allt það sem fram kemur í gögnum sem nefndinni eru látin í té. Sama gildir um þá sem hún kann að kveðja sér til aðstoðar. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

Upplýsingaskylda og gagnaöflun

20. gr.

- Stjórnvöldum þjóðkirkjunnar er skylt að láta úrskurðarnefnd í té öll gögn máls, svo og þær upplýsingar og skýringar sem hún telur nauðsynlegar vegna úrlausnar máls.

Kostnaður

21. gr.

■ Málsaðilar bera sjálfir kostnað sinn vegna meðferðar máls fyrir úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar. Kirkjumálasjóður greiðir kostnað af starfi úrskurðarnefndar auk þóknunar nefndar-manna, sbr. 3. mgr. 3. gr. Heimilt er þó nefndinni að ákveða að annar eða báðir málsaðilar greiði kostnað af starfi nefndarinnar.

Reglugerð og verklagsreglur

22. gr.

■ Ráðherra er heimilt að setja nánari ákvæði um úrskurðarnefndina í reglugerð, þ.m.t. um erindi til nefndarinnar, starfshætti, málsmeðferð, birtingu úrskurða og efni ársskýrslu.
□ Nefndin getur sett sér verklagsreglur þar sem nánar verður kveðið á um störf nefndarinnar. Þær skulu staðfestar af ráðherra.

Gildistaka

23. gr.

■ Lög þessi öðlast gildi

Ákvæði til bráðabirgða

■ Við gildistöku þessara laga skal málum, sem tekin hafa verið til efnismeðferðar eða ákvörðunar um frávísun hjá úrskurðar- eða áfrýjunarnefndum kirkjunnar samkvæmt lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997, lokið fyrir þeim nefndum.

4. og 15. mál kirkjuþings 2017
voru sameinuð og afgreidd með eftirfarandi þingsályktun:

Ályktun
um frumvarp til laga um þjóðkirkjuna (4. mál) og
frumvarp til laga um úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar (15. mál).

Kirkjuþing 2017 samþykkir eftirfarandi ályktun vegna frumvarps til laga um þjóðkirkjuna (4. mál) og frumvarps til laga um úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar (15. mál).

Síðastliðin tíu ár hefur kirkjuþing unnið að samningu frumvarps til nýrra þjóðkirkjulaga er koma skyldu í stað laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997. Mikill þungi hefur verið í starfinu á síðustu missirum eftir að löggjafarnefnd kirkjuþings tók við þessari vinnu. Störfum nefndarinnar er nú svo komið að góður samhljómur er með fulltrúum kirkjuþings um meginatriði frumvarpsins.

Kirkjuþing 2017 lítur svo á að nú sé tímabært fyrir þjóðkirkjuna að fá frekari upplýsingar frá ríkisvaldinu um þær viðræður sem ríkið óskaði eftir við kirkjuna um fjárhagsleg samskipti íslenska ríkisins og íslensku þjóðkirkjunnar. Í því skyni fól kirkjuþing 2015 sérstakri nefnd að annast viðræður af kirkjunnar hálfu við ríkisvaldið um þessi málefni.

Kirkjuþing 2017 ályktar, í ljósi þess sem að framan greinir, að beina því til ríkisvaldsins að ofangreindar viðræður verði leiddar til lykta sem fyrst svo kirkjuþing fái betri yfirsýn um þessi mál. Að þeim viðræðum loknum mun kirkjuþing gera tillögu að frumvarpi til nýrra þjóðkirkjulaga svo leggja megi það fyrir dómismálaráðherra.

Þá vill kirkjuþing 2017 beina því til dómismálaráðherra að hann heimili starfsfólki sínu og kirkjuþings að fjalla um fyrirbyggjandi drög að frumvarpi til þjóðkirkjulaga. Ástæðan er sú að í þessum drögum er gert ráð fyrir að ákvæði núgildandi laga um úrskurðarnefnd - er varða ágreining á kirkjulegum vettvangi - verði færð í sérstakt frumvarp um úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar, en þar yrði nefndarskipan og úrræði nefndarinnar með öðrum hætti en nú.

Þingsályktun um umhverfisstefnu þjóðkirkjunnar

Umhverfisstefna þjóðkirkjunnar

Vísindin hafa fært sönnur á að mannkynið stendur frammi fyrir loftslagsvá sem ógnar lífríki og vistkerfum jarðar og teflir hlutskipti komandi kynslóða í tvísýnu. Fátækt fólk á jaðarsvæðum, frumbyggjar á pólsvæðum og íbúar strandbyggða og lálendra eyja glíma þegar við afleiðingar loftslagsbreytinga. Takist ekki á næstu áratugum að koma fram þeirri umbreytingu sem Parísarsamkomulag þjóðríkja kallaði á árið 2015, blasa við hamfarir um heim allan. Þessi vandi er siðferðilegt málefni sem varðar alla.

Alkirkjuráðið og Lútherska heimssambandið hafa í þrjá áratugi látið loftslagsmál til sín taka. Íslenska þjóðkirkjan er aðili að stefnu þeirra þar sem áréttað er að jörðin sé ekki til sölu. Í henni felst áskorun til safnaða og leiðtoga kirkjunnar um að boða frið við jörðina, hófsaman lífsstíl og réttláta skiptingu jarðargæða. Þar er einnig um að ræða hvatningu til trúmennsku við þá spámannlegu köllun kirkjunnar að benda á óréttlæti, ójöfnuð, félagslega neyð og náttúruspjöll af mannavöldum.

Lífið og tilveran öll er sköpunarverk Guðs. Lífið er heilagt og hefur eigið gildi. Manneskjan er hluti af náttúrunni en ekki yfir hana hafin. Hún ber jafnframt sérstaka ábyrgð vegna stöðu sinnar í sköpunarverki Guðs samkvæmt gyðing-kristinni hefð. Þeirri ábyrgð fylgir sú siðferðilega skylda að hlú að öllu lífi. Hlutverk mannkyns er að yrkja jörðina, vernda hana og næra, og nýta gæði hennar af umhyggju og virðingu með sjálfbærni að leiðarljósi.

Einkennisorð þjóðkirkjunnar eru: Biðjandi, boðandi, þjónandi.

- Við biðjum fyrir því að allir sem á Íslandi búa vakni til vitundar um nauðsyn þess að umbreyta lífsháttum þannig að markmið í loftslagsmálum og náttúruvernd náist.
- Við boðum lífsmáta sem dregur úr losun gróðurhúsalofttegunda, sóun orku og matar og notkun skaðlegra umbúða.
- Við þjónum náttúrunni sem allra best öllum í hag, meðal annars með endurheimt votlendis, skógrækt, landgræðslu og vistvænni starfsemi söfnuða kirkjunnar.

Við sem störfum í kirkjunni viljum taka höndum saman við aðrar hreyfingar og einstaklinga sem láta sig náttúruvernd og baráttuna gegn loftslagsvá varða. Samstillt átak og stuðning almennings þarf til þess að knýja fyrirtæki og stjórnvöld til þess að standa við markmið í loftslagsmálum og náttúruvernd.

Kirkjan lætur sig varða náttúruvernd og sýnir í orði og verki að hún tekur loftslagsmálin alvarlega. Kirkjuráði og umhverfisnefnd kirkjunnar er falið að fylgja umhverfisstefnunni eftir með aðgerða- og starfsáætlun sem sé fjármögnuð. Markmiðið er að vekja starfsólk og söfnuðinn til umhugsunar um náttúruna og náttúruvernd, veita þeim úrræði til að sporna gegn frekari loftslagsbreytingum og til að leggja sitt að mörkum. Atriði í aðgerðaráætlun umhverfismála fyrir árin 2018-2020

Í samræmi við umhverfisstefnu þjóðkirkjunnar samþykkir kirkjuþing eftirfarandi atriði í aðgerðaráætlun umhverfismála 2018-2020:

- Handbók um umhverfisstarf í söfnuðum og kirkjustarfi verði endurnýjuð og birt á vef kirkjunnar, á efnisveitu kirkjunnar.
- Kirkjan stundi siðræn viðskipti með áherslu á hag frumframleiðenda og umhverfisvottaðar vörur.
- Staðið verði fyrir námskeiðum um umhverfismál t.d. vistmenningu, innkaup á vörum og sorpflokkun.
- Efnt verði til samstarfsverkefna með öðrum hreyfingum, stofnunum og einstaklingum sem vinna að umhverfismálum og sjálfbærni.
- Tímabil sköpunarverksins, sem efnt var til í fyrsta sinn sl. haust, verði fest í sessi í september ár hvert, með viðburðum, helgihaldi og fræðslu um umhverfismál, t.d. umhverfisdögum í kirkjum og uppskerumessum.
- Sérstök áhersla verði lögð á umhverfisfræðslu í barna-, og æskulýðsstarfi kirkjunnar, svo og í fermingarstarfi.
- Í samræmi við ályktun frá kirkjuþingi unga fólksins (3. mál 2017) um að einnota plastmálum verði útrýmt úr safnaðarstarfi kirkjunnar, verður notkun einnota plastmála hætt þegar í stað. Notkun annarra einnota áhalda, borðbúnaðar og umbúða í safnaðarstarfi kirkjunnar verði hætt fyrir árslok 2018.
- Efld verði að nýju átaksverkefni og starf í líkingu við Breytendur á vegum Hjálparstarfs kirkjunnar.
- Gert verði sérstakt átak í endurheimt votlendis á kirkju- og prestssetursjörðum með sambærilegum hætti og gert hefur verið í Skálholti. Haldið verði áfram skógrækt og landgræðslu á kirknajörðum með endurnýjuðum krafti.
- Undirbúinn verði farvegur fyrir stærri söfnuði til þess að fá vottun á sjálfbærri starfsemi sinni hjá Umhverfisstofnun.

17. mál kirkjuþings 2017
Flutt af Þjóðmálanefnd

Skýrslur nefnda

Skýrsla Þjóðmálanefndar til kirkjuþings 2017

Þjóðmálanefnd skipa sr. Magnús Erlingsson, Aðalbjörg Helgadóttir, Óskar Magnússon formaður, sr. Gunnlaugur Stefánsson og Ásbjörn Jónsson.

Svo sem fram kom í skýrslu Þjóðmálanefndar til kirkjuþings 2016 lítur nefndi svo á að brýnt sé að innan Þjóðkirkjunnar sé farvegur til þess að fást við umræður um Þjóðkirkjuna á opinberum vettvangi. Nauðsynlegt er að Þjóðkirkjan eigi frumkvæði að því að kynna hið mikla starf sem fram fer innan hennar vébanda og einnig er mikilvægt að til staðar sé þekking og reynsla til að bregðast við þegar á kirkjuna er hallað. Hefur Þjóðmálanefnd lýst þeim vilja sínum að vera leiðandi í þessum efnum, einkum við að koma þessum þætti starfsins fyrir á skilvirkan og traustan hátt innan Þjóðkirkjunnar og tryggja að öflug forystu verði um framgang þessarar mála.

Nefndin hefur ekki fengið formleg viðbrögð við þessum tillögum sínum en ítrekar nú, vilja sinn til að leiða slíkt starf.

Mikilvægt er að snúa vörn í sókn innan kirkjunnar og koma því mikla og óeigingjarna starfi sem þar fer fram á framfæri með kerfisbundnum hætti.

Í því sambandi vill Þjóðmálanefnd leggja til að nú þegar verði gerð úttekt á framlagi og hlutverki kirkjunnar til velferðarþjónustu í Þjóðfélaginu. Velferðarmál hafa verið mjög í brennidepli undanfarin ár en lítil vitneskja á meðal almennings um allt það starf sem fram fer á því sviði á vegum kirkjunnar um land allt. Víst má telja að niðurstöður athugunar af þessu tagi muni vekja mikla athygli og verða kirkjunni mjög til framdráttar. Nefndin er reiðubúin til að bera ábyrgð á athugun þessari en rétt kann að vera að fela óháðri rannsóknarstofnun að annast framkvæmdina og kynna niðurstöður síðan vandlega innan stofnana kirkjunnar og hvarvetna sem hljómgrunn má finna.

18. mál kirkjuþings 2017

Flutt af Kristjáni Val Ingólfssyni, Gísla Jónassyni, Guðbjörgu Arnardóttur,
Drífu Hjartardóttur, Einari Karli Haraldssyni, og Hreini Hákonarsyni

Þingsályktun
um að auka tengsl þjóðkirkjunnar
við samtök evangelískra kirkna í Evrópu GEKE/CPCE

Kirkjuþing 2017 samþykkir að beina því til biskups Íslands að kanna möguleika á auknu samstarfi þjóðkirkjunnar við samtök evangelískra kirkna í Evrópu sem miði að því að kirkjuþing 2018 fái til umfjöllunar og afgreiðslu umsókn um fulla aðild að samtökunum.

Starfsreglur um kjör til kirkjuþings

1. gr.

Kosning til kirkjuþings og fjöldi þingfulltrúa.

- Kosning til kirkjuþings fer fram á fjögurra ára fresti.
- Á kirkjuþingi eiga sæti 29 fulltrúar, 12 vígðir og 17 leikmenn.

2. gr.

Kjördæmi kirkjuþings og skipting fulltrúa.

- Á kirkjuþingi eru þrjú kjördæmi vígðra og níu leikmanna.
- Kjördæmaskipan vígðra og fjöldi fulltrúa er eftirfarandi:
 1. Reykjavíkurbjördæmi: Reykjavíkurbjörfastsdæmi vestra og eystra og Kjalarnesbjörfastsdæmi. Sex fulltrúar og þrír til vara.
 2. Skálholtskjördæmi: Suður-, Vesturlands- og Vestfjarðarbjörfastsdæmi. Þrír fulltrúar og tveir til vara.
 3. Hólakjördæmi: Húnavatns- og Skagafjarðar-, Eyjafjarðar- og Þingeyjar- og Austurlandsbjörfastsdæmi. Þrír fulltrúar og tveir til vara.
- Kjördæmaskipan leikmanna og fjöldi fulltrúa er eftirfarandi:
 1. Reykjavíkurbjörfastsdæmi vestra, 1. kjördæmi. Þrír fulltrúar og tveir til vara.
 2. Reykjavíkurbjörfastsdæmi eystra, 2. kjördæmi. Þrír fulltrúar og tveir til vara.
 3. Kjalarnesbjörfastsdæmi, 3. kjördæmi. Þrír fulltrúar og tveir til vara.
 4. Vesturlandsbjörfastsdæmi, 4. kjördæmi. Einn fulltrúi og tveir til vara.
 5. Vestfjarðarbjörfastsdæmi, 5. kjördæmi. Einn fulltrúi og tveir til vara.
 6. Húnavatns- og Skagafjarðarbjörfastsdæmi, 6. kjördæmi. Einn fulltrúi og tveir til vara.
 7. Eyjafjarðar- og Þingeyjarbjörfastsdæmi, 7. kjördæmi. Tveir fulltrúar og tveir til vara.
 8. Austurlandsbjörfastsdæmi 8. kjördæmi. Einn fulltrúi og tveir til vara.
 9. Suðurbjörfastsdæmi, 9. kjördæmi. Tveir fulltrúar og tveir til vara.

3. gr.

Kosningarréttur vígðra.

- Kosningarrétt til kirkjuþings á hver sá sem vígslu hefur hlotið og er:
 - a. þjónandi prestur eða djákni íslensku þjóðkirkjunnar eða hjá íslenskum söfnuði þjóðkirkjunnar erlendis og er í föstu og launuðu starfi sem slíkur, eða
 - b. þjónandi prestur eða djákni sem lýtur tilsjónar biskups Íslands og er í föstu og launuðu starfi á vegum stofnunar og/eða félagasamtaka hér á landi.
- Prestur eða djákni í tímabundnu leyfi, allt að tveimur árum, nýtur kosningarréttar.

- Prestur sem settur er til þjónustu tímabundið nýtur ekki kosningarréttar nema í þeim tilfellum þar sem ekki er skipaður prestur fyrir.
- Prestur, sem sinnir aukþjónustu, nýtur ekki kosningarréttar fyrir það embætti sem hann sinnir aukþjónustu í.
- Djákni skal vera ráðinn til a.m.k. eins árs eða ótímabundið til að njóta kosningarréttar. Prestur eða djákni sem látið hefur af þjónustu nýtur ekki kosningarréttar.

4. gr.

Kosningarréttur leikmanna.

- Kosningarrétt til kirkjuþings, sem leikmaður, á hver sá sem er:
 - a. aðal- og varamaður í sóknarnefndum í 1., 2. og 3. kjördæmi, sbr. 2. gr.,
 - b. aðalmaður í sóknarnefndum í 4., 5., 6., 7., 8. og 9. kjördæmi, sbr. 2. gr.

5. gr.

Takmörkun á kosningarrétti.

- Biskupar og vígðir starfsmenn á biskupsstofu njóta ekki kosningarréttar. Sama gildir um kennara við guðfræði- og trúarbragðafræðideild Háskóla Íslands.

6. gr.

Viðmið kosningarréttar.

- Miða skal kosningarrétt samkvæmt 3. og 4. gr. við 1. apríl það ár sem kosning fer fram.

7. gr.

Kjörgengi.

- Kjörgengur til kirkjuþings er:
 - a. hver vígður maður sem á kosningarrétt skv. 3. gr.,
 - b. hver leikmaður sem hefur hlotið skírn í nafni heilagrar þrenningar, skráður er í íslensku þjóðkirkjuna, og hefur náð 18 ára aldri.
- Kjörgengisskilyrði skulu vera uppfyllt 1. apríl það ár sem kosning fer fram.

8. gr.

Hvar kosningarréttar og kjörgengis skuli notið.

- Prestur eða djákni sem uppfyllir skilyrði 3. gr. um kosningarrétt, nýtur réttarins og kjörgengis í því kjördæmi sem prófastsdæmi hans tilheyrir, sbr. 2. gr.
- Prestur eða djákni hjá íslenskum söfnuði þjóðkirkjunnar erlendis sem er í föstu og launuðu starfi sem slíkur og uppfyllir skilyrði 3. gr. um kosningarrétt nýtur réttarins og kjörgengis í Reykjavíkurborgkjördæmi.
- Þjónandi prestur eða djákni sem lýtur tilsjónar biskups Íslands og er í föstu og launuðu starfi á vegum stofnunar og/eða félagsamtaka hér á landi og uppfyllir skilyrði 3. gr. um kosningarrétt nýtur kosningarréttar og kjörgengis í því kjördæmi sem prófastsdæmi hans tilheyrir.
- Leikmaður sem uppfyllir skilyrði b. liðar 7. gr. er kjörgengur innan þess kjördæmis sem

lögheimili hans er skráð í Þjóðskrá, sbr. 2. mgr. 7. gr. Leikmaður sem uppfyllir skilyrði 4. gr. um kosningarrétt, nýtur réttarins innan þess kjördæmis sem sókn hans tilheyrir, sbr. 2. gr.

9. gr.

Rafræn kjörskrá.

■ Kjörskrá skal vera rafræn og annast kjörstjórn gerð hennar á grundvelli gagna frá Þjóðskrá Íslands og vinnsluheimilda þaðan ef við á. Kjörskrá skal vera aðskilin frá kosningarhluta kosningakerfisins og þar skulu koma fram upplýsingar um kjördæmi, nafn kjósanda, lögheimili, kennitölu og kyn.

□ Á kjörskrá skal taka þá sem uppfylla skilyrði 3. og 4. gr., sbr. 6. gr. Kjörskrá skal hafa verið gerð þremur vikum áður en kosning hefst.

□ Þegar kjörskrá hefur verið samin skal kjörstjórn auglýsa það á vefsíðu kirkjunnar og í prentuðum dagblöðum. Í auglýsingunni skal tekið fram að þeir sem vilja koma að athugasemdum við kjörskrá skuli senda þær kjörstjórn.

□ Eftir auglýsingu um gerð kjörskrár getur kjósandi kannað á þar til gerðu vefsetri hvort nafn hans er skráð á kjörskrá. Við aðgang að vefsetrinu er notuð almenn innskráningarþjónusta sem kjörstjórn ákveður, s.s. rafræn skilríki eða Íslykill Þjóðskrár Íslands.

□ Kjörskrá skal enn fremur leggja fram á pappír kjósendum til sýnis á biskupsstofu og skrifstofum prófasta.

10. gr.

Leiðréttingar á kjörskrá.

■ Athugasemdir vegna kjörskrár skulu berast kjörstjórn eigi síðar en þremur sólarhringum áður en kosning hefst. Kjörstjórn skal þegar taka til meðferðar athugasemdir sem henni berast vegna kjörskrár og gera viðeigandi leiðréttingar á henni. Kjörstjórn skal í síðasta lagi gera leiðréttingar á kjörskrá, tveimur sólarhringum áður en kosning hefst. Ef kjörstjórn verður þess áskynja að villa hafi átt sér stað við kjörskrárgerðina skal slíkt leiðrétt. Óheimilt er að breyta kjörskrá ef skilyrði skv. 6. gr. hafa ekki verið uppfyllt fyrir þann tíma sem þar greinir.

□ Berist kjörstjórn athugasemd þess efnis að nafn skuli tekið af eða sett á kjörskrá skal það þegar tilkynnt hlutaðeigandi, nema athugasemdin stafi frá honum sjálfum. Skal hlutaðeigandi veittur frestur, eftir því sem tími og atvik leyfa, til að koma að athugasemdum. Kjörstjórn skal þegar í stað tilkynna hlutaðeigandi um niðurstöðu málsins.

□ Kjörstjórn skal fram að þeim degi er kosning hefst leiðréttta kjörskrá ef henni berst vitneskja um andlát manns sem er á kjörskrá.

□ Ákvörðun kjörstjórnar um leiðréttingu á kjörskrá má skjóta til yfirkjörstjórnar þjóðkirkjunnar. Skal niðurstaða yfirkjörstjórnar liggja fyrir ekki síðar en einum sólarhring áður en kosning hefst.

11. gr.

Framboð til kosningar kirkjuþings.

■ Kjörstjórn auglýsir á vefsíðu þjóðkirkjunnar og í prentuðum dagblöðum eigi síðar en 25. febrúar á því ári sem kjósa skal eftir framboðum til kirkjuþings.

- Þeir sem hyggjast bjóða sig fram til kirkjuþings skulu hafa tilkynnt kjörstjórn framboð sitt skriflega eigi síðar en 15. mars það ár sem kjósa skal.
- Kjörstjórn getur óskað eftir því að sá sem hyggst bjóða sig fram, framvísi staðfestingu er sýni kjörgengi hans, sbr. 7. gr.
- Frambjóðendur í hverju kjördæmi skulu ekki vera færri en sem nemur fjölda aðal- og varamanna til samans, annars vegar í kjördæmi vígðra og hins vegar leikmanna.
- Ef ekki berast nægilega mörg framboð skal kjörstjórn svo fljótt sem auðið er gera uppstillingarnefnd kirkjunnar viðvart. Skal uppstillingarnefnd tilnefna þá frambjóðendur sem á vantar. Skal sú tilnefning hafa borist kjörstjórn eigi síðar en 31. mars það ár sem kjósa skal, ásamt samþykki hlutaðeigandi.

12. gr.

Framkvæmd og fyrirkomulag kosningar.

- Atkvæðagreiðsla til kirkjuþings skal vera rafræn.
- Sá einn getur nýtt kosningarrétt sinn sem er skráður á kjörskrá og hefur aflað sér fullnægjandi auðkenningar, sbr. 4. mgr., getur nýtt kosningarrétt sinn.
- Kjörstjórn ákveður nánari framkvæmd kosninganna, en biskupsstofa skal sjá til þess að aðgangur sé tryggur að öruggu kosningakerfi. Tryggt skal að kosningakerfi það sem notað er sé þannig úr garði gert að ekki sé hægt að breyta atkvæði án þess að það sé greinanlegt. Óheimilt er að kanna hvernig kjósandi greiddi atkvæði í kosningakerfinu.
- Við atkvæðagreiðslu skal kjósandi nota almenna innskráningarsþjónustu sem kjörstjórn ákveður, s.s. rafræn skilríki eða Íslykil Þjóðskrár Íslands og skal kjósandi auðkenna sig á fullnægjandi hátt áður en hann greiðir atkvæði.
- Kjósandi greiðir atkvæði á þann hátt að hann merkir við jafn mörg nöfn frambjóðenda, sem nemur fjölda aðalmanna í viðkomandi kjördæmi, og eitt nafn að auki.
- Greiði kjósandi ekki atkvæði á þann hátt sem greinir í 5. mgr. er atkvæði hans ógilt. Sama gildir um autt atkvæði.
- Atkvæðagreiðsla skal fara fram á tímabilinu 1. til 20. maí á því ári sem kjósa skal, en atkvæðagreiðsla skal standa yfir í fimm sólarhringa samfelld.
- Kjörstjórn auglýsir í prentuðum dagblöðum og á vefsvæði þjóðkirkjunnar hvenær kosning hefst og hvenær henni lýkur. Auglýsing skal birt a.m.k. viku áður en kosning hefst.
- Allar upplýsingar um undirbúning og framkvæmd kosninga skulu vera aðgengilegar á vefsíðu þjóðkirkjunnar, á biskupsstofu og hjá próföstum.
- Við framkvæmd og fyrirkomulag kosninga skal eftir því sem við á hafa hliðsjón af lögum um kosningar til Alþingis.

13. gr.

Afkóðun og talning atkvæða.

- Talning atkvæða skal hefjast innan sólarhrings frá lokum kosningar. Áður en talning hefst skulu atkvæðin afkóðuð.
- Aðgengi að dulkóðun kosningakerfisins skal stýrt með tvískiptu leyniorði. Fulltrúi

kjörstjórnar og fulltrúi kirkjuráðs búa til og varðveita hvor sinn helming leyniorðsins meðan kosning varir.

Áður en talning atkvæða hefst koma fulltrúarnir hinu tvískipta leyniorði fyrir í afkóðunarhluta kosningakerfisins.

Að lokinni afkóðun atkvæða í kosningakerfinu skulu atkvæðin talin og niðurstöður kosningarinnar teknar saman í talningarhluta kerfisins.

14. gr.

Niðurstöður kosninga.

■ Þeir, sem flestir merkja við með atkvæði sínu, eru kjörnir aðalmenn í hverju kjördæmi fyrir sig og skal fjöldi atkvæða ráða röðun þeirra. Varamenn eru þeir sem næstir koma að atkvæðum eftir aðalmönnum og skal fjöldi atkvæða ráða röðun þeirra. Hafi tveir eða fleiri hlotið jafnmörg atkvæði og geta ekki báðir eða allir náð kjöri ræður hlutkesti.

Kjörstjórn staðfestir niðurstöður og birtir á vefsíðu þjóðkirkjunnar nöfn þeirra er kjörnir hafa verið svo fljótt sem verða má.

15. gr.

Útgáfa kjörbréfa.

■ Kjörstjórn gefur út kjörbréf til aðalmanna og varamanna og skal röð varamanna greind sérstaklega.

16. gr.

Innköllun varamanna.

■ Ef kirkjuþingsmaður andast á kjörtímabilinu, flyst úr kjördæminu eða forfallast tímabundið eða varanlega, tekur varamaður hans sæti í þeirri röð sem hann er til kjörinn. Hafi kirkjuþingsmaðurinn gegnt embætti forseta kirkjuþings, skal kirkjuþing kjósa til embættisins að nýju.

Varamaður tekur sæti aðalmanns í föstum þingnefndum og þarf ekki að kjósa að nýju um sæti aðalmannsins.

17. gr.

Meðferð gagna eftir að talningu er lokið.

■ Að kærufresti liðnum eða eftir að yfirkjörstjórn hefur kveðið upp úrskurð sinn varðandi kosninguna, hafi hún verið kærð, skal kjörstjórn sjá til þess að öllum atkvæðum, dulkóðuðum og afkóðuðum, rafrænni kjörskrá og afkóðunarlyklum verði eytt úr kosningakerfinu. Kjörstjórn tilkynnir kirkjuráði þegar eyðing gagnanna hefur átt sér stað.

18. gr.

Uppstillingarnefnd.

■ Kirkjuráð skipar uppstillingarnefnd þjóðkirkjunnar. Í uppstillingarnefnd þjóðkirkjunnar eru níu menn einn úr hverju prófastsdæmi. Kirkjuþing kýs í nefndina til fjögurra ára á þriðja reglulega kirkjuþingi eftir síðasta kjör til kirkjuþings. Formaður og varaformaður skulu kosnir sérstaklega úr hópi nefndarmanna.

- Í uppstillingarnefnd skulu hvorki vera kirkjuþingsmenn eða varamenn þeirra né starfsmenn eða embættismenn í föstu, launuðu starfi hjá þjóðkirkjunni.
- Uppstillingarnefnd er ályktunarhæf ef minnst 2/3 nefndarmanna mæta á fund. Nefndinni er heimilt að nota fjarfundarbúnað í störfum sínum.
- Uppstillingarnefnd færir gerðabók þar sem skrá skal meginatriði funda og ákvarðanir.
- Aðsetur nefndarinnar skal vera á biskupsstofu sem sér henni fyrir aðstöðu og þjónustu.
- Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr kirkjumálasjóði.

19. gr.

Kjörstjórn þjóðkirkjunnar.

- Kirkjuráð skipar kjörstjórn þjóðkirkjunnar. Í kjörstjórn eru þrír menn og þrír til vara.
- Kirkjuþing kys tvo kjörstjórnarmenn og tvo varamenn þeirra í þeirri röð sem þeir taka sæti aðalmanns. Kosning til kjörstjórnar fer fram á þriðja reglulega kirkjuþingi eftir síðasta kjör til kirkjuþings. Biskup Íslands tilnefnir formann og varamann hans og skal hann kunngera það á sama kirkjuþingi, en áður en þingið kys til kjörstjórnar.
- Kjörtímabil kjörstjórnar og skipunartími formanns hennar er í fjögur ár frá 1. desember það ár sem þriðja reglulega kirkjuþing eftir síðasta kjör til kirkjuþings er haldið.
- Kjörstjórnarmenn skulu hvorki vera kirkjuþingsmenn eða varamenn þeirra né vera í föstu, launuðu starfi hjá þjóðkirkjunni.
- Kjörstjórn færir gerðabók þar sem skrá skal meginatriði funda, ákvarðanir hennar svo og úrslit kosninga.
- Aðsetur kjörstjórnar er á biskupsstofu. Kjörstjórn velur sér aðstoðarmenn til að annast, á ábyrgð kjörstjórnar, framkvæmd tiltekinna þátta í kosningu til kirkjuþings.
- Kostnaður við störf kjörstjórnar greiðist úr kirkjumálasjóði.

20. gr.

Yfirkjörstjórn þjóðkirkjunnar.

- Kirkjuráð skipar yfirkjörstjórn þjóðkirkjunnar. Í yfirkjörstjórn eru þrír menn og þrír til vara.
- Kirkjuþing kys yfirkjörstjórn þjóðkirkjunnar á þriðja reglulega kirkjuþingi eftir síðasta kjör til kirkjuþings. Formaður skal kosinn sérstaklega og vera löglærður sem og varamaður hans.
- Varamenn skulu kosnir í þeirri röð sem þeir taka sæti aðalmanns. Kjörtímabil yfirkjörstjórnar er í fjögur ár frá 1. desember það ár sem þriðja reglulega kirkjuþing eftir síðasta kjör til kirkjuþings er haldið.
- Yfirkjörstjórnarmenn skulu hvorki vera kirkjuþingsmenn eða varamenn þeirra né vera í föstu, launuðu starfi hjá þjóðkirkjunni.
- Yfirkjörstjórn færir gerðabók þar sem skrá skal meginatriði funda og ákvarðanir.
- Aðsetur yfirkjörstjórnar skal vera á biskupsstofu sem sér nefndinni fyrir aðstöðu og þjónustu.
- Kostnaður við störf yfirkjörstjórnar greiðist úr kirkjumálasjóði.

21. gr.

Kærur til yfirkjörstjórnar.

- Yfirkjörstjórn þjóðkirkjunnar fer með úrskurðarvald í ágreiningsmálum vegna kirkjuþingskosninga.
- Rétt til að kæra kirkjuþingskosningu eiga allir þeir sem nutu kosningarréttar til kirkjuþings og þeir leikmenn sem í kjöri voru en höfðu ekki kosningarrétt.
- Kærur skulu berast kjörstjórn eigi síðar en einni viku eftir að úrslit kosninga liggja fyrir.
- Kjörstjórn skal innan þriggja virkra daga frá móttöku kærunnar senda hana ásamt athugasemdum sínum til yfirkjörstjórnar þjóðkirkjunnar.
- Kæra má til yfirkjörstjórnar:
 - a. ákvarðanir kjörstjórnar vegna kjörgengis- og kjörskrármála,
 - b. framkvæmd kirkjuþingskosninga.
- Yfirkjörstjórn eru heimil eftirfarandi úrræði:
 - a. að fallast á eða synja kröfu manns um kjörgengi,
 - b. að fallast á kröfu eða synja um að tiltekinn maður skuli ekki vera á kjörskrá,
 - c. að staðfesta lögmati framkvæmdar kirkjuþingskosninga, eftir atvikum með athugasemdum,
 - d. að ógilda kosningu tiltekins kirkjuþingsmanns eða kirkjuþingsmanna og leggja fyrir kjörstjórn að endurtaka kosningu í hlutaðeigandi kjördæmi,
 - e. að ógilda tiltekinn þátt eða þætti í framkvæmd kirkjuþingskosninga og leggja fyrir kjörstjórn að endurtaka þann eða þá þætti þannig að niðurstaða fáiist,
 - f. að ógilda kirkjuþingskosningu að öllu leyti og leggja fyrir kjörstjórn að láta kjósa að nýju.

22. gr.

Frávísun kæru.

- Yfirkjörstjórn vísar kæru frá ef:
 - a. kærandi hefur ekki kæruaðild,
 - b. hún er of seint fram komin,
 - c. mál heyrir ekki undir yfirkjörstjórn,
 - d. kröfugerð er óskýr eða vanreifuð þrátt fyrir ábendingar yfirkjörstjórnar.

23. gr.

Úrskurður yfirkjörstjórnar.

- Yfirkjörstjórn þjóðkirkjunnar skal skera úr þeim málum sem fyrir hana eru lögð eins fljótt og auðið er og ekki síðar en sjö virkum dögum eftir að mál berst.
- Niðurstöður yfirkjörstjórnar skulu vera í úrskurðarformi og dregnar saman í úrskurðarorð.

24. gr.

Gildistaka.

- Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 7. mgr. 21. gr. og 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma falla brott starfsreglur um kjör til kirkjuþings nr. 301/2013, með síðari breytingu.

20. mál kirkjuþings 2017
Flutt af kirkjuþingi unga fólksins

**Þingsályktun
um að fulltrúi kirkjuþings unga fólksins hafi styrkari stöðu á kirkjuþingi**

Kirkjuþing 2017 samþykkir að 20. máli verði vísað frá.

21. mál kirkjuþings 2017
Flutt af biskupi Íslands

**Starfsreglur
um breytingu á starfsreglum um
skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007, með síðari breytingum**

1. gr.

■ Mörk Keflavíkursóknar og Ytri-Njarðvíkursóknar, Kjalarnesprófastsdæmi, skulu dregin um miðlínu Þjóðbrautar í Reykjanesbæ frá Reykjanesbraut að Bakkavegi og þaðan út í sjó. Hnitasetning þeirra sóknarmarka er nánar tiltekið sem hér segir:

324934 m	392378 m
325100 m	392585 m
325210 m	392574 m
325313 m	392599 m
325370 m	392641 m
325519 m	392769 m
325627 m	392825 m
325930 m	392828 m
326249 m	392853 m
326535 m	392835 m

2. gr

■ Starfsreglur þessar sem settar eru með heimild í og 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 787/1997 öðlast gildi 30. nóvember 2018.

22. mál kirkjuþings 2017
Flutt af kirkjuráði

Þingsályktun um kaup og sölu fasteigna

Kirkjuþing 2017 heimilar sölu eftirtalinna fasteigna í eigu kirkjumálasjóðs:

Suðurprófastsdæmi

Jörðin Hraungerði og Völi, Flóahreppi
Kirkjubæjarklaustur, lóðir og land prestssetursins.

Kjalarnesprófastsdæmi

Skagabraut 30, sveitarfélaginu Garði

Vesturlandsprófastsdæmi

Laugarbraut 3, Akraneskaupstað

Vestfjarðarprófastsdæmi

Hellisbraut 4, Reykhólum, Króksfjarðarnesi
Miðtún 12, Ísafirði, Ísafjarðarbæ
Árnes I

Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi

Kirkjugötu 13, Hofsósi

Austurlandsprófastsdæmi

Hamrahlíð 12, Vopnafirði
Hraungarður 8, Eiðum

Reykjavíkurprófastsdæmi vestra

Kirkjuhúsið, Laugavegi 31, Reykjavík

Heimildarákvæði um sölu fasteigna gilda fram að kirkjuþingi 2019.

Kjör í nefndir í lok kirkjuþings 2017

Tveir aðalmenn í Jafnréttisnefnd kirkjunnar

Sr. Hildur Björk Hörpudóttir, sem verður formaður
sr. Úrsúla Árnadóttir
sr. Oddur Bjarni Þorkelsson verður aðalmaður

Matsnefnd um hæfni til prestsembættis

Aðalmenn:

Ragnhildur Benediksdóttir, lögfræðingur
Jóhannes Pálmason, lögfræðingur

Varamenn:

Arnfríður Einarsdóttir, héraðsdómari
Anna Mjöll Karlsdóttir, lögfræðingur

19. mál. Starfsreglur um kjör til kirkjuþings, 18. gr.

Uppstillingarnefnd

Reykjavíkurprófastsdæmi vestra

Aðalbjörg Stefanía Helgadóttir

Reykjavíkurprófastsdæmi eystra

Benedikta G Waage

Kjalarnesprófastsdæmi

Elín Jóhannsdóttir

Vesturlandsprófastsdæmi

Arna Einarsdóttir

Vestfirðaprófastsdæmi

Hlynur Hafberg Snorrason

Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi

Jóhanna Magnúsdóttir

Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi

Aðalsteinn Már Þorsteinsson

Austurlandsprófastsdæmi

Ólafur Eggertsson

Suðurprófastsdæmi

Magnús Kristinsson